FRÉTTABLAÐIÐ

175. TÖLUBLAÐ 20. ÁRGANGUR — MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* — MIÐVIKUDAGUR 12. ÁGÚST 2020

Kæling skiptir máli fyrir afla sem færður er að landi. Í gær var Jón Helgi Jónsson að ná sér í ís á Hafnarfjarðarhöfn en hann hélt í nótt til strandveiða á bátnum Díu HF. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Erfiður markaður í miðbænum

Framboð skrifstofuhúsnæðis í miðbænum mun aukast verulega á næstu árum. Flutningur Landsbankans verður stór biti að kyngja fyrir markaðinn. Atvinnuhúsnæði í miðbænum á undir högg að sækja.

VIÐSKIPTI Útlit er fyrir að framboð á skrifstofuhúsnæði í miðborginni muni aukast til muna á næstu þremur árum. Samantekt Markaðarins gefur til kynna að hátt í 44 þúsund fermetrar geti flætt inn á markaðinn.

„Ef við tökum fyrir skrifstofuhúsnæði þá er ljóst að það er mikið framboð að fara að koma inn á markaðinn," segir Þröstur Þórhallsson, fasteignasali hjá Mikluborg. Þá hafi verslunarhúsnæði í miðborginni gefið eftir og víða megi sjá tóma verslunarglugga á Laugaveginum.

Stór hluti af auknu framboði tengist uppbyggingu á nýjum höfuðstöðvum Landsbankans við

» Uppbygging nýs húsnæðis og flutningar ríkisstofnana geta losað um allt að 44 þúsund fermetra í miðborginni á næstu þremur árum.

Austurhöfn. Uppbyggingin gerir bankanum kleift að komast úr 21 þúsund fermetra skrifstofurými í 10 þúsund fermetra og losnar þannig um verulegt rými þegar bankinn flytur starfsemina. Auk þess áformar bankinn að leigja út eða selja frá sér 6.500 fermetra.

Garðar Hannes Friðjónsson, forstjóri Eikar fasteignafélags, segir að gera þurfi skýran greinarmun á skrifstofuhúsnæði í miðbænum og annars staðar. Í heild sinni sé markaðurinn fyrir skrifstofuhúsnæði í góðu standi en miðbærinn eigi undir högg að sækja.

„Þróunin í miðbænum hefur ekki verið góð að vissu leyti. Fólk hefur kvartað yfir framkvæmdum, aðgengi, skorti á bílastæðum og miklum kostnaði við að leggja í miðbænum. Þetta hefur leitt af sér töluverðan flótta úr miðbænum," segir Garðar, sem er þó bjartsýnn á stöðuna í miðbænum til lengri tíma litið.

Tómas Hilmar Ragnarz, framkvæmdastjóri og eigandi Regus, segir að viðhorfsbreytingin gagnvart vinnuaðstöðu starfsfólks sem varð á þessu ári sé komin til að vera í einkageiranum.

„Engin einkafyrirtæki eru að fara að stækka verulega við skrifstofurýmið á næstu misserum. Þessi geiri er búinn að breytast og verður aldrei eins," segir Tómas. Hins vegar ríki gamli hugsunarhátturinn enn hjá hinu opinbera. Þar verði áfram tilhneiging til að sameina stofnanir í risastóru rými.

– þfh / sjá Markaðinn

Ríkisútvarpið vísar ásökunum Samherja á bug

FJÖLMIÐLAR Ríkisútvarpið hafnar alfarið ásökunum Samherja á hendur sér og Helga Seljan fréttamanni. Líkt og greint var frá í blaðinu í gær hefur sjávarútvegsfyrirtækið látið útbúa þætti þar sem fjallað verður um ásakanir á hendur fyrirtækinu, bæði hvað varðar brot á gjaldeyrislögum og meintum mútum í Namibíu.

Í fyrsta þættinum, sem birtur var í gær, var Helgi sakaður um að hafa falsað skýrslu Verðlagsstofu skiptaverðs sem notuð var í Kastljóssþætti árið 2012. Í yfirlýsingu Stefáns Eiríkssonar útvarpsstjóra og Rakelar Þorbergsdóttur fréttastjóra er þessu alfarið hafnað og sagt að útspil Samherja sé atlaga að mannorði Helga. – ab / sjá síðu 4

Veður



Vestlæg eða breytileg átt 3-8 í dag, skýjað með köflum og sums staðar dálitlir skúrir. Vaxandi sunnanátt seinnipartinn og fer að rigna á vestanverðu landinu. Hiti 10 til 17 stig. SJÁ SÍÐU 16

Tilslakanir gætu verið í kortunum

COVID-19 Tilslakanir á sóttvarnaaðgerðum eru boðaðar í minnisblaði Þórólfs Guðnasonar sóttvarnalæknis til Svandísar Svavarsdóttur heilbrigðisráðherra. Minnisblaðið var afhent ráðherra í gær, skömmu fyrir ríkisstjórnarfund.

„Ef að tölur næstu daga sýna áfram að við höfum náð utan um þennan faraldur sem er að ganga, þá held ég að við getum slakað á frekar í takmörkunum hér innanlands," sagði Þórólfur á upplýsingafundi almannavarna í gær.

Gefi tölur næstu daga tilefni til, er mögulegt að slakað verði frekar á takmörkunum.

Þórólfur leggur meðal annars til að áfram verði hundrað manna samkomubann í landinu en slakað verður á tveggja metra reglunni innan skólaveggja, þar sem lagt er til að að minnsta kosti einn metri aðskilji nemendur.

Hann telur þó enn brýnt að skimað verði á landamærum til að koma í veg fyrir útbreiðslu smits á landinu. „Við höfum lært að það er nóg að aðeins einn smitaður einstaklingur komi hingað til lands til að setja af stað hópsýkingu, með alvarlegum afleiðingum."

Í gær var tilkynnt um þrjú virk smit á landamærunum en ekkert innanlandssmit. Þrír hafa að undanförnu verið útskrifaðir af Landspítala og þar liggur nú aðeins einn einstaklingur vegna COVID-19.

Grænlensk stjórnvöld tilkynntu í gær breyttar reglur varðandi komur ferðamanna frá Íslandi og Færeyjum sem hingað til hafa getað komist óhindrað inn í landið. Framvegis verður gerð krafa um sóttkví fyrir þá sem koma frá þessum löndum.

– sar, kdi

Það styttir alltaf upp

Það var fremur hryssingslegt veður í höfuðborginni í gær og ekki laust við að margt minnti á að senn færi sumri að halla. Það eru þó ótímabærar hugleiðingar því spáð er að veður lagist í borginni í dag, eins og fram kemur hér að neðan. Það fer þó ekki hjá því að senn styttist í að haustið gangi í garð. Veðrið lék hins vegar við þá sem staddir voru annars staðar á landinu, svo sem á Norðurlandi og ekki síður á Austurlandi. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Búast má við að þorni til í dag

VEÐUR Í gærkvöld og nótt dró úr vætunni á sunnan- og vestanverðu landinu en mikið hefur rignt þar undanfarna daga. Í athugasemd veðurfræðings hjá Veðurstofunni segir þó að áfram megi búast við vatnavöxtum á Vesturlandi þrátt fyrir að dragi úr vatnsveðri.

Vegna mikillar úrkomu undanfarið sé vatnsstaða í ám og lækjum há og búast megi við að nokkurn tíma taki að sjatna í þeim. Er ferðafólk hvatt til að sýna sérstaka aðgát við vatnsföll og vöð.

Þá er bent á að aðstæður sem þessar geti aukið líkur á grjóthruni og skriðuföllum í bröttum hlíðum.

Seint í kvöld er svo búist við hvössum vindstreng á norðanverðu Snæfellsnesi þar sem staðbundnar hviður gætu náð allt að 30 metrum á sekúndu. Bent er á að slíkur vindur geti verið varasamur, ekki síst fyrir ökutæki sem eru viðkvæm fyrir vindi, til dæmis húsbílar og ferðavagnar ýmiss konar. **– sar**

Nýsköpunarkeppni um umhverfismál

Rúmlega hundrað manns hafa skráð sig í nýsköpunarkeppnina Gagnaþon fyrir umhverfið, þar sem þátttakendur keppast við að koma með og þróa lausnir í umhverfismálum. Segja að þetta sé tækifæri til að kynnast nýsköpun.

UMHVERFISMÁL Nýsköpunarkeppnin Gagnaþon fyrir umhverfið hefst í dag en keppnin snýst um að biðja þátttakendur um að þróa lausnir sem eru umhverfinu til góða. Keppnin er hluti af nýsköpunarstefnu ríkisins, Nýsköpunarstefna fyrir Ísland, og er markmiðið að vekja athygli á opinberum gögnum sem eru aðgengileg almenningi.

Kristjana Björk Barðdal, verkefnisstjóri hjá Nýsköpunarmiðstöð Íslands, segir að þátttakendur hafi frekar frjálsar hendur í keppninni en rúmlega 100 manns hafa þegar skráð sig. Keppt er í þremur flokkum og getur fólk því keppt í þeim flokki þar sem hæfileikar þess liggja helst.

„Þú getur gert hvað sem er, eina sem er nauðsynlegt er að þetta þarf að tengjast umhverfinu og þú þarft að nota gagnasett," segir Kristjana og vísar til þess að hægt sé að nota ýmis gagnasett, til að mynda frá Þjóðskrá, Reykjavíkurborg, Umhverfisstofnun eða öðrum opinberum stofnunum.

Þátttakendur geta nýtt settin meðal annars til að þróa vefsíður eða smáforrit en einnig er hægt að koma með hugmyndir sem gætu gagnast umhverfinu sem og hugmyndir að endurbótum. Peningaverðlaun eru veitt fyrir bestu hugmyndina, bestu endurbættu lausnina og besta gagnaverkefnið, en í síðasta flokknum er nauðsynlegt að þróa eitthvað, til að mynda forrit eða vefsíðu.

Setningarathöfn fer fram síðar í dag þar sem Guðmundur Ingi Guðbrandsson, umhverfis- og auðlindaráðherra, opnar viðburðinn. Þátttakendur skiptast í tveggja til fimm manna teymi og munu teymin síðan þurfa að kynna sínar lausnir fyrir dómnefnd 24. ágúst næstkomandi en verðlaunaafhendingin fer síðan fram 26. ágúst. Allir þættir viðburðarins fara fram á netinu vegna aðstæðna í samfélaginu.

Viðfangsefnið þarf að tengjast umhverfinu. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

Þetta er opið öllum og við erum bæði með þetta á íslensku og ensku.

Kristjana Björk Barðdal

„Þetta er opið öllum og við erum bæði með þetta á íslensku og ensku," segir Kristjana og bætir við að allir séu hvattir til þess að taka þátt óháð kyni eða bakgrunni. Gagnaþonið stendur yfir í viku og meðan á því stendur verður boðið upp á beinar útsendingar þar sem þátttakendur eru hvattir til að spyrja spurninga, auk þess sem boðið verður upp á fyrirlestra þar sem farið verður yfir ýmis málefni.

„Við erum líka með leiðbeinendur sem koma úr atvinnulífinu og háskólasamfélaginu sem eru til staðar í gegnum ferlið til þess að hjálpa fólki," segir Kristjana. „Þannig að þetta er frábær staður til þess að kynnast fólki sem er í nýsköpun, þessir leiðbeinendur eru alltaf að leita að hæfileikaríku fólki og það að kynna lausnina sína þarna er náttúrulega bara mjög gott tækifæri." **fanndis@frettabladid.is**

HÁÞRÓAÐ LOFTHREINSITÆKI

Háþróað lofthreinsitæki frá TruSens fyrir heimili og vinnurými

Tækin eru með DuPont síum sem dregur úr mengunarefnum í lofti og bætir loftgæði rýmisins

Öll tækin eru með Hepa filter og Carbon filter

UV ljós sem drepur sýkla og bakteríur sem festast í síunni

Hringur við stjórnborð tækisins breytir um lit eftir gæðum loftsins

PureDirect tækni sem dreifir lofti með áhrifaríkum hætti

Hreinsar loftið tvisvar sinnum á hverjum klukkutíma
(*mismunandi eftir stærð rýma*)

Tímastillir 2,4,8 eða 12 tímar

Mismunandi hraðastillingar

Úrval aukahluta

NÝ VARA!

TruSens

LEITZ

DUPONT

KANNAÐU FYRIR KAUP OG FÁÐU LÁNAÐ!

Lofthreinsitæki TruSens Z-3000
TILBOÐSVERÐ: 61.454.-
Verð áður: 72.299.-

Lofthreinsitæki TruSens Z-2000
TILBOÐSVERÐ: 43.859.-
Verð áður: 51.599.-

Lofthreinsitæki TruSens Z-1000
TILBOÐSVERÐ: 24.479.-
Verð áður: 28.799.-

Skoðaðu úrvalið á www.penninn.is eða hafðu samband í síma 540-2050.

Framúrskarandi fyrirtæki 2019

Austurstræti 18
Skólavörðustíg 11
Laugavegi 77
Hallarmúla 4
Álfabakka 16, Mjódd

Kringlunni norður
Kringlunni suður
Smáralind
Hafnarfirði - Strandgötu 31
Keflavík - Krossmóa 4

Akureyri - Hafnarstræti 91-93
Akranesi - Dalbraut 1
Ísafirði - Hafnarstræti 2
Vestmannaeyjum - Bárustíg 2
Húsavík - Garðarsbraut 9

PENNINN Eymundsson

540 2000 | penninn@penninn.is | www.penninn.is | www.eymundsson.is

Vöruúrval mismunandi eftir verslunum. Gildistími tilboðsverða er til og með 17. ágúst eða meðan birgðir endast. Upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur og myndabrengl.

Vona að viðgerð á glænýjum dráttarbát ljúki fyrir lok mánaðarins

SJÁVARÚTVEGUR Hinn glænýi dráttarbátur Faxaflóahafna, Magni, hefur undanfarnar vikur verið í slipp í Rotterdam í Hollandi.

Báturinn kom til landsins í febrúarlok og var kynntur til leiks sem öflugasti og fullkomnasti dráttarbátur landsins enda var kaupverð hans rúmur 1 milljarður króna. Fljótlega kom þó í ljós að ekki væri allt með felldu varðandi virkni bátsins og ýmis vandamál komu upp varðandi aðalvél hans og spilið, sem eðli málsins samkvæmt er grundvallaratriði að sé í lagi hvað dráttarbáta varðar.

„Spilið var í ólagi auk þess sem röng olía var notuð á bátinn þegar honum var siglt til Íslands. Því þarf að hreinsa alla tanka og lagnir bátsins," segir Gísli Gíslason, fráfarandi hafnarstjóri Faxaflóahafna.

Gísli Gíslason er fráfarandi hafnarstjóri Faxaflóahafna sem á Magna.

Magni var smíðaður af hollenska fyrirtækinu Damen í skipasmíðastöð þess í Hi Phong í Víetnam. Áhöfn frá skipasmíðastöðinni sigldi bátnum frá Víetnam til Reykjavíkur og því voru mistök á hennar ábyrgð.

„Faxaflóahafnir munu ekki bera neinn kostnað af þessum mistökum né göllum á skipinu," segir Gísli. Þessi uppákoma hafi verið afar bagaleg en að tímasetningin hafi verið huggun harmi gegn enda er minna um stórar skipakomur á tímum kórónaveirufaraldursins auk þess sem meiri þörf er á öflugum dráttarbát að vetri til.

Gísli segir að viðgerð bátsins eigi að ljúka í ágúst og hann verði vonandi kominn til landsins fyrir ágústlok.

– þþ

Segist líka hafa fengið gögnin í sínar hendur

SJÁVARÚTVEGUR Guðmundur Ragnarsson, fyrrverandi formaður Félags vélstjóra og málmtæknimanna, segist hafa fengið sömu gögn í hendur og Helgi Seljan byggði umfjöllun sína á um hugsanleg lögbrot Samherja árið 2012. Þetta kom fram á vef Stundarinnar.

Í umfjöllun Helga á sínum tíma, sem sjónvarpað var í Kastljóssþætti á RÚV, kom fram að gögnin hafi verið tekin saman á Verðlagsstofu skiptaverðs á sínum tíma.

Á forsíðu Fréttablaðsins í gær hélt Þorsteinn Már Baldvinsson því hins vegar fram að umrædd gögn hefðu verið fölsuð. Samkvæmt samskiptum Samherja við starfsmann Verðlagsstofu í apríl á þessu ári, hefði komið fram að engar upplýsingar væru fyrir hendi um að gögnin hefðu verið tekið saman þar.

Guðmundur Ragnarsson

Vísaði Þorsteinn í umfjöllun Samherja í sérstökum þætti sem birtur var á Youtube þar sem ljósi var varpað á þessa hlið, að sögn Þorsteins. Er það mat Þorsteins að umfjöllun Helga og meint gagnafölsun hafi orðið að kveikjan að umfangsmikilli gjaldeyrisrannsókn Seðlabankans á fyrirtækinu.

Auk fullyrðinga Guðmundar Ragnarssonar, birti RÚV harðorða yfirlýsingu þar sem árás Samherja á æru og trúverðugleika Helga Seljan var fordæmd. Í yfirlýsingunni var því einnig vísað alfarið á bug að gögnin hafi verið fölsuð. Samherji brást strax við yfirlýsingunni með því að krefjast þess að gögnin yrðu gerð opinber til þess að varpa ljósi á málið.

– þþ

Vísa ásökunum Samherja á bug

Ríkisútvarpið hafnar alfarið ásökunum Samherja um að fölsuð gögn hafi verið notuð við vinnslu Kastljóssþáttar um Samherja árið 2012. Þingmaður segir áhyggjuefni ef fyrirtæki fara sömu leið og Samherji.

FJÖLMIÐLAR Ríkisútvarpið hafnar alfarið ásökunum Samherja á hendur sér og Helga Seljan fréttamanni um að fölsuð gögn hafi verið notuð við vinnslu Kastljóssþáttar um Samherja árið 2012. Líkt og Fréttablaðið greindi frá í gær hefur Samherji látið útbúa þætti á myndbandaveitunni YouTube, fyrsti þátturinn var sýndur í gær en þar var því haldið fram að Helgi hefði á einn eða annan hátt falsað skýrslu Verðlagsstofu skiptaverðs við gerð Kastljóssþáttarins.

Helgi segir í yfirlýsingu að skýrslan hafi verið gerð af þáverandi forstjóra Verðlagsstofu. „Það, hvers vegna núverandi starfsmaður Verðlagsstofu hafnar því núna, 8 árum eftir birtingu þess í sjónvarpi, að það hafi verið gert, er með nokkrum ólíkindum, þó ekki sé fastar að orði kveðið," segir í yfirlýsingu Helga.

Þá sé það alrangt að átt hafi verið við skjalið eða því breytt. „Sundurklippt ummæli um að átt hafi verið við skjalið, vísa eingöngu til þess að áður en það var birt voru persónugreinanlegar upplýsingar, sem hefðu getað vísað á heimildarmann, afmáðar af því. Það að snúið sé út úr því með þeim hætti sem gert er, segir alla söguna um raunverulegan tilgang þessarar myndbandagerðar Þorsteins Más og félaga."

Verðlagsstofa hafi ekki viljað staðfesta neitt opinberlega en það þýði ekki að skýrslan hafi ekki verið unnin. Vísar Helgi þá í bréf starfsmanna Verðlagsstofu til stjórnar stofnunarinnar. „Þar er jafnframt staðfest að „mál" tengt Samherja sé til skoðunar innan stofnunarinnar og áhersla lögð á að þögn ríki um málið af hendi stjórnarinnar, enda geti annað orðið til að „tefja og jafnvel skaða mál sem eru til rannsóknar/meðferðar hjá Verðlagsstofu og úrskurðarnefnd"." Þá hafi Seðlabankinn fengið afrit af skýrslunni.

Í þættinum er rætt við Jóhannes Pálsson, fyrrverandi framkvæmdastjóra hjá Síldarvinnslunni, sem segir að Helgi hafi talað um að „taka niður" Þorstein Má Baldvinsson, forstjóra Samherja, í janúar 2012.

Þorsteinn Már Baldvinsson, forstjóri hefur boðað frekari umfjöllun um Ríkisútvarpið. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

> **Þetta er því miður þekkt víða um heim og getur verið stórhættulegt og aðför að fréttamennsku og lýðræðinu.**
>
> Kolbeinn Óttarsson Proppé, þingmaður Vinstri grænna

Þetta segir Helgi alrangt og þar sem augljós tengsl séu milli Jóhannesar og Þorsteins sé það galið að hann hafi talað á þann hátt. „Samtal okkar Jóhannesar í umrætt sinn sneri að hvort hann hefði í störfum sínum fyrir Síldarvinnsluna orðið var við að afurðakaup Samherja af skipum Síldarvinnslunnar færu fram á lægra verði en gekk og gerðist, eins og frásagnir sjómanna fyrirtækisins og kvartanir til Verðlagsstofu sögðu til um," segir Helgi.

Hann segir tilganginn með þætti Samherja tvíþættan, annars vegar að hafa æruna af blaðamönnum og hins vegar að dreifa athyglinni frá rannsókn héraðssaksóknara á Samherja vegna meintrar mútustarfsemi í Namibíu. Félag fréttamanna sendi frá sér yfirlýsingu í gær þar sem Samherji er harðlega gagnrýndur.

Kolbeinn Óttarsson Proppé, þingmaður Vinstri grænna, segir það gagnrýnivert af hálfu Samherja að beina spjótum sínum að Helga. „Ég get ekki betur séð en að þarna séu auðmenn að nýta fjármagn sitt í persónulega herferð gegn nafngreindum fréttamanni. Þetta er því miður þekkt víða um heim og getur verið stórhættulegt og aðför að fréttamennsku og lýðræðinu," segir Kolbeinn.

Hann segir þáttinn ekki réttu aðferðina til að gagnrýna fréttaflutning. „Við höfum sem réttarríki búið til kerfi. Stjórnendur Samherja kjósa að fara ekki eftir því, heldur nýta sér fjármagn sitt á þennan hátt. Það er gríðarlegt áhyggjuefni ef þetta verður einhvern lenska."

arib@frettabladid.is

VP Múrari ehf

Flísalögn, múrviðgerðir og alhliða málningavinna innan og utanhús.

Parketlögn og fleira.

Leitaðu verðtilboða þér að kostnaðarlausu

Sími 766-3597 – vpmurari@gmail.com

Gæsluvarðhald í brennumáli framlengt

LÖGREGLUMÁL Héraðsdómur Reykjavíkur úrskurðaði í gær mann á sjötugsaldri í fjögurra vikna áframhaldandi gæsluvarðhald vegna brunans á Bræðraborgarstíg í lok júní síðastliðins. Rökstuddur grunur er um að eldurinn hafi kviknað af mannavöldum.

Að því er kemur fram í tilkynningu frá lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu verður maðurinn í gæsluvarðhaldi til 8. september næstkomandi en hann hefur verið í gæsluvarðhaldi frá 26. júní vegna gruns um aðild að eldsvoðanum.

Lögreglan greindi frá því í síðustu viku að rannsókn á brunanum við Bræðraborgarstíg miðaði vel og hún væri langt komin. Alls létust þrír í brunanum.

Maðurinn var handtekinn sama dag og bruninn átti sér stað en málið er rannsakað sem manndráp af ásetningi. Þá er maðurinn einnig grunaður um brot gegn valdstjórninni, að hafa valdið eldsvoða sem hafði í för með sér almannahættu og hafa stofnað lífi annarra í hættu.

Þrír létust í brunanum á Bræðraborgarstíg í lok júní. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

> **Rannsókn brunans miðar vel og er langt komin.**

– fbl

Bókaðu þinn tíma

Bókaðu tíma á einfaldan hátt á vef Íslandsbanka og við höfum samband og aðstoðum þig símleiðis.

Ef erindið krefst afgreiðslu í útibúi bókum við fund í kjölfarið og tökum vel á móti þér á tíma sem þér hentar.

Þú bókar tíma á islandsbanki.is/radgjof

Ráðgjafaverið er opið frá kl. 9:00 til 16:00 og netspjallið frá kl. 9:00 til 18:00, alla virka daga.

Við minnum á Íslandsbankaappið og netbanka fyrir einfaldari og þægilegri bankaviðskipti.

Eldri borgarar geta hringt í 440-3737 fyrir alla helstu bankaþjónustu.

Pútín heldur því fram að nýtt bóluefni við COVID-19 sé öruggt

RÚSSLAND Vladimír Pútín Rússlandsforseti hefur tilkynnt að vísindamenn í landinu séu búnir að þróa bóluefni við COVID-19. „Í fyrsta sinn í heiminum höfum við skráð nýtt bóluefni gegn nýju kórónaveirunni í morgun," sagði Pútín í sjónvarpsútsendingu frá ríkisstjórnarfundi í gær.

Bóluefnið ber nafnið Spútnik, eftir fyrsta gervihnettinum sem skotið var upp af Rússum á sjötta áratugnum. Alls stendur til að bólusetja milljónir Rússa, en byrjað verður að bólusetja heilbrigðisstarfsfólk í lok mánaðarins.

Bóluefnið á eftir að fara í gegnum þriðja stig prófana þar sem áhrif þess eru rannsökuð á stóran hóp. Margir vísindamenn hafa sett stórt spurningarmerki við hvort Rússar séu að hlaupa á sig með því að ætla að bólusetja almenning með bóluefni sem hefur ekki staðist allar prófanir: „Þetta kallast að breyta reglunum. Þetta er að stytta sér leið," sagði J. Stephen Morrison hjá hugveitunni CSIS, við Washington Post.

Pútín greindi frá samþykkt bóluefnisins í gær. MYND/EPA

Pútín segir að tilraunir við Gamaleya-stofnunina í Moskvu hafi leitt í ljós að bóluefnið sé öruggt og veiti langvarandi vörn gegn veirunni. „Dóttir mín sprautaði sig sjálf. Eftir sprautuna fór hitinn hennar upp í 38 gráður, daginn eftir var hitinn rétt yfir 37 gráðum," sagði Pútín.

Áhyggjur af bóluefninu eru einnig til staðar innan Rússlands. Samband klíníska rannsakenda í Rússlandi sendi bréf til heilbrigðisyfirvalda þar sem þau eru vöruð við því að notkun þess á þessu stigi geti verið hættuleg. „Þetta er Pandórubox og við vitum ekkert hvað getur gerst þegar fólk er sprautað með óprófuðu bóluefni," sagði Svetlana Zavidova yfirmaður sambandsins við Bloomberg. **– ab**

Náðu sátt um vinnutímann

DANMÖRK Sjö ára deilum sveitarfélaga og grunnskólakennara í Danmörku um vinnutíma er loks lokið. Landssamband sveitarfélaga og danska Kennarasambandið náðu samkomulagi um málið í gær, en kennarar eiga eftir að greiða atkvæði um það.

Árið 2013 var ráðist í umfangsmiklar umbætur á danska grunnskólakerfinu. Ekki náðist hins vegar sátt um breytingar á vinnufyrirkomulagi og gripu sveitarfélög til þess ráðs að setja verkbann á kennara. Þingið leysti svo úr flækjunni með því að binda vinnutíma kennara í lög.

Samkomulagið sem náðist í gær gerir það hins vegar að verkum að vinnutími verður aftur samkomulagsatriði milli samtaka kennara og sveitarfélaganna.

Pernille Rosenkrantz-Theil menntamálaráðherra segir það gríðarlega mikilvægt fyrir skólakerfið og kennara að samkomulag hafi náðst. Það hafi aldrei verið meiningin að binda vinnutímann í lög.

Í fréttatilkynningu frá Kennarasambandinu segir að samkomulagið feli í sér nýjar leiðir til að semja um vinnutíma. Nú verði kennurum tryggð aðkoma að ákvörðunum um hvernig sveitarfélög og skólar forgangsraða vinnutíma þeirra. **– sar**

Óeirðalögregla handtekur mann á minningarathöfn í Minsk þar sem mótmælanda sem lést í átökum við lögreglu var minnst. MYND/GETTY

Skora á Hvít-Rússa að virða mannréttindi

UTANRÍKISMÁL Utanríkisráðherrar Norðurlandanna og Eystrasaltsríkjanna skora á yfirvöld í Hvíta-Rússlandi að hætta ofsóknum á hendur stjórnarandstæðingum í landinu og að virða frelsi og mannréttindi.

Þetta kemur fram í sameiginlegri yfirlýsingu þeirra sem send var út í gær. Ráðherrarnir lýsa sérstökum áhyggjum af ofbeldi gagnvart mótmælendum sem safnast hafa saman í kjölfar forsetakosninga sem fram fóru síðastliðinn sunnudag. Í yfirlýsingunni segir að kosningarnar hafi hvorki farið fram í samræmi við alþjóðlegar skuldbindingar Hvíta-Rússlands né staðist alþjóðleg viðmið um lýðræði og réttarríki.

Alexander Lukashenko, sem verið hefur forseti síðustu 26 árin, var samkvæmt opinberum tölum endurkjörinn með tæplega 80 prósentum atkvæða. Helsti keppinautur hans, Svetlana Tikhanovskaya, hlaut tæp sjö prósent. Hún flúði til Litháen á mánudag en í myndbandi á YouTube segist hún hafa gert það barna sinna vegna. **– sar**

Áætla um 20 milljarða tekjur af erlendum ferðamönnum

Þrefalt fleiri Danir heimsóttu Ísland síðastliðinn júlí en á sama tíma í fyrra. Yfir 45.000 erlendir ferðamenn heimsóttu Ísland í síðasta mánuði. Samtök ferðaþjónustunnar áætla að gjaldeyristekjur af erlendum ferðamönnum í sumar verði rúmlega 20 milljarðar króna. Óvissa ríkir um fjölda ferðamanna í ágúst.

FERÐAÞJÓNUSTA Gjaldeyristekjur Íslands af erlendum ferðamönnum frá 15. júní til dagsins í dag eru á bilinu tólf til fjórtán milljarðar króna, samkvæmt Samtökum ferðaþjónustunnar (SAF). Hagfræðilegar greiningar SAF áætla að frá 15. júní til loka ágúst verði gjaldeyristekjur af erlendum ferðamönnum á bilinu 20 til 23 milljarðar króna.

„Það eru um það bil níu milljarðar í gjaldeyristekjur í júlí sem eru að koma inn sem neyslu- og fargjaldatekjur," segir Jóhannes Þór Skúlason, framkvæmdastjóri SAF.

Ferðamálastofa áætlar að rúmlega 60.000 erlendir ferðamenn muni heimsækja Ísland í ágúst. „Þeir verða líklega færri en við áttum okkur ekki almennilega á hversu mikið færri en ef það verður svipað og í júlí þá eru það aðrir níu til tíu milljarðar," segir Jóhannes.

Hann segir ljóst að hefðu allir sem kæmu til landsins þurft að fara í fjórtán daga sóttkví hefði verið hægt að loka allri ferðaþjónustu fyrir erlenda ferðamenn. „Þá værum við að horfa upp á 30 til 40 milljarða að minnsta kosti af gjaldeyristekjum, sem koma þá ekki inn í landið eða fyrirtækin í landinu á þessu ári," segir Jóhannes.

Brottfarir erlendra farþega frá landinu um Keflavíkurflugvöll voru 45.600 í nýliðnum júlí samkvæmt talningu Ferðamálastofu og Isavia, eða 80,3% færri en í júlí í fyrra, þegar þær voru um 231 þúsund talsins. Danir voru fjölmennastir í júlí eða ríflega fimmtungur brottfara og fjölgaði þeim um þriðjung frá júlí í fyrra. Næstfjölmennastir voru Þjóðverjar (20,2%) en þeir voru ríflega helmingi færri en í fyrra.

Spurður um hversu mörg störf til viðbótar hefðu tapast ef landamæri landsins hefðu ekki verið opnuð 15. júní, segir Jóhannes ómögulegt að áætla það. „Við teljum hins vegar að það sé alveg ljóst að staða fjölmargra fyrirtækja hefði verið miklu verri núna í sumar og eftir sumarið heldur en hún er. Það sem hefur gerst í sumar er að innlendi markaðurinn hefur haft áhrif og síðan höfum við verið að fá um 20% af fjöldanum sem við vorum að fá inn í fyrra af erlendum ferðamönnum." Jóhannes segir að það gefi auga leið að þau fyrirtæki sem berjast í bökkum eigi nú meiri möguleika á að halda starfsfólki yfir veturinn. „Það má ekki gleyma því að fjöldi fyrirtækja í ferðaþjónustunni getur ekki nýtt innlenda markaðinn. Menn horfa alltaf á hótel og veitingar og það eru greinar sem geta nýtt sér innlenda markaðinn ágætlega en hópferðabílar, bílaleigubílar ferðaþjónustuskrifstofur eru dæmi um fyrirtæki sem eiga enga eða minni möguleika að nýta sér innanlandsmarkaðinn að sama marki," segir Jóhannes.

Jóhannes Þór Skúlason, framkvæmdastjóri SAF, segir að ef allir ferðamenn hefðu þurft að fara í 14 daga sóttkví hefði Ísland tapað um 30 til 40 milljörðum í gjaldeyristekjur á árinu. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK.

> **Ferðaþjónustan er ekkert annað en fólkið sem vinnur í þessari grein og það eru 25 þúsund manns sem hafa beina atvinnu af henni.**
>
> Jóhannes Þór Skúlason

Hann telur mikilvægt fyrir umræðuna í samfélaginu að hætta að setja hagsmuni ferðaþjónustunnar upp á móti hagsmunum samfélagsins. „Ferðaþjónustan er ekkert annað en fólkið sem vinnur í þessari grein og það eru 25 þúsund manns sem hafa beina atvinnu af henni og sennilega um 10 til 15 þúsund í viðbót sem hafa óbeina atvinnu af henni. Síðan hefur hún áhrif á verslun og þjónustu og alls konar um allt land," segir Jóhannes. **mhj@frettabladid.is**

Kamala Harris verður varaforsetaefni Joe Biden

BANDARÍKIN Joe Biden, forsetaframbjóðandi Demókrataflokksins í Bandaríkjunum, tilkynnti í gær að Kamala Harris yrði varaforsetaefni sitt. Forsetakosningar fara fram þann 3. nóvember næstkomandi.

Harris er 55 ára og er öldungadeildarþingmaður Kaliforníuríkis. Hún þótti líklegust til að verða fyrir valinu hjá Biden, sem hafði tilkynnt að hann myndi velja konu.

Harris er aðeins þriðja konan í sögunni til að verða varaforsetaefni hjá stóru flokkunum tveimur. Geraldine Ferrano var varaforsetaefni Walter Mondale 1984 og Sarah Palin hjá John McCain 2008. Harris getur orðið fyrsti kvenkyns varaforsetinn, því bæði Mondale og McCain töpuðu í kosningunum. Sjálf tók Harris þátt í forvali Demókrataflokksins fyrir forsetakosningarnar, en hún dró framboð sitt til baka í desember á síðasta ári. Þrátt fyrir að hafa deilt nokkuð við Biden meðan á forvalinu stóð lýsti Harris síðar yfir stuðningi við hann.

Þau Biden og Harris munu halda ávörp á samkomu í Wilmington í Delaware í dag. Strax eftir að Biden tilkynnti um val sitt á Twitter fóru að berast stuðningsyfirlýsingar við Harris. Bæði frá konum sem einnig komu til greina eins og Stacey Abrams og Gretchen Whitmer, en einnig frá Bill Clinton og Nancy Pelosi. **– sar**

Biden og Harris eftir kappræður í forvali demókrata í fyrra. MYND/GETTY

ÚTSALAN ER HAFIN

ÚTSALA 20-70% AFSLÁTTUR

SÝNINGARRÚM
20-50%
AFSLÁTTUR

SÓFAR
20-70%
AFSLÁTTUR

HÆGINDA STÓLAR
20%
AFSLÁTTUR

SÝNINGAR HÚSGÖGN
20-50%
AFSLÁTTUR

Vogue
FYRIR HEIMILIÐ

VOGUE FYRIR HEIMILIÐ | SÍÐUMÚLI 30 - REYKJAVÍK | HOFSBÓT 4 - AKUREYRI | 533 3500 | VOGUE.IS

Staðið í röð

Íbúar í Hong Kong tóku daginn snemma í gær og stóðu margir í röð til að kaupa dagblaðið Apple Daily News. Eigandi blaðsins, Jimmy Lai, var handtekinn í fyrradag á grundvelli umdeildra laga um þjóðaröryggi. Blaðið, sem styður lýðræðisumbætur í Hong Kong, var prentað í hálfri milljón eintaka í gær, en upplagið er vanalega hundrað þúsund. MYND/GETTY

Írönskum stjórnvöldum mótmælt í Berlín fyrr í sumar. MYND/GETTY

Fimm handteknir fyrir njósnir

ÍRAN Stjórnvöld í Íran hafa handtekið fimm manns sem eru sakaðir um njósnir fyrir erlend ríki. Reuters fréttastofan greinir frá því að minnst tveir einstaklinganna hafi þegar verið dæmdir í fangelsi.

Talsmaður íranskra stjórnvalda sagði á blaðamannafundi að einn hinna fimm, Shahram Shirkhani, hefði verið dæmdur í fangelsi vegna njósna fyrir Bretland. Hann hafi reynt að fá íranska embættismenn til að ganga til liðs við bresku leyniþjónustuna MI6.

Þá var Masoud Mosaheb, varaformaður Vináttufélags Írans og Austurríkis dæmdur í tíu ára fangelsi. Hann var sakfelldur fyrir að hafa deilt upplýsingum um eldflauga- og kjarnorkuáætlanir Írans með leyniþjónustum Ísraels og Þýskalands.

Í yfirlýsingu frá utanríkisráðuneyti Austurríkis segir að unnið verði að því að fá Mosaheb, sem er bæði með ríkisfang í Íran og í Austurríki, látinn lausan. Íran viðurkennir hins vegar ekki tvöfalt ríkisfang.

Á blaðamannafundinum voru ekki gefnar upplýsingar um hina þrjá einstaklingana. Þó kom fram að handtökurnar hefðu verið gerðar í utanríkis-, varnarmála- og orkumálaráðuneytum landsins auk Kjarnorkustofnunarinnar.

– sar

Trump íhugar að loka á bandaríska þegna

Bandaríkjaforseti og stjórn hans skoða nú möguleika á að meina eigin þegnum og þeim sem hafa fasta búsetu í Bandaríkjunum að koma til landsins, liggi fyrir grunur um COVID-19 smit. Hafa áhyggjur af álagi á heilbrigðiskerfið.

BANDARÍKIN Samkvæmt heimildum fréttastofunnar Reuters eru Donald Trump Bandaríkjaforseti og stjórn hans að ræða það í fullri alvöru að meina eigin borgurum að koma til landsins ef grunur leikur á að þeir séu smitaðir af COVID-19. Á þetta einnig við um þá sem eru ekki ríkisborgarar en hafa varanlega búsetu í Bandaríkjunum. Heimildarmaður Reuters er háttsettur embættismaður í bandaríska stjórnkerfinu.

Donald Trump hefur nú þegar, síðan faraldurinn hófst, hert landamæraeftirlit til muna og sett ýmsar reglur sem takmarka rétt fólks til að koma eða setjast að í landinu. Meðal annars hefur fólki verið vísað umsvifalaust frá landinu hafi það ekki rétta pappíra en einnig hefur fólki með rétta pappíra verið meinað að flytja til landsins. Það yrði hins vegar algjör stefnubreyting að meina eigin borgurum að koma til landsins enda almennt talið að ríki beri ábyrgð á eigin þegnum og geti ekki skikkað önnur ríki til þess að annast þá.

Ein helsta ástæðan fyrir þessari ákvörðun, verði hún að veruleika, er uppgangur faraldursins í Mexíkó. Tæplega hálf milljón tilfella hefur verið greind þar og rúmlega 53 þúsund manns látist vegna veirunnar. Þetta eru langtum lægri tölur en í Bandaríkjunum sjálfum, en Mexíkó er það land þar sem veiran er í hröðustum vexti í dag. Í gær greindust rúmlega 5.500 ný tilfelli og 705 dauðsföll urðu, það langmesta í heiminum.

Bandaríkjaforseti óttast að mikill fjöldi flýi heim frá Mexíkó. MYND/AFP

9

milljónir Bandaríkjamanna búa erlendis, þar af 750 á Íslandi.

Ein og hálf milljón manns sem búsett er í Mexíkó hefur tvöfaldan ríkisborgararétt, mexíkóskan og bandarískan. Trump og stjórn hans hafa haft áhyggjur af því að þetta fólk flýi til Bandaríkjanna í stórum stíl og skapi aukið álag á spítalana. En þau fylki sem liggja að Mexíkó hafa mörg farið illa út úr faraldrinum, svo sem Texas, Kalifornía og Arizona.

Óljóst er á hvaða stigi tillagan er í dag en samkvæmt heimildarmanninum er þegar búið að biðja ýmsar ríkisstofnanir að gefa álit sitt á henni og skila fyrir þriðjudaginn 11. ágúst. Enginn ákveðinn tímarammi hefur verið settur um hvenær þetta yrði síðan tilkynnt eða framkvæmt.

Áætlað er að um 9 milljónir manna utan Bandaríkjanna hafi bandarískan ríkisborgararétt. Utan Mexíkó búa um 700 þúsund í Indlandi, 600 þúsund á Filippseyjum, 300 þúsund í Þýskalandi og 200 þúsund í Frakklandi, Bretlandi, Ísrael og Dóminíska lýðveldinu. Um 750 Bandaríkjamenn búa hér á Íslandi.

kristinnhaukur@frettabladid.is

ÚTSALA

FJÖLSKYLDUTJÖLD 30% AFSLÁTTUR

GÖNGUTJÖLD 20% AFSLÁTTUR

VANGO TJALDHÚSGÖGN 30% AFSLÁTTUR

GÖNGUDÝNUR 20% AFSLÁTTUR

VANGO TJALDDÝNUR 30% AFSLÁTTUR

FATNAÐUR 30-70% AFSLÁTTUR

SVEFNPOKAR 30% AFSLÁTTUR

BAKPOKAR 30% AFSLÁTTUR

GÖNGUSKÓR 30-70% AFSLÁTTUR

REIÐHJÓLAHJÁLMAR 30% AFSLÁTTUR

HJÓLAFATNAÐUR 50% AFSLÁTTUR

ÖLL HJÓL Á HEILDSÖLUVERÐI

EVEREST

Skeifunni 6 · www.everest.is

Sóttkví

Jón Þórisson
jon@frettabladid.is

Ef marka má tölur um nýgreint smit undanfarna daga virðist sem tekist hafi að koma böndum á það sem menn óttuðust að myndi reynast önnur bylgja faraldursins hérlendis. Þróunin í síðustu viku var vissulega ískyggileg en tölur um nýtt smit undanfarna daga gefa tilefni til að vona að tekist hafi að kæfa bylgjuna í fæðingu. Það ber að þakka fumlitlum viðbrögðum sóttvarnayfirvalda.

Þetta er þó háð þeirri óvissu að sóttvarnayfirvöldum hefur ekki tekist að rekja öll tilfellin og óljóst hvernig drjúgur hluti þess smits sem greinst hefur undanfarið fór á milli manna. Það er óþægilegt og gæti bent til að meira smit sé grasserandi í samfélaginu, ýmist ógreint eða smitberarnir einkennalausir.

Staðan hér heima er þó stórum betri en í mörgum löndum í kringum okkur þar sem aftur hefur þurft að grípa til lokana og íþyngjandi takmarkana. Þó að hert hafi verið upp á samkomubanni hér og tveggja metra reglan gerð algild á ný, er það bara reykur af þeim réttum sem aðrar þjóðir hafa mátt gera sér að góðu. Við fengum þó að pústa aðeins yfir hásumarið áður en syrta tók yfir á ný.

Allir ættu að vita að þessi veira er ekkert lamb að leika sér við. Undanfarið hafa fréttir verið fluttar af því að jafnvel þeir sem lítið veikjast geti átt í langvinnum eftirköstum vikum og mánuðum eftir að veikindunum lauk. Í fréttaþættinum 21 á sjónvarpsstöðinni Hringbraut á þriðjudagskvöld var annars vegar talað við Stefán Yngvason, endurhæfingarlækni og lækningaforstjóra Reykjalundar, sem lýsti því hvers lags eftirköst fólk getur þurft að ganga í gegnum. Fram kom að tugir manna hefðu leitað til Reykjalundar vegna þessa. Hins vegar var rætt við Karólínu Helgu Símonardóttur sem sýkst hafði í mars og glímir nú enn við afleiðingar sýkingarinnar, svo sem jafnvægistruflanir, vöðvaverki, þreytu og málstol. Fleiri hafa lýst þessu sama. Fram kom að ekki virðast vera tengsl milli hversu mikið fólk veikist og eftirköst sem eiga þarf við.

Fréttir úr miðborginni um helgina vekja því furðu. Stór hluti þeirra vínveitingastaða sem lögregla heimsótti virti ekki tveggja metra regluna og dæmi voru um að lögregla treysti sér ekki til að fara inn á staðina vegna mannmergðar sem þar var inni fyrir.

Fyrir þetta geta veitingamenn hér á landi ekki verið þekktir. En það er ekki aðeins við þá að sakast. Gestir þeirra bera líka ábyrgð.

Nú má það vel vera að alvarleg veikindi vegna veirunnar séu hlutfallslega fátíð. En þær ráðstafanir sem gera verður þegar upp kemur smit eru mikið inngrip í líf fólks. Fjórtán daga sóttkví, með tilheyrandi takmörkunum á samskiptum fólks og veru frá vinnustað ber ekki að taka af léttúð. Það vita þeir sem reynt hafa. Það er léttvægara en að sýkjast af veirunni og dvelja í einangrun en verulega íþyngjandi engu að síður.

Þess vegna telst það til áhættuhegðunar ef ekki er farið eftir reglum á stöðum þar sem fólk kemur saman, veitingastöðum, vinnustöðum eða verslunum.

Hana þarf að uppræta.

En þær ráðstafanir sem gera verður þegar upp kemur smit eru mikið inngrip í líf fólks.

Halldór



Frá degi til dags

Sporðaköst og brúneggjavarp

Hingað til hafa íslenskir kaupahéðnar og stórfyrirtæki látið nægja að gefa út bækur þegar þeim finnst að sér vegið, en Samherji hefur nú brotið blað og látið gera dýran sjónvarpsþátt með flottri grafík og öllu tilheyrandi. Meira að segja „cliffhanger“ í lokin. Þetta er vitaskuld eitthvað sem aðrir hefðu átt að vera búnir að fatta fyrir löngu og þá hefði landinn ekki misst af gullmolum á borð við Brúneggjavarpið, GAMMA-Vision eða Wintris-veituna.

Framhald Ókyrrðar

Helgi Seljan endaði óafvitandi í einu aðalhlutverka Samherjaþáttarins, Skýrslan sem aldrei var gerð, en plottið hvíldi ekki síst á leynilegri hljóðupptöku af samtali Helga og fyrrverandi lögreglumannsins Jóns Óttars Ólafssonar. Sá vinnur nú hjá Samherja en hefur einnig getið sér ágætisorðs sem glæpasagnahöfundur með bókunum Hlustað og Ókyrrð, sem ganga út á símahleranir og hljóðupptökur. Helgi hefði því í ljósi bókmenntasögu upptakarans ef til vill átt að hafa varann á áður en hann fór á hans fund. Jón Óttar hafði hugsað hlerunarbækurnar sem þríleik en ekkert hefur bólað á síðustu bókinni en síðustu vendingar benda til þess að hann skortir varla yrkisefni.

kristinnhaukur@frettabladid.is
toti@frettabladid.is

Hvar eru konurnar?

Kristjana Björk Barðdal,
verkefnastjóri hjá Nýsköpunarmiðstöð Íslands

Mér svelgdist heldur betur á kaffibollanum í gærmorgun þegar ég fór yfir skráningar í Gagnaþon fyrir umhverfið. Kynjahlutföllin á skráðum þátttakendum voru virkilega skökk. Þrátt fyrir að ég sé ótrúlega ánægð með þann hóp sem hefur skráð sig og ég geti ekki beðið eftir að sjá þær hugmyndir sem þau hafa fram að varpa, kom það mér talsvert á óvart hve fáar konur hafa skráð sig. Samanborið við aðrar keppnir og hraðla í nýsköpun eru niðurstöðurnar svipaðar. Hvernig fáum við enn fjölbreyttari hóp af fólki til þess að taka þátt í nýsköpun og þá sérstaklega þegar kemur að gögnum og gervigreind? Þá sérstaklega fólk af öllum kynjum og bakgrunni.

Stór partur af því að vinna úr gögnum er gervigreind sem er einfaldlega gert með því að kenna forriti eða reikniriti ákveðið mynstur og mata það með gögnum. Niðurstöður eru síðan samþykktar eða ekki af einstaklingi sem þróar viðkomandi lausn. Því er mikilvægt að hópurinn sem komi að þróun gervigreindar sé fjölbreyttur til þess að niðurstöður hafi ekki innbyggða hlutdrægni sem gæti hampað öðrum hópi umfram annan. Dæmi eru um að snjallúr sýni ekki réttan fjölda brenndra kaloría hjá barnshafandi konum þar sem formúlan sem reiknar hve miklu þær brenna tekur ekki tillit til breyttrar brennslu. Annað dæmi er forrit sem búið var til af Amazon til þess að fara yfir ferilskrár og velja hæfasta einstaklinginn í starfið. Þar sem forritið var búið til af körlum varð til innbyggð hlutdrægni sem gerði það að verkum að karlar voru valdir í störfin umfram jafnhæfar konur.

Þegar kemur að hlutfalli í námi virðist það mun skárra en á vinnumarkaði og nýsköpunarsenunni. Kynjahlutföllin þegar ég var í grunnnámi í iðnaðarverkfræði voru ansi jöfn og áhugi á áföngum tengdum nýsköpun jafnvel meiri meðal kvenna. Því spyr ég hvers vegna það sé ekki að skila sér sviði nýsköpunar. Sama gildir um hlutfall kvenkyns samnemenda minna í tölvunarfræði, af hverju eru þær ekki að skila sér út í tæknigeirann?

Það er mikilvægt að fjölbreytt fólk komi að bæði gerð og vinnslu gagna þar sem það hefur bein áhrif á líf okkar allra. Ég hvet því alla til þess að taka þátt í Gagnaþoni fyrir umhverfið sem fer fram 12.-19. ágúst.

Það er mikilvægt að fjölbreytt fólk komi að bæði gerð og vinnslu gagna þar sem það hefur bein áhrif á líf okkar allra.

FRÉTTABLAÐIÐ
ÚTGÁFUFÉLAG: Torg ehf. STJÓRNARFORMAÐUR: Helgi Magnússon **FORSTJÓRI OG ÚTGEFANDI:** Jóhanna Helga Viðarsdóttir **RITSTJÓRI:** Jón Þórisson *jon@frettabladid.is*, **FRÉTTASTJÓRAR:** Aðalheiður Ámundadóttir *adalheidur@frettabladid.is* Ari Brynjólfsson *arib@frettabladid.is*, Garðar Örn Úlfarsson *gar@frettabladid.is* **MARKAÐURINN:** Hörður Ægisson *hordur@frettabladid.is*
Fréttablaðið kemur út í 80.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871 **FRÉTTABLAÐIÐ Kalkofnsvegur 2, 101 Reykjavík Sími: 550 5000,** *ritstjorn@frettabladid.is* **HELGARBLAÐ:** Björk Eiðsdóttir *bjork@frettabladid.is* **MENNING:** Kolbrún Bergþórsdóttir *kolbrunb@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Anton Brink *anton@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is*

Hugleiðingar á tímum veiru

Bryndís Víglundsdóttir
kennari

Við fengum af því fréttir þegar átökin voru sem mest við kórónuveiruna á síðastliðnum útmánuðum að víða væru erfiðleikar á heimilum, ofbeldi og óhamingja. Okkur var líka sagt að tilvera margra barna væri bág vegna fátæktar og í sumum tilvikum vegna slæmrar hegðunar foreldra. Mér þykja þessar fréttir vondar, mjög vondar. Það er ekkert samasemmerki milli skorts á fjármunum og skorts á kærleika. Þetta sá ég glöggt þegar ég kenndi börnum um árabil í stórborg í Bandaríkjunum. Kærleikurinn og umhyggjan heima fyrir réðst einfaldlega ekki af fjárhag foreldra.

Leyfið mér að deila með ykkur eftirfarandi hugsunum, nú þegar líkur eru á að við, þjóðin öll, gætum verið að sigla inn í þrengingatíma.

Þegar ég var barn söng ég í sunnudagaskólanum:

Gættu að þér litla tunga hvað þú segir – því vor faðir himnum á horfir litlu börnin á, og svo framvegis. Mér þótti þetta alvarlegt mál og undraðist hvað guð væri voldugur að geta fylgst með öllum börnum, ekki bara okkur sem bjuggum við Laugaveginn og á öllu Íslandi heldur börnum í öllum heiminum! Aldrei datt mér í hug að fylgst væri með fullorðnu fólki og foreldrum enda áreiðanlega ekki ástæða til þess. Börn eru nefnilega með þeirri náttúru fædd að þau treysta fullorðnu fólki. Og oftar en ekki er fullorðna fólkið sem betur fer traustsins vert.

Páll postuli segir í bréfi sínu til Kólossumanna: „Þér feður, verið ekki vondir við börn yðar svo að þau verði ekki ístöðulaus“.

Þegar ég er að hlusta á fréttir af afleitri hegðun barna og unglinga verð ég oft bæði döpur og reið. Í fyrsta lagi sækja á áleitnar spurningar um forsögu þeirra unglinga sem eru til umræðu. Af hverju er sjálfsmynd þeirra orðin svo veik að þau villast af leið? Og í öðru lagi: hvernig stendur á því að einhver tiltekin frétt af óæskilegri hegðun unglinga verður til þess að allir unglingar eru settir í einn hóp, unglingar þetta, unglingar hitt?

> **Þegar ég er að hlusta á fréttir af afleitri hegðun barna og unglinga verð ég oft bæði döpur og reið.**

Ég hef talað við marga unglinga sem eru sárir og reiðir yfir þessum unglingamerkimiðum. Sannleikurinn er sá að meirihluti unglinga er mesta sómafólk. Raunar er tilhneiging til að setja annan aldurshóp, gamalt fólk, líka í einn dilk. Þó á gamla fólkið það eitt sameiginlegt að það hefur lifað mörg ár.

Það er hægt að vera vondur við börnin sín á margan hátt. Það er að vera vondur við unglinga að setja alla í einn hóp, oftar en ekki vandræðahóp. Það er að vera vondur við börnin sín að vanrækja það að venja þau á reglusemi til orðs og æðis, leiðbeina þeim í hvívetna og kenna þeim muninn á réttu og röngu.

Ég tel að okkur beri skylda til að standa skil á þessum þáttum gagnvart ungu fólki hvort sem það eru börn okkar eða annarra. Börn og unglingar eiga rétt á þessari leiðsögn, þessu uppeldi. Til þess að þetta takist þarf fullorðna fólkið að gæta að sér hvað það hugsar, hvað það segir og gerir.

Það gerist nefnilega einhvers staðar á þroskaferli vitsmunalífsins að börnin fara að fylgjast með foreldrum sínum og öðru fullorðnu fólki, börn verða unglingar sem fá fyrirmyndir heima og heiman.

Svokallaðir vandræðaunglingar koma ekki til okkar utan úr geimnum.

Ég hafna kenningum kirkjunnar um erfðasyndina en er hrædd við orð og athafnir sem sum börn þurfa að búa við í bernsku og æsku og ekki eru öll börn heppin með foreldra. Hins vegar efast ég ekki um erfðagæskuna, trúi því að öll börn fæðist góðar og heilar manneskjur.

Að lokum þetta til umhugsunar:

Þegar þú ert að heimta að hlustað sé á þig – ertu þá alveg viss um að það sé gott fyrir barnið og unglinginn að heyra það sem þú ætlar að segja?

Sjónarmið ungs fólks verðskulda athygli en ekki tómlæti

Andrés Ingi Jónsson
alþingismaður utan þingflokka

Alþingiskosningarnar 2016 vöktu von í brjósti margra. Hlutfall kvenna komst upp í 48% í fyrsta sinn, tveir innflytjendur hlutu föst sæti á Alþingi og meðalaldur var í lægri kantinum, 43 ár. Mörg okkar trúðu því að nú væru bjartari tímar fram undan, að hindranir á grundvelli kynferðis og uppruna væru á undanhaldi og ungt fólk væri að komast til aukinna áhrifa.

Ári síðar kom þó bersýnilega í ljós hversu lítið þarf til að tapa þeim árangri sem hefur áunnist. Hlutfall kvenna hrundi niður í 38%, enginn innflytjandi náði kjöri og meðalaldur kjörinna fulltrúa hækkaði upp í 50 ár. Þó vissulega megi setja þessa þróun í samhengi við það að á sama tíma blésu pólitískir vindar Miðflokknum inn á þing, verður skuldinni ekki skellt á þann flokk einan og sér.

Tómlæti gagnvart sjónarmiðum ungs fólks er verulegt áhyggjuefni. Á tímum þar sem ungt fólk verður stöðugt virkara í baráttunni gegn kynbundnu misrétti, rasisma og loftslagsbreytingum glíma þau eldri við risavaxin verkefni í krafti umboðs síns á Alþingi án samtals, samráðs eða virkrar hlustunar á það sem unga fólkið hefur fram að færa. Fyrir utan hægfara og slök viðbrögð við kröfum ungu kvennanna í #freethenipple og #höfumhátt hefur ekkert verið aðhafst gegn þeim stofnanabundna rasisma sem endurspeglaðist í hræðilegum bruna á Bræðraborgarstíg og Black Lives Matter hreyfingin hefur lítil sem engin áhrif haft á störf þingsins þó tilefnið sé ærið. Vikulegum mótmælum í þágu loftslagsins síðastliðin tvö ár hefur verið mætt með því að töluleg markmið í loftslagsáætlun ríkisstjórnarinnar högguðust ekki um prósentustig á sama tíma. Kröfum stúdentahreyfingarinnar um mannsæmandi kjör var svarað með óbreyttri og allt of lágri grunnframfærslu í nýju námslánakerfi og viðbrögð ráðherra við því að námsfólk vildi njóta atvinnuleysistryggingar á þeim óvissutímum sem voru í sumar voru að „allir vilji fjármagn til að gera ekki neitt“.

Í dag er alþjóðlegur dagur ungmenna, sem Sameinuðu þjóðirnar tileinka að þessu sinni tækifærum ungs fólks til að taka virkan þátt í mótun samfélagsins, ýmist með óformlegum hætti eða með beinni þátttöku í formlegum stjórnmálum. Þetta er góður dagur fyrir okkur kjörna fulltrúa að átta okkur á að hagsmunir ungs fólks eru svo samofnir þeim áskorunum sem heimurinn stendur frammi fyrir, að það ætti að vera hryggjarstykkið í allri stjórnmálaumræðu. Ef okkur á að takast að breyta öllum kerfum samfélagsins þannig að þau vinni í þágu allra, þá verða fleiri raddir að heyrast. Ungt fólk af öllum kynjum og alls konar uppruna, líkamsgerð og litarhafti hefur reist kröfur sem byggja á mikilvægri reynslu og þekkingu. Það hefur lengi þurft að þola lýðræðishalla þegar kemur að vægi á framboðslistum stjórnmálasamtaka. Þessu þarf að breyta til að stjórnmálin þjóni ungu fólki ekki síður en öðrum þjóðfélagshópum og nýti krafta þess í þágu samfélagsins.

> **Í dag er alþjóðlegur dagur ungmenna, sem Sameinuðu þjóðirnar tileinka að þessu sinni tækifærum ungs fólks til að taka virkan þátt í mótun samfélagsins, ýmist með óformlegum hætti eða með beinni þátttöku í formlegum stjórnmálum.**

LUMAR ÞÚ Á STÓRFRÉTT?

Sendu okkur þá fréttaskot í gegnum frettabladid.is.

Þú finnur hlekkinn undir blaði dagsins og á slóðinni www.frettabladid.is/frettaskot.

Greiðum **5.000 kr.** fyrir fréttina ef hún birtist í Fréttablaðinu og **10.000 kr.** ef hún birtist á forsíðu blaðsins!



FRÉTTABLAÐIÐ
MEST LESNA DAGBLAÐ LANDSINS

KR-ingar fara til Skotlands í næstu viku nema Skotar hreinlega banni Celtic að spila. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Celtic mætir KR eftir skammir

FÓTBOLTI Leikjum Glasgow Celtic í skosku deildinni gegn St. Mirren í kvöld og Aberdeen á laugardag hefur verið frestað eftir að leikmaður liðsins, Boli Bolingoli, skrapp til Spánar án þess að láta félagið vita og spila svo gegn Kilmarnock á sunnudag. Hann fór ekki í sóttkví og hefur beðist afsökunar á hegðun sinni. Celtic sagði í yfirlýsingu erfitt að ímynda sér meira ábyrgðarleysi í núverandi aðstæðum og bætti við að þá skorti hreinlega orð til að lýsa hegðun Bolingoli. Glasgow Celtic mætir KR í næstu viku og kemur því til leiksins ískalt. Nicola Sturgeon, forsætisráðherra Skotlands, skammaði leikmanninn á blaðamannafundi í gær, en fótboltamenn hafa verið töluvert til umræðu í Skotlandi fyrir allt annað en góða hegðun í COVID-ástandinu. Stutt er síðan að tveir leikmenn Aberdeen smituðust á bar af veirunni. „Ekki búast við að Celtic og Aberdeen spili í vikunni og við sjáum til með framhaldið. Þau fá hér með gult spjald – næst verður það rautt," sagði forsætisráðherrann ákveðinn.

Neil Lennon, knattspyrnustjóri Glasgow Celtic, var allt annað en skemmt á blaðamannafundi í gær. „Einn dagur á Spáni, það er ekkert rökrétt við það," sagði Lennon og sagði að leikmaðurinn hefði ekki sagt neinum frá ferðalagi sínu, sem hafi sett alla í hættu.

„Hann æfði alla vikuna og setti alla í hættu í þeirri búbblu sem hér er. Um leið og hann reimaði á sig skóna á sunnudag setti hann alla í hættu og leikmenn og starfsfólk Kilmarnock líka.

Við höfum beðið öll félög í deildinni afsökunar sem og fótboltasamfélagið í heild."

Hann bætti við að Celtic hefði í raun orðið reitt og agndofa yfir hegðun Bolingoli. Félagið hafi reynt að koma fótboltanum aftur af stað og virt allar reglur. „Einn sjálfselskur einstaklingur hefur valdið okkur miklum vonbrigðum með gjörðum sínum," sagði hann um leikmann sinn. **– bb**

KSÍ vonast til að byrja á föstudag

FÓTBOLTI Í dag mun KSÍ funda með félögum í efstu og næstefstu deild þar sem farið verður yfir komandi sóttvarnareglur, fari boltinn aftur af stað. Síðar í vikunni er áætlað að funda með öðrum deildum og fjölmiðlum. Þetta kemur fram á fótbolta.net en á heimasíðu KSÍ segir að Mótanefnd KSÍ hafi fundað á mánudag varðandi þann möguleika að leyfi fáist til að hefja keppni í mótum sumarsins aftur á föstudag.

Fyrsti leikurinn sem er áætlaður er stórleikur KR og FH og toppslagur í Lengjudeildinni þar sem Framarar mæta ÍBV. Ef undanþágan fæst er ljóst að spilað verður undir ströngu og vökulu auga yfirvalda jafnvel þótt ekkert COVID-smit tengist fótbolta hér á landi. **– bb**

Ósanngjörn krafa KSÍ til leikmanna í nýjum drögum

KSÍ birti drög að reglum sem eiga að bjarga Íslandsmótinu. Drögin eru 12 blaðsíður og þar eru ítarlegar leiðbeiningar um hvernig leikmenn þurfa að haga sér milli æfinga og leikja en þeir eru beðnir um að haga sér eins og atvinnumenn. „Ósanngjörn krafa," segir forseti leikmannasamtakanna, Arnar Sveinn.

FÓTBOLTI Knattspyrnusamband Íslands birti drög að reglum sem eiga að bjarga Íslandsmótinu. Drögin eru 12 blaðsíður og þar eru ítarlegar leiðbeiningar um hvernig leikmenn þurfa að haga sér milli æfinga og leikja. „Ósanngjörn krafa," segir forseti leikmannasamtakanna.

„Persónulega finnst mér þetta ósanngjörn krafa á leikmenn nema það verði komið til móts við þá á einhvern hátt," segir Arnar Sveinn Geirsson, forseti leikmannasamtaka Íslands, um drög KSÍ um hvernig sé hægt að blása lífi í Íslandsmótið á ný.

KSÍ birti drög að reglum sem telja 12 blaðsíður og eiga að bjarga mótinu. Þar er að finna nokkuð ítarlegur kafli um leikmenn og hvernig þeir þurfa að haga sér milli æfinga og leikja og í leikjum.

Leikmenn, þjálfarar, dómarar og aðrir starfsmenn liða þurfa að lágmarka samskipti við aðra og forðast fjölmenna staði eins og verslanir, veitingastaði, bíó og skemmtistaði. Ef það er þó nauðsyn skal alltaf halda tveggja metra fjarlægð og vera með andlitsgrímu.

Á heimasíðu KSÍ segir að reglurnar séu meðal annars byggðar á almennum sóttvarnakröfum heilbrigðisyfirvalda á Íslandi, en styðjist einnig við sambærileg gögn meðal annars frá Þýskalandi, Danmörku og UEFA.

Arnar Sveinn segir að íslenska deildin sé, þó sumir formenn keppist við að kalla fótboltann á Íslandi atvinnugrein og leikmenn atvinnumenn, ekkert annað en hálfatvinnumennska og það sé erfitt að biðja áhugamenn að haga sér eins og atvinnumenn. „Sumir hafa ágætlega upp úr því að spila fótbolta á Íslandi en það er mikill minnihluti, og örugglega fleiri sem fá lítið sem ekkert en þeir sem hafa það fínt. Að ætlast til þess að skikka leikmenn, sem flestir eru að gera þetta í bland við vinnu eða skóla, til þess að haga sér eins og atvinnumenn í þessu umhverfi – mér finnst það ósanngjörn krafa og ég sé það ekki gerast."

Hann segir að samráðið við KSÍ hafi verið gott og sambandið hafi unnið vel með hagsmunaaðilum en þegar drögin voru samin var ekkert samráð haft og las Arnar Sveinn drögin eins og flestir aðrir á heimasíðu KSÍ. „Hvað þetta varðar höfðum við ekkert heyrt og lásum um þetta um leið og fréttin birtist. Og það er verið að biðja um helling frá leikmönnum.

Er það eðlilegt að þessi krafa sé sett á leikmenn og hvað þýðir þetta? Er þetta eitt af skilyrðunum til að fótboltinn fari af stað og ef svo er, hvernig er hægt að setja svona skilyrði á leikmenn án þess að rætt sé við þá? Fyrir mér er þetta enn þá frekar óljóst. Ég sé ekki hvort þetta eru skilyrði eða tilmæli.

Ef það kemst upp að leikmenn séu að fara út á mannamót einhvern þriðjudaginn er þá mótinu stofnað í hættu? Það eru margar spurningar í þessu."

Séu drögin skoðuð og skyldur leikmanna skoðaðar eru þær orðnar töluverðar. Á æfingum þarf að bera grímu en samt ekki meðan á

Leikmenn þurfa að hlíða Viði ef undanþága fæst til að spila fótbolta að nýju hér á landi. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Leikmenn mega ekki heilsast fyrir leiki heldur aðeins klappa. Þá er regluverkið í kringum leikdag orðið mjög ítarlegt. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

> **Má þá ekki lengur dekka nema vera tvo metra frá? Má ekki stilla upp varnarvegg nema með tveggja metra reglunni? Það er margt í þessum drögum sem heldur engu vatni fyrir mér en á sama tíma skil ég að það þurfi að setja einhverjar reglur.**

Arnar Sveinn Geirsson, forseti leikmannasamtaka Íslands

æfingunni stendur. Sótthreinsa þarf allan búnað í líkamsræktaraðstöðu félaganna og alltaf halda tveggja metra reglunni þar inni. Leikmenn mega ekki deila vatnsbrúsa og á liðsfundum skal notast við andlitsgrímur. Þá má ekki fara í viðtöl við fjölmiðla aðra en sjónvarpsréttháfa nema með fjartækni.

Eftir leiki er ekki lengur matur í boði heimaliðsins heldur þurfa leikmenn sem og aðrir að koma með mat í lokuðum ílátum.

Á leikdag þarf helst að koma á sínum einkabílum. Skylda er að vera með grímu í búningsklefa á leikdag og ekki vera inni í klefanum lengur en 30-40 mínútur fyrir og eftir leiki.

Engar liðsmyndir eru lengur leyfðar, liðin ganga sitt í hvoru lagi og er bannað að heilsa og óheimilt er að fagna mörkum nema með brosinu einu saman. Alls ekki með snertingu. Þá er bannað að hrækja og markmenn fá ekki að hrækja í hanskana sína.

Leikmenn þakka ekki fyrir leikinn og takast ekki í hendur eftir leiki. Arnari finnst þó margt orka tvímælis. „Auðvitað skilur maður sambandið í því að það þurfti að gera einhverjar ráðstafanir til að fá þessa undanþágu.

Maður spyr sig samt á móti – er þetta gott fyrir íþróttina og það verður að koma í ljós. Það er margt í þessum drögum sem er hægt að skoða. Það má ekki fagna með snertingu en það eru einhverjar hornspyrnur í hverjum leik og einhverjar aukaspyrnur. Má þá ekki lengur dekka nema vera tvo metra frá? Má ekki stilla upp varnarvegg nema með tveggja metra reglunni? Það er margt í þessum drögum sem heldur engu vatni fyrir mér en á sama tíma skil ég að það þurfi að setja einhverjar reglur."

Ljóst er að mótið mun lengjast eitthvað en reynt verður að ljúka mótinu fyrir 1. desember. Arnar segir að samkvæmt sínum upplýsingum muni samningar leikmanna framlengjast sjálfkrafa um þann tíma sem mótið tekur. „Félagið þarf að standa við sínar skuldbindingar og leikmenn líka. Þetta eru þær fréttir sem ég fékk frá KSÍ um mitt sumarið. Hvort það hafi eitthvað breyst veit ég ekki. Nú er þetta ekki aðeins út október heldur mögulega út nóvember. Geta félögin staðið við sitt? Geta félögin staðið við sitt þegar engar tekjur eru að koma inn? Þetta er eitthvað sem á eftir að útfæra og þarf að gerast fyrr en síðar.

Það gengur ekki að 15. október þegar flestir samningar renna út að þá væri ennþá einn og hálfur mánuður eftir af mótinu. Félögin sjá kannski fram á að geta ekki greitt leikmönnum eða staðið alfarið við sitt og leikmenn vilja þá ekki spila undir þeim aðstæðum. Hvað gerist þá?"

Arnar segir að hann finni auðvitað til með KSÍ að finna lausnirnar í þessu erfiða árferði. Það sé þó þeirra starf. „Samúð mín er alveg hjá vinum mínum í Laugardalnum í KSÍ en á sama tíma er þetta þeirra vinna að finna út úr þessu og hvort sem er um heimsfaraldur að ræða eða ekki þurfum við að finna lausn á mótahaldinu. Það verður áhugavert ef undanþágan fæst því þá verður þetta skýrara og væntanlega kynnt betur.

Þá verður áhugavert að heyra hvað leikmenn eiga að gera milli æfinga og leikja. Það er helvíti djarft að ætlast til að leikmenn hitti enga milli æfinga og leikja. Þetta verður áhugavert eins og tímarnir sem við lifum á." **benediktboas@frettabladid.is**

Fólk

MIÐVIKUDAGUR 12. ÁGÚST 2020

Heilsa

Á seinni hluta 19. aldar urðu sjóböð vinsæl læknismeðferð í Noregi. Heimsókn í heilsulindir gat hjálpað fólki með ýmsa sjúkdóma en læknar vissu samt ekki alveg hvernig.

Fólk ➔4

Atvinnublaðið
— Mest lesna atvinnublað Íslands —

Beinn sími: 550 5625
Sölufulltrúar:
Hrannar Helgason, hrannar@frettabladid.is
Viðar Ingi Pétursson, vip@frettabladid.is

Stefán Steinsen náði góðum bata með inntöku á Nutrilenk Gold. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

Finnur ekki til og golfsveiflan í fínu lagi

Nutrilenk Gold, mest selda liðbætiefnið á Íslandi, hefur hjálpað fjölda Íslendinga sem þjáðst hafa vegna eymsla og stirðleika í liðum og stöðugt fjölgar í þeim hópi. Stefán Steinsen náði góðum árangri með Nutrilenk Gold. ➔2

Framhald af forsíðu

Nutrilenk Gold er unnið úr sérvöldum fiskbeinum, aðallega úr hákarlabeinum. Beinin eru rík af virku, nýtanlegu og uppbyggilegu kondrótíni, kollageni og kalki. Af reynslunni að dæma hefur það hjálpað fjölmörgum sem finna fyrir eymslum í liðum, þá sérstaklega í hnjám og mjöðmum.

Allt annað líf

Stefán Steinsen náði góðum bata með inntöku á Nutrilenk Gold. Hann hefur þetta að segja:

„Ég var búinn að gutla í innanhússbolta í nokkur ár og var farinn að finna til í vinstra hnénu. Það endaði á því að ég þurfti að hætta í boltanum þar sem verkurinn var farinn að vera það slæmur að ég gat ekki lengur skokkað. Ég fann fyrir verkjum, bólgnaði upp og svo fór ég að finna fyrir sama verk í golfsveiflunni þannig að á tímabili var ég orðinn hræddur um að golfið væri líka úr sögunni. Ég fór því í röntgen og segulómun og var niðurstaðan sú að ég væri kominn með slitgigt og brjóskið orðið mjög lélegt. Þá ákvað ég að kaupa mér Nutrilenk Gold og byrjaði að taka fjórar töflur á dag fyrstu þrjá mánuðina, síðan þrjár töflur eftir það. Ég finn ekki lengur til í vinstra hnénu og hef ekki fengið verk í nokkra mánuði. Ég hef prófað að skokka og finn ekkert til og eins er golfsveiflan í fínu lagi.“

Byggingarefni brjóskvefs

Helstu innihaldsefnin í Nutrilenk Gold eru kondrótín, kollagen og kalk. Til að gera þessi innihaldsefni eins virk og kostur er eru þau meðhöndluð með ensími (hvata) sem smækkar stóru mólekúlin og gerir það frásogunarhæft og virkt sem byggingarefni fyrir brjóskvef.

Stefán Steinsen ákvað að taka inn Nutrilenk þegar hann var greindur með slitgigt og finnur nú ekki lengur til.

Að auki inniheldur Nutrilenk Gold C-vítamín, D-vítamín og mangan til að auka virkni efnisins sem mest.

Kondrótínið er unnið er úr fiskbeinum, aðallega frá hákörlum. Kalk, mangan og D-vítamín er nauðsynlegt fyrir viðhald eðlilegra beina, myndun bandvefja og vöðvastarfsemi og C-vítamín stuðlar að eðlilegri myndun kollagens fyrir starfsemi beina og brjósks, ásamt því að styrkja ónæmiskerfið og draga úr þreytu og lúa.

Ég finn ekki lengur til í vinstra hnénu og hef ekki fengið verk í nokkra mánuði. Ég hef prófað að skokka og finn ekkert til og eins er golfsveiflan í fínu lagi.

Stefán Steinsen

Fólínsýra nauðsynleg á meðgöngu

Nægilegt magn af fólínsýru er nauðsynlegt fyrir fólk á öllum aldri. Á fyrstu mánuðum meðgöngu er mikilvægi fólínsýru óumdeilt til að koma í veg fyrir skaða á miðtaugakerfi fóstursins.

Meginhlutverk fólínsýru, ásamt B12, er við myndun kjarnasýrunnar DNA, en þessi tvö B-vítamín vinna einnig saman að því að mynda heilbrigðar blóðfrumur. Fólínsýra er einnig talin geta dregið úr líkum á hjarta- og æðasjúkdómum með því að lækka styrk amínósýrunnar hómócysteins í blóði. Þar sem fólínsýra gegnir stóru hlutverki í frumuskiptingu er sérstaklega mikilvægt að tryggja nægilega inntöku þegar um öran vöxt er að ræða eins og á barnsaldri, á unglingsárunum og á meðgöngu.

Fólínsýra á meðgöngu

Á fyrstu mánuðum meðgöngu er mikilvægi inntöku á fólínsýru óumdeilt til að koma í veg fyrir skaða sem tengist miðtaugakerfi fóstursins. Fólínsýra er gríðarlega mikilvæg fyrir þroska á taugapípu fósturs, en heili og mæna þróast út frá taugapípu. Sé myndun hennar ekki eðlileg á fyrstu vikum meðgöngu getur það leitt til alvarlegs fósturskaða sem nefnist klofinn hryggur. Meðganga er ekki alltaf plönuð fyrirfram og þar sem fólínsýra skiptir sköpum fyrstu vikurnar er öllum konum á barneignaraldri ráðlagt að borða fólatríka fæðu og taka inn fólínsýru daglega. Öllum konum sem geta orðið barnshafandi er ráðlagt að taka daglega 400 mcg af fólínsýru, auk þess að borða fólínríka fæðu. Einnig er mikilvægt að huga að því að passa upp á svefn og finna leiðir til að draga úr streitu ef hún er til staðar.

Fáum við nægilegt magn af fólati úr fæðunni?

Fyrir utan meðgöngu, brjóstagjöf og almennt konur á barneignaraldri, er talað um að þörfinni fyrir fólati eigi að vera hægt að fullnægja með því að borða fjölbreyttan fólatríkan mat, eins og grænt blaðgrænmeti, ávexti, fræ, baunir og heilkorn. Þó er ekki víst að það dugi fyrir ákveðna hópa sem eru í örum vexti eins og börn og unglinga, sérstaklega ef þau eru á einhæfu mataræði. Fólat er vatnsuppleysanlegt vítamín sem þýðir að passa þarf reglulega inntöku því líkaminn geymir ekki forða til lengri tíma. Eins þarf að hafa í huga að ýmislegt getur haft áhrif á upptöku næringarefna úr fæðunni. Unnar matvörur eða matur sem hefur verið eldaður við háan hita getur tapað miklu af fólati sem er í fæðunni frá náttúrunnar hendi. Þá geta undirliggjandi sjúkdómar, eins og meltingarsjúkdómar, mikil áfengisneysla, ýmis lyf ásamt streitu og álagi sem tengist nútíma lífsstíl haft áhrif á upptöku fólats/fólínsýru.

Fólínsýra í munnúðaformi er nýjung frá Better You

Better You-vörurnar njóta aukinna vinsælda og ekki að ástæðulausu því mikið er lagt upp úr gæðum og að upptaka á vítamínunum sé tryggð. Munnúðar eru einföld leið til að taka inn vítamín og fyrir þá sem eiga erfitt með að kyngja töflum eða hafa undirliggjandi meltingarvandamál koma þeir sér sérlega vel. Better You-vítamínin koma öll í formi munnúða sem tryggir góða upptöku í gegnum slímhúð í munni.

B-vítamín gegna því mikilvæga hlutverki að viðhalda góðri heilsu og vellíðan. Fólat eða fólínsýra er eitt af þessum mikilvægu B-vítamínum og var upphaflega einangrað úr spínati.

Kristín Steindórsdóttir næringarþerapisti

MARKAÐURINN

Miðvikudagur 12. ágúst 2020

29. tölublað | 14. árgangur

FYLGIRIT FRÉTTABLAÐSINS UM VIÐSKIPTI OG FJÁRMÁL

ROLEX
TAGHeuer
NOMOS GLASHÜTTE
TUDOR
LONGINES
TISSOT

Verið velkomin í nýja og glæsilega verslun okkar á Hafnartorgi

MICHELSEN 1909

Hafnartorg - 511 1900 - michelsen.is

Tekur fyrsta brúarlánið
Ríkissjóður ábyrgist 70 prósent af fjárhæð lánsins til Icelandair Hotels, sem er veitt af Arion banka. Stjórnarformaður félagsins segir vaxtakjörin ekki vera hagstæð.
2

Íþyngir afurðaverði fisks
Aukið atvinnuleysi í Bretlandi mun líklega koma niður á kaupmætti í haust og hafa áhrif á sölu á íslenskum fiski. Sala á frosnum þorskhnökkum eykst um 60%.
4

Dýrkeyptar eldsneytisvarnir
Uppsafnaður kostnaður Icelandair vegna eldsneytisvarna frá ársbyrjun 2015 er nærri 18 milljarðar. Mörg flugfélög hafa farið illa út úr niðursveiflu olíuverðs á árinu.
8

Verðlaunum ekki óvarkárni
Við búum við óvenjulegar aðstæður og hið opinbera ætti að varast að skapa hvata til óhóflegrar áhættusækni, segir Guðný Halldórsdóttir hagfræðingur.
9

Varasamur vítahringur
Það er óábyrgt að kalla eftir nýjum loforðum án þess að gerð sé grein fyrir afleiðingum þeirra og kostnaði fyrir skattgreiðendur, segir forstöðumaður SA.
10

Holskefla af fermetrum

Framboð á skrifstofuhúsnæði í miðborginni gæti aukist um allt að 44 þúsund fermetra á næstu þremur árum. Forstjóri Eikar segir að í heild sinni sé markaðurinn í góðu standi en miðborgin eigi undir högg að sækja. → 6-7

Markaðurinn er enn að jafna sig á uppbyggingunni á Hafnartorgi. Það getur tekið tíma.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI



Gætu flokkað TM sem fjármálasamsteypu

Fjármálaeftirlit Seðlabanka Íslands mun þurfa að taka afstöðu til þess hvort tilgreina þurfi samstæðu TM sem fjármálasamsteypu eftir kaup fyrirtækisins á Lykli. TM yrði eina íslenska fjármálasamsteypan ef svo færi.

Fjármálaeftirlitið getur ákveðið að tilgreina fyrirtæki, sem starfa bæði á sviði fjármála og vátryggingar, og uppfylla ákveðin skilyrði um mikilvægi og umfang, sem fjármálasamsteypur. Samsteypur af þeim toga þurfa að fylgja strangari kröfum um fjárhag og eftirlit heldur en hefðbundin fjármálafyrirtæki.

TM bíður nú eftir starfsleyfi fyrir dótturfélagið TM tryggingar, svo að unnt sé að færa vátryggingastofninn í sérfélag. Að því loknu verður TM eignarhaldsfélag með tvö dótturfélög, hvort fyrir sinn hluta starfseminnar, það er að segja TM tryggingar fyrir vátryggingar og Lykil fyrir fjármögnun. Þegar því er lokið mun fjármálaeftirlitið taka til skoðunar hvort tilgreina beri TM-samstæðuna sem fjármálasamsteypu, eftir því sem Markaðurinn kemst næst.

Á síðustu árum hafa komið upp mál þar sem fjármálaeftirlitið hefur þurft að taka afstöðu. Eftir að VÍS eignaðist virkan eignarhlut í Kviku banka árið 2017 ákvað eftirlitið að nýta lagaheimild þannig að samstæðan yrði ekki tilgreind sem fjármálasamsteypa. Ekki var talið að slík tilgreining hefði verulega hagsmuni í för með sér.

Í svari við fyrirspurn Markaðarins sagðist fjármálaeftirlitið ekki geta rætt einstök mál sem kynnu að vera til meðferðar. Hins vegar benti stofnunin á að þegar fyrirtæki í samstæðu starfa bæði á fjármálasviði og vátryggingasviði, og umsvif þeirra teljast mikilvæg, væri tekið til skoðunar hvort rétt væri að skilgreina samstæðuna sem fjármálasamsteypu.

Sigurður Viðarsson, forstjóri TM. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

» Eftir að VÍS eignaðist virkan eignarhlut í Kviku banka árið 2017 ákvað fjármálaeftirlitið að nýta lagaheimild þannig að samstæðan yrði ekki tilgreind sem fjármálasamsteypa.

Sem dæmi um kröfur sem gerðar eru til fjármálasamsteypa umfram önnur fjármálafyrirtæki, má nefna tilteknar fjárhagskröfur til samstæðunnar, aukið eftirlit með viðskiptum innan samsteypunnar til að kanna aukna áhættu, til dæmis vegna mögulegra smitáhrifa, og hættu á hagsmunaárekstrum. Þá eru gerðar hæfiskröfur til stjórnarmanna og framkvæmdastjóra þess félags sem fer fyrir samstæðunni og auknar kröfur til innra eftirlits og áhættustýringar samstæðunnar. **– þfh**

MARKAÐURINN

ÚTGÁFUFÉLAG Torg., Kalkofnsvegur 2, 101 Reykjavík, sími 550 5000
Netfang **ritstjorn@markadurinn.is** | Sími **550 5051**
Ritstjóri **Hörður Ægisson hordur@frettabladid.is**
Netfang auglýsingadeildar **auglysingar@frettabladid.is** Veffang frettabladid.is



Icelandair Hotels fá 1,2 milljarða brúarlán

Ríkissjóður ábyrgist 70 prósent af fjárhæð lánsins sem er veitt af Arion banka. Fyrsta brúarlánið frá því að úrræðið tók gildi fyrir þremur mánuðum. Stjórnarformaður Icelandair Hotels segir vaxtakjörin ekki hafa verið mjög hagstæð.

Hörður Ægisson
hordur@frettabladid.is

Icelandair Hotels, ein stærsta hótelkeðja landsins, hefur gengið frá samkomulagi við Arion banka um samtals 1.200 milljóna króna brúarlán en ríkissjóður ábyrgist allt að 70 prósentum af fjárhæð lánsins. Þetta er fyrsta slíka lánið, en þau eru einkum ætluð meðalstórum og stórum fyrirtækjum í rekstrarvanda vegna kórónaveirufaraldursins til að standa undir launum og öðrum almennum rekstrarkostnaði, sem hefur verið veitt af stóru viðskiptabönkunum frá því að byrjað var að bjóða upp á úrræðið fyrir um þremur mánuðum.

Tryggvi Þór Herbertsson, stjórnarformaður Icelandair Hotels, segir í samtali við Markaðinn að um sé að ræða lánalínu og að markmið félagsins sé að reyna að draga sem minnst á hana. Aðspurður segist Tryggvi Þór ekki geta tjáð sig um vaxtakjörin á láninu en viðurkennir hins vegar að þau séu ekki mjög hagstæð, þrátt fyrir að ríkisábyrgð sé á láninu að hluta og lága vexti Seðlabankans um þessar mundir.

Heildarábyrgð ríkissjóðs gagnvart bönkunum vegna brúarlána getur að hámarki orðið 50 milljarðar króna. Heildarumfang slíkra lánveitinga getur því orðið ríflega 71 milljarður króna, miðað við að ábyrgð ríkisins getur numið allt að 70 prósentum af höfuðstól láns, en hún fellur niður eftir 30 mánuði frá veitingu láns. Fram til þessa hefur hins vegar eftirspurn fyrirtækja eftir slíkum lánum hjá Arion banka, Íslandsbanka, Landsbankanum og Kviku banka verið hverfandi.

Veiting brúarlána er háð ýmsum skilyrðum, meðal annars að fyrirtæki borgi ekki út arð, kaupi eigin hluti eða greiði út óumsamda kaup-

Icelandair Hotels reka meðal annars hótelið Canopy Reykjavík við Smiðjustíg. Það er lokað um þessar mundir. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

70%

er ábyrgð ríkisins á láninu til hótelkeðjunnar.

auka á meðan ríkisábyrgðar nýtur við. Samkvæmt heimildum Markaðarins hafa sum þessara skilyrða valdið því að eigendur félaga hafi af þeim sökum ekki viljað nýta sér þetta úrræði.

Tryggvi Þór segir að starfsemi Icelandair Hotels, sem reka fjórtán hótel um allt land, hafi gengið vel úti á landi í sumar þar sem herbergjanýtingin hafi verið yfir 90 prósent en verðið hafi hins vegar verið mun lægra en áður. Öðru máli gildi um hótelin í Reykjavík en þar hefur herbergjanýtingin verið afar dræm og allt útlit er fyrir erfiðan vetur. Öll hótel félagsins eru opin um þessar mundir, ef undan eru skilin Alda, Konsúlat og Marina í Reykjavík, að sögn Tryggva Þórs.

Icelandair Hotels eru í meirihlutaeigu malasísku fyrirtækjasamsteypunnar Berjaya Corporation. Félagið gekk frá kaupum á 75 prósenta hlut í hótelkeðjunni í byrjun apríl á árinu, af Icelandair Group – sem fer núna með fjórðungshlut í félaginu – en heildarkaupverð eignarhlutarins nam 45,3 milljónum dala, jafnviði 6,2 milljarða króna á núverandi gengi. Kaupverðið var lækkað um tíu milljónir dala frá því sem áður hafði verið samið um, vegna kórónaveirufaraldursins. Icelandair Group bókfærði engu að síður hjá sér hagnað upp á 15,4 milljónir dala vegna sölunnar, að því er fram kom í uppgjöri félagsins fyrir fyrsta ársfjórðung.

Tekjur Icelandair Hotels námu 97 milljónum dala á árinu 2018 og var EBITDA hótelrekstrarins – afkoma fyrir afskriftir, fjármagnsliði og skatta – á sama tíma jákvæð um sjö milljónir dala. Ársreikningur hótelkeðjunnar fyrir árið 2019 hefur ekki verið birtur.

Hagnaður H&M dróst saman um helming í 50 milljónir króna

Hagnaður sænsku fataverslanakeðjunnar H&M hér á landi dróst saman um 53 prósent á milli ára, eða í 50 milljónir króna rekstrarárið sem spannaði frá 1. desember 2018 til 30. nóvember árið 2019. Samdráttinn má einkum rekja til þess að félagið hóf að greiða fjármagnsgjöld, til aukinna afskrifta og aukins launakostnaðar.

Verslanakeðjan rekur sex verslanir hér á landi. Þrjár H&M-verslanir sem voru allar opnaðar fyrir síðasta rekstrarár, auk COS, Monki og Weekday sem voru opnaðar á rekstrarárinu.

Tekjur H&M á Íslandi jukust um 37 prósent á milli ára og námu 3,3 milljörðum króna á síðastliðnu rekstrarári. Fjöldi ársverka á árinu var 140 samanborið við 74 árið áður. Í lok árs voru 87 prósent starfsmanna konur en 13 prósent karlar, að því er fram kemur í ársreikningi.

Arðsemi eiginfjár á tímabilinu var 32 prósent. Eiginfjárhlutfallið var 15 prósent en eigið fé var 178 milljónir króna. Vaxtaberandi lán frá samstæðunni námu 703 milljónum króna. Samkvæmt ársreikningi nema árlegar leigugreiðslur um 174 milljónum króna.

Fram kemur í ársreikningi að

Samstæða H&M mun styðja við verslanir þess á Íslandi ef þörf krefur. H&M opnaði verslun á Hafnartorgi í október árið 2018. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK.

verslanakeðjan muni „halda áfram með áætlaða stækkun og opna nýja verslun á árinu 2020.“ Upplýst var síðastliðið sumar að H&M muni opna verslun á Glerártorgi á Akureyri í haust.

Sænska verslanakeðjan upplýsir að í mars þegar viðbrögð stjórnvalda við COVID-19 tóku gildi hérlendis hafi tekjur hafi dregist saman um 43 prósent á milli ára. Staðan hafi batnað aðeins í apríl og um miðjan maí var salan níu prósent minni en árið áður. Það gefi tilefni til hóflegrar bjartsýni.

Í ársreikningum segir að það taki tíma að ná stöðugleika á nýjum mörkuðum. „Þrátt fyrir þær áskoranir sem fylgja COVID-19 þá er þetta langtímafjárfesting á nýjum markaði.“ Eins og sjóðsstreymið gefi til kynna sé fyrirtækið með góða lausafjárstöðu. Fyrirtækið muni fá fjárhagslegan stuðning frá samstæðunni ef þörf krefji. Ekki sé þörf á því eins og sakir standa. **– hvj**

www.fi.is

Ísland er landið

Velkomin í skála Ferðafélags Íslands

Ferðafélag Íslands og deildir þess reka 40 fjallaskála á hálendinu og í óbyggðum.

Sjá nánar á www.fi.is

FERÐAFÉLAG ÍSLANDS | Mörkinni 6 | 108 Reykjavík | Sími 568 2533 | www.fi.is

Frank Brosens, stofnandi Taconic, stærsta kröfuhafa Kaupþings.

Greiddi út 73 milljarða til kröfuhafa

Eignarhaldsfélagið Kaupþing, sem var um margra ára skeið stærsti hluthafi Arion banka, greiddi út samtals 469 milljónir punda, jafnvirði um 73 milljarða króna á þáverandi gengi, til kröfuhafa sinna í fyrra en félagið vinnur að því selja eignir svo hægt sé slíta starfsemi félagsins.

Þar munaði mestu um sölu Kaupskila, dótturfélags Kaupþings, á eftirstandandi þriðjungshlut félagsins í Arion banka á árinu fyrir samtals um 47 milljarða króna. Þá greiddi félagið samtals 16,2 milljarða króna til íslenska ríkisins í samræmi við afkomuskiptasamning í tengslum við sölu á hlut þess í bankanum, að því er fram kemur í skýrslu stjórnar Kaupþings í nýbirtum ársreikningi.

16,2

milljarða greiddi Kaupþing til íslenska ríkisins í fyrra vegna sölu á eignarhlut í Arion banka.

Þar segir að töluverður árangur hafi náðst við úrlausn málaferla og ágreiningskrafna, meðal annars innheimta á 113 milljóna punda viðbótargreiðslu frá Oscatello-strúktúrnum vegna samkomulags sem gert var við Robert Tchenguiz og Tchenguiz Discretionary Trust í október 2018. Þá fékkst 97,7 milljóna evra greiðslu úr gjaldþrotameðferð Chesterfield United í kjölfar beiðni Kaupþings til dómstóla á Bresku jómfrúaeyjum um að skiptastjórum félagsins yrði gert skylt að greiða fjármunina út. Kaupþing náði einnig samkomulagi við Goldman Sachs í tengslum við langvinn málaferli félaganna.

Samtals hefur Kaupþing greitt skuldabréfaeigendum félagsins 2.937 milljónir punda með reiðufé en það samsvarar tæplega 95 prósentum af nafnvirði breytanlegu skuldabréfanna sem voru gefin út í ársbyrjun 2016 þegar slitabú Kaupþings lauk nauðasamningum.

Stjórn félagsins segir að í ljósi þess framgangs sem náðst hafi við sölu eigna á síðasta ári hafi hún nú til skoðunar með hvaða hætti sé best að ljúka starfsemi Kaupþings þegar nokkur lykilatriði hafa verið leyst. Slíkt gæti falið í sér sölu allra eftirstandandi eigna og að félagið sé sett í slitameðferð á næstu 12 mánuðum. Bókfært virði eigna Kaupþings nam rúmlega 52 milljörðum í árslok 2019.

Launakostnaður félagsins – fjöldi starfsmanna var 13 í lok síðasta árs – dróst saman um nærri helming og var um 1.625 milljónir á árinu. Þá minnkaði rekstrarkostnaður, sem samanstendur einkum af aðkeyptri sérfræðiþjónustu, um meira en þrjá milljarða á milli ára og var rúmlega 1.360 milljónir í fyrra.

Sjóðir í stýringu bandaríska vogunarsjóðsins Taconic Capital, sem er stærsti hluthafi Arion banka með liðlega 23 prósenta hlut, er sem fyrr umsvifamesti kröfuhafi Kaupþings með um 48 prósenta hlut. Aðrir helstu kröfuhafar félagsins í árslok 2019 voru Deutsche Bank, Och-Ziff Capital, Attestor Capital, JP Morgan, Citadel Equity, Kaupthing Singer & Friedlander Limited og Goldman Sachs. **– hae**

Minnkandi kaupmáttur gæti íþyngt afurðaverði fisks

Aukið atvinnuleysi í Bretlandi mun líklega koma niður á kaupmætti með haustinu. Bretland einn mikilvægasti útflutningsmarkaðurinn fyrir íslenskan fisk. Sala á frosnum þorskhnökkum til Bretlands hefur aukist um 60 prósent fyrstu sex mánuði ársins. Sala á samsvarandi ferskri vöru minnkað um 40 prósent.

Þórður Gunnarsson
thg@frettabladid.is

Íslenskir fiskverkendur óttast að markaðsaðstæður erlendis kunni að versna nokkuð með haustinu samfara minnkandi kaupmætti almennings ytra. Breytt neyslumynstur, sem meðal annars felst í lokun fiskborða í matvöruverslunum og þar með minnkandi eftirspurn eftir ferskum afurðum, gætu að sama skapi klippt út hluta virðiskeðju útflutningsverðmætis íslenskra sjávarafurða.

Stór hluti útflutnings fersks sjávarfangs frá Íslandi fer til Bretlands. Þar í landi komu stjórnvöld á bótakerfi vegna COVID-19 faraldursins sem líkist hlutabótakerfinu íslenska að nokkru leyti. Fram að síðustu mánaðamótum gátu vinnuveitendur í Bretlandi sent hinu opinbera reikning fyrir allt að 80 prósentum af launareikningi starfsmanna sinna sem ekki máttu mæta til vinnu. Verður þetta bótakerfi skalað niður smátt og smátt með haustinu. Fram kemur í nýlegri umfjöllun BBC að alls hafi 10 milljónir manna þegið bætur sem þessar frá því í vor, en samkvæmt nýjustu tölum frá Bretlandi var fjöldi vinnandi fólks 43,5 milljónir þar í landi. Þannig er nærri því fjórði hver maður á vinnumarkaði í Bretlandi á framfæri hins opinbera sem stendur, en óttast er að hrina atvinnuleysis muni skella á landinu með haustinu.

„Menn hafa áhyggjur af því að kaupmáttur á okkar helstu markaðssvæðum kunni að fara þverrandi með haustinu þegar ríkissjóður þessara landa hættir að borga laun stórs hluta vinnuaflsins," segir Pétur Pálsson, framkvæmdastjóri línuútgerðarinnar Vísis, sem hefur verið í fremstu röð við útflutning á ferskum fiski á síðastliðnum árum. Nánast allur fiskur sem skip Vísis landa er veiddur á línu sem skilar afla af háum gæðum og hentar vel til fersks útflutnings. Pétur nefnir að miklar fjárfestingar í vinnslu fyrirtækisins á síðastliðnum fjórum til fimm árum hjálpi þó til við að milda höggið sem hlaust af snarminnkandi eftirspurn eftir ferskum fiski. „Við getum framleitt allar tegundir af ferskum og frosnum fiski og getum framleitt 90 prósent frysta afurð einn daginn en skipt yfir í 90 prósent ferska þann næsta. Þar af leiðandi er hægt að mæta breyttum áherslum markaðanna frá degi til dags. Aðaláhyggjur okkar í dag snúa hins vegar að kaupmætti erlendis," segir Pétur.

Útflutningur á ferskum, slægðum þorski í gámum hefur minnkað um helming fyrstu sex mánuði ársins. MYND/GVA

> **Menn hafa áhyggjur af því að kaupmáttur á okkar helstu markaðssvæðum kunni að fara þverrandi með haustinu þegar ríkissjóður þessara landa hættir að borga laun stórs hluta vinnuaflsins.**
>
> Pétur Pálsson framkvæmdastjóri Vísis

Ásamt horfum á minnkandi kaupmætti hafa matvöruverslanir erlendis margar hverjar lokað fiskborðum með fersku sjávarfangi. Greint var frá því í Markaðinum þann 7. júlí síðastliðinn að Sainsbury's í Bretlandi hefði lokað allflestum fiskborðum í sínum verslunum, en félagið hefur um 15 prósenta markaðshlutdeild á breskum dagvörumarkaði. Bent hefur verið á að opin snerting við matvæli geti hugsanlega orsakað COVID-19 smit milli einstaklinga. Þó að ekkert sé sannað í þeim efnum virðast neytendur nú einfaldlega kjósa að kaupa innpökkuð matvæli fremur en að velja sér vænlegt flak úr fiskborðinu.

Útgerðin og fiskvinnslan G.Run á Grundarfirði á það sammerkt með Vísi í Grindavík að hafa tekið nýja fiskvinnslu í notkun nýlega og hefur því fært sig í auknum mæli yfir í framleiðslu á frystum fiski. „Þessi opna snerting við matvæli er vandamál í dag," segir Guðmundur S. Guðmundsson, framkvæmdastjóri G.Run. „Þetta er ekki gott fyrir okkur Íslendinga. Við höfum ekkert með að pakka ferskum afurðum í 200-500 gramma neytendapakkningar, það er of dýrt að flytja það út við núverandi aðstæður," segir hann og bætir við: „Þessi innpökkunarhluti virðiskeðju ferskra afurða gæti því stækkað og við hér norður í hafi eigum mjög erfitt með að taka þann hluta til okkar."

En þrátt fyrir að horfur séu hugsanlega í dekkri kantinum með tilliti til afurðaverðs í haust hefur verð á þorski í Bretlandi haldist nokkuð stöðugt frá vorinu. Meðalverð á þorski seldum til Bretlands lækkaði um tvö prósent á fyrstu sex mánuðum þessa árs miðað við sama tímabil í fyrra, samkvæmt gögnum frá Sea Data Center sem tekur saman markaðsverð sjávarafurða. Verð á frystum þorskhnökkum hefur jafnframt hækkað um 4 prósent samfara söluaukningu upp á 60 prósent. Sú söluaukning kemur þó ekki af sjálfu sér því sala á ferskum þorskhnökkum hefur dregist saman um 40 prósent á fyrstu sex mánuðum ársins. Stórt högg hefur jafnframt verið hoggið í útflutning á slægðum, ferskum þorski, en þar hefur magn dregist saman um helming á tímabilinu janúar til júní.

> **Við höfum ekkert með að pakka ferskum afurðum í 200-500 gramma neytendapakkningar.**
>
> Guðmundur Smári Guðmundsson, framkvæmdastjóri G.Run

Meira framboð á frosnum þorski inn í Bretland hefur komið illa niður á verði á ýsu, en Bretland er mikilvægasti markaður Íslands fyrir þá tegund. Heildarútflutt magn ýsu á fyrstu sex mánuðum ársins til Bretlands minnkaði þannig um 16 prósent. Er það þrátt fyrir að aukning á útflutningi frystra ýsuafurða hafi mælst um 40 prósent.

Bent hefur verið á að veitingastaðir sem selja fyrst og fremst steiktan fisk og franskar kartöflur, sem er meðal vinsælustu rétta Bretlands, hafi sætt lagi þegar þeir sáu stóraukið framboð af frosnum þorski frá Íslandi og minnkað innkaup á ýsu og tekið inn þorsk í staðinn, enda alla jafna talinn afgerandi betri matfiskur.

Félag Guðbjargar tapaði hálfum milljarði

Eignarhaldsfélagið Kristinn, sem er í eigu Guðbjargar Matthíasdóttur útgerðarkonu og fjárfestis, tapaði 500 milljónum króna á síðasta ári en tapið má að mestu leyti rekja til niðurfærslu á bókfærðu virði dótturfélaga.

Kristinn heldur utan um eignarhluti Guðbjargar í framleiðslu- og heildsölufyrirtækinu ÍSAM, Korputorgi, sex öðrum fasteignafélögum og Kassagerð Reykjavíkur, sem eru bókfærðir á samtals 8,3 milljarða króna. Félagið á einnig verðbréf sem voru bókfærð á 8,9 milljarða.

20

milljörðum króna nam eigið fé eignarhaldsfélagsins Kristins ehf. í árslok 2019.

Niðurfærsla á dótturfélögum nam samtals 1.336 milljónum króna og vó þar mest niðurfærsla á ÍSAM sem nam milljarði króna. Vaxtatekjur og verðbreytingar markaðsverðbréfa voru hins vegar jákvæðar um 1.267 milljónir. Eftir taprekstur ársins er eigið fé Kristins rétt tæplega 20 milljarðar króna.

ÍV fjárfestingafélag, sem er einnig í eigu Guðbjargar, hagnaðist hins vegar um tæplega 1,2 milljarða króna á síðasta ári. Félagið heldur meðal annars utan um eignarhluti í Ísfélagi Vestmannaeyja og Tryggingamiðstöðinni. Bókfært virði eignarhlutarins í Ísfélaginu, sem nemur 89 prósentum, nam tæplega 15,5 milljörðum króna í lok síðasta árs og hækkaði um tæplega 1,7 milljarða á árinu. Það er langstærsta eign félagsins en alls nema þær 17 milljörðum króna.

Eigið fé ÍV fjárfestinga nam tæplega 17 milljörðum í lok ársins. Samanlagt eigið fé beggja félaga nemur því 37 milljörðum króna. **– þfh**

ÚTSALAN ER Í FULLUM GANGI!

ALLT AÐ

50% AFSLÁTTUR!

STÓRLÆKKAÐ VERÐ Á YFIR 1000 TÖLVUVÖRUM

tl.is

TÖLVU LISTINN

REYKJAVÍK AKUREYRI EGILSSTAÐIR REYKJANESBÆR SELFOSS AKRANES

Nýjar höfuðstöðvar Landsbankans verða um 1,8 milljörðum króna dýrari en frumáætlun frá árinu 2017 gerði ráð fyrir. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Þorsteinn Friðrik Halldórsson
tfh@frettabladid.is

Heilmikið framboð í farvatninu

Útlit er fyrir að tugir þúsunda fermetra af skrifstofuhúsnæði komi inn á markaðinn á næstu árum. Forstjóri Eikar segir markaðinn í góðu standi en að miðbærinn eigi undir högg að sækja. Landsbankinn mun selja gamla aðalútibúið.

Framboð á skrifstofuhúsnæði í miðborginni mun aukast til muna á næstunni. Samantekt Markaðarins gefur til kynna að hátt í 44 þúsund fermetrar geti flætt inn á markaðinn á næstu þremur árum og ef ráðist verður í uppbyggingu á Stjórnarráðsreitnum til að sameina skrifstofur ráðuneytanna eykst magnið til muna.

„Ef við tökum fyrir skrifstofuhúsnæði þá er ljóst að það er mikið framboð að fara að koma inn á markaðinn," segir Þröstur Þórhallsson, fasteignasali hjá Mikluborg, sem hefur víðtæka reynslu af viðskiptum með atvinnuhúsnæði. Hann telur útlit fyrir að nokkrir tugir þúsunda fermetra geti komið inn á markaðinn á allra næstu árum.

„Það þarf líka að hafa í huga að þetta eru ekki framkvæmdir á vegum einkafyrirtækja heldur ríkisins að mestu leyti þannig að það er ljóst að þær munu klárast. Fjármagnið mun ekki skorta," segir Þröstur.

Landsbankinn stendur að uppbyggingu á nýjum höfuðstöðvum við Austurhöfn sem munu kosta um 11,8 milljarða króna. Uppbyggingin gerir bankanum kleift að komast úr 21 þúsund fermetra skrifstofurými í 10 þúsund fermetra. Þannig mun losna um verulegt rými þegar bankinn flytur starfsemina en verklok eru áætluð árið 2022.

> **Þetta eru ekki framkvæmdir á vegum einkafyrirtækja heldur ríkisins að mestu leyti þannig að það er ljóst að þær munu klárast. Fjármagnið mun ekki skorta.**

Þröstur Þórhallsson, fasteignasali hjá Mikluborg

Höfuðstöðvar Landsbankans í dag eru í þrettán húsum í miðborginni og eru einungis fjögur þeirra í eigu bankans. Stór hluti af skrifstofurými bankans í miðborginni er í eigu Eikar fasteignafélags.

Í svari Landsbankans við fyrirspurn Markaðarins kemur fram að bankinn hafi ákveðið að selja fasteignir sínar í miðborginni. Af þeim er Austurstræti 11, sem hýsir aðalútibúið, langstærst og nam fasteignamat þess árið 2019 1.913 milljónum króna.

Nýja húsnæðið við Austurhöfn mun spanna 16.500 fermetra. Landsbankinn gerir ráð fyrir að nýta 60 prósent hússins, eða um 10 þúsund fermetra, en leigja frá sér eða selja um 40 prósent, eða um 6.500 fermetra. Nýtingaráætlun bankans er óbreytt, að því er kemur fram í svari bankans. Í áætlunum er miðað við að leiga eða sala á þeim hluta nýja hússins sem verður leigður eða seldur standi að minnsta kosti undir byggingarkostnaði.

„Það verður alltaf einhver eftirspurn eftir skrifstofuhúsnæði í miðbænum en þetta er mikið magn og það getur tekið tíma að koma öllum þessum fermetrum í vinnu," segir Þröstur. Hann bætir við að glæsileiki og einstök staðsetning nýrra höfuðstöðva Landsbankans auðveldi bankanum að leigja eða selja hluta hússins þegar það verður fullbyggt.

Bankasýsla ríkisins hafði komið þeim sjónarmiðum á framfæri við bankaráð Landsbankans að mikilvægt væri fyrir bankann að draga úr fjárhagslegri áhættu vegna byggingar nýrra höfuðstöðva, meðal annars í ljósi þess að bankinn myndi einungis nýta hluta af þeirri byggingu.

„Ekki hefur verið lagt sérstakt mat á hvort fjárhagsleg áhætta hafi aukist vegna COVID-19 en við gerum áfram ráð fyrir að nútímalegt, umhverfisvottað skrifstofu- og þjónustuhúsnæði á góðum stað í miðborg Reykjavíkur verði eftirsótt til framtíðar, jafnt til útleigu og til eignar," segir í svari bankans við fyrirspurn Markaðarins.

Hluti af nýju byggingunni mun hýsa verslun og þjónustu. Þröstur bendir á að verslunarhúsnæði í miðborginni hafi gefið eftir og víða má sjá tóma verslunarglugga á Laugaveginum.

„Rekstrarkostnaður atvinnuhúsnæðis hefur hækkað mikið á síðustu árum og við það bætist að markaðurinn er enn að jafna sig á uppbyggingunni á Hafnartorgi. Það getur tekið tíma," segir Þröstur. Ef ferðamenn byrji ekki að streyma til landsins fyrr en á næsta ári verði ástandið áfram erfitt.

„En varðandi framtíð verslunarhúsnæðis í miðborginni þá má ekki gleyma því að nýjar íbúðir í Þverholti, Bríetartúni, Hverfisgötu, Hafnartorgi og Austurhöfn koma til með að taka til sín vel á annað þúsund nýja íbúa sem vilja örugglega versla í sínu nærumhverfi," bætir Þröstur við.

„Það kann að hljóma undarlega en ég sé fyrir mér að það gætu skapast kauptækifæri fyrir verslunarhúsnæði í miðbænum fljótlega."

Þá bendir hann einnig á að vel hafi gengið hjá þeim sem standa að

Raunverð atvinnuhúsnæðis á höfuðborgarsvæðinu



Aukið framboð á atvinnuhúsnæði í miðborg Reykjavíkur

Nýbygging Landsbankans
Rýmið sem Landsbankinn mun leigja út eða selja frá sér
Stærð: 6.500 fermetrar
Áætluð verklok: 2022

Húsnæði Landsbankans
Rýmið sem losnar þegar Landsbankinn flytur sig um set
Stærð: 21 þúsund fermetrar
Flutningar: 2022

Skrifstofur Alþingis
Rýmið sem losnar þegar skrifstofur Alþingis verða fluttar
Stærð: 4.500 fermetrar
Flutningar: 2023

Kirkjusandsreitur
Uppbygging á nýju skrifstofuhúsnæði
Stærð: 7 þúsund fermetrar
Áætluð verklok: 2023

Hagræðing Skattsins
Hagræðing við flutninga í minna húsnæði
Hagræðing: 5 þúsund fermetrar
Flutningar: 2021

Stjórnarráðsreiturinn (áætlað)
Rýmið sem getur losnað við flutninga ráðuneyta yfir í fyrirhugaða nýbyggingu á Stjórnarráðsreit
Stærð: 24 þúsund fermetrar (áætlað)
Flutningar: Óvíst

Samtals aukið framboð: 44 þúsund fermetrar
Samtals með Stjórnarráðsreit: 68 þúsund fermetrar

Engin einkafyrirtæki eru að fara að stækka verulega við skrifstofurýmið á næstu misserum. Þessi geiri er búinn að breytast og verður aldrei eins.

Tómas Hilmar Ragnarz, framkvæmdastjóri Regus

Grósku í Vatnsmýrinni að leigja út húsnæði.

„Samkvæmt mínum heimildum er búið að ráðstafa um 75 prósentum af húsinu. Húsið er tæplega 18.000 fermetrar auk bílakjallara og því búið að ráðstafa um 13.500 fermetrum."

Miklar hreyfingar

Fyrsta skóflustungan að nýbyggingu Alþingis, sem mun standa á milli Kirkjustrætis, Vonarstrætis og Tjarnargötu og verður 6 þúsund fermetrar að stærð, var tekin fyrr á þessu ári. Í byggingunni verður sameinuð á einum stað öll starfsemi nefndasviðs, skrifstofur þingmanna og funda- og vinnuaðstaða þingflokka. Verklok eru áætluð 2023.

Alþingi hefur um árabil leigt aðstöðu, sem nemur um 4.500 fermetrum, fyrir starfsemi sína í nokkrum húsum að Austurstræti. Aðstaðan er að mestu í leyti í eigu fasteignafélagsins Reita sem mun þurfa að finna nýja leigutaka.

Einnig er unnið að uppbyggingu á skrifstofuhúsnæði á Kirkjusandsreitnum við gömlu höfuðstöðvar Íslandsbanka. Húsnæðið verður rúmlega 7 þúsund fermetrar.

Auk þess eru uppi áform um uppbyggingu á svokölluðum Stjórnarráðsreits sem markast af Ingólfsstræti, Skúlagötu, Klapparstíg og Lindargötu. Gert er ráð fyrir að flest og jafnvel öll ráðuneyti muni flytja í bygginguna en samkvæmt úttekt Framkvæmdasýslu ríkisins frá árinu 2016 voru ráðuneytin þá að nota samtals um 24 þúsund fermetra.

Öll ráðuneytin eru staðsett í miðborginni eða miðsvæðis og því losnar um verulegt skrifstofuhúsnæði ef ráðist verður í uppbyggingu á reitnum.

Þá leitar Skatturinn, sem varð til við sameiningu Ríkisskattstjóra og Tollstjóra, og Skattrannsóknarstjóri, að nýju sameiginlegu húsnæði. Í dag er húsakostur Skattsins að Laugavegi og í Tollhúsinu að Tryggvagötu en Skattrannsóknarstjóri er í Borgartúni. Samtals er um að ræða 15 þúsund fermetra en áætlun Framkvæmdasýslu ríkisins gerir ráð fyrir hagræðingu upp á 5 þúsund fermetra.

Ef allt er tekið saman, það er að segja uppbygging á nýju húsnæði sem ekki hefur nú þegar verið ráðstafað, rýmið sem flutningar stofnana og ríkisfyrirtækja skilja eftir sig og fyrirhuguð hagræðing ríkisstofnana á skrifstofuhúsnæði, þá nemur umfangið, sem kemur inn á markaðinn á næstu þremur árum, 44 þúsundum fermetrum. Ef gert er ráð fyrir að byggt verði á Stjórnarráðsreitnum, að öll ráðuneyti sameinist þar undir einu þaki og losi sig við núverandi skrifstofuhúsnæði, hækkar sú tala í 68 þúsund.

Miðbærinn þurfi að ganga í gegnum breytingar

Garðar Hannes Friðjónsson, forstjóri Eikar fasteignafélags, segir að gera þurfi skýran greinarmun á skrifstofuhúsnæði í miðbænum og annars staðar. Í heild sinni sé markaðurinn fyrir skrifstofuhúsnæði í góðu standi en miðbærinn eigi undir högg að sækja.

„Þróunin í miðbænum hefur ekki verið góð að vissu leyti. Fólk hefur kvartað yfir framkvæmdum, aðgengi, skorti á bílastæðum og miklum kostnaði við að leggja í miðbænum. Þetta hefur leitt af sér töluverðan flótta úr miðbænum," segir Garðar.

„Á styttri endanum er ég svartsýnn á þróunina í miðbænum en til lengri tíma litið er ég bjartsýnn. Það mun til dæmis gjörbreyta stöðunni þegar Borgarlínan verður tekin í gagnið þannig að fólki verði auðveldað að fara niður í bæ," bætir Garðar við. „Ég hef trú á því að miðbærinn eigi eftir að blómstra en hann á eftir að ganga í gegnum breytingar."

Þá nefnir Garðar að Eik geti brugðist við breyttum aðstæðum á markaði með því að umbreyta eignum sínum og notkunarmöguleikum þeirra. Til dæmis með því að breyta atvinnuhúsnæði í íbúðarhúsnæði. „Það er ekki útilokað að það verði breytt notkun á eignum okkar niðri í bæ."

Þróunin í miðbænum hefur ekki verið góð að vissu leyti [...] Þetta hefur leitt af sér töluverðan flótta.

Garðar Hannes Friðjónsson, forstjóri Eikar fasteignafélags

Verð lækkar ef markaðurinn virkar

Tómas Hilmar Ragnarz, framkvæmdastjóri og eigandi Regus, bendir á að mikið framboð geti haft raskandi áhrif á markaðinn.

„Það er að koma framboð af stóru skrifstofurými í miðborginni sem myndar þrýsting á verðið. Ef markaðurinn virkar sem skyldi mun verð lækka," segir Tómas en bætir við að öfugt við stórt skrifstofurými sé of lítið framboð af minna skrifstofurými.

Verðvísitala atvinnuhúsnæðis lækkaði um tæp 12 prósent að raunvirði á milli ára á fyrsta ársfjórðungi þessa árs samkvæmt greiningu sem Seðlabanki Íslands birti í ritinu Fjármálastöðugleiki um mitt sumar. Veltan á markaðinum minnkaði sömuleiðis.

„Þar sem áhrif farsóttarinnar komu ekki fram af fullum þunga fyrr en í lok ársfjórðungsins og náðu hámarki eftir að honum lauk er líklegt að frekari verðlækkunar sé að vænta í mælingu annars ársfjórðungs," skrifuðu greinendur Seðlabankans. „Því gæti á komandi misserum reynt á viðnámsþrótt bæði þeirra sem eiga og þeirra sem fjármagna atvinnuhúsnæði."

Fyrir fjármálahrunið í október 2008 hafði verð atvinnuhúsnæðis náð hápunkti í mars á sama ári. Í lok árs 2008 hafði verðið lækkað um 19 prósent. Það náði lágpunkti í desember 2011 og hafði þá lækkað um samtals 63 prósent.

Verð á atvinnuhúsnæði hækkaði síðan verulega á árunum 2012 til 2019 og náði hápunkti í júní það árið. Frá júní 2019 til mars 2020 lækkaði verðið um 21 prósent.

Enginn mun stækka við sig

Tómas hjá Regus segir að markaðurinn hafi gjörbreyst í febrúar þegar kórónaveirufaraldurinn skall með fullum þunga á heimsbyggðinni. Markaðurinn hefur samt verið að breytast mikið síðustu ár í þá átt að það er krafa um meiri sveigjanleika en gamla módelið býður upp á.

„Stórfyrirtæki úti í heimi eru segja starfsfólki að vinna heima hjá sér út árið og langt inn í næsta ár. Fjarvinna er ekkert tiltökumál lengur og það verður sífellt meiri krafa um að vinna nálægt heimilinu. Þessi hugmynd um að keyra bæinn endilangan til þess eins að sitja fyrir framan tölvuskjá er úrelt. Við sjáum merki þess um allan heim hjá samstarfsaðilum okkar og einnig á Íslandi," segir Tómas.

Breytt viðhorf gagnvart vinnuaðstöðu starfsfólks er komið til að vera í einkageiranum að mati Tómasar. Fyrirtæki sjá tækifæri í sveigjanlegu fyrirkomulagi þannig að leigukostnaður verði breytilegur og sveiflist í takt við umsvifin. Hins vegar ríkir gamli hugsunarhátturinn enn hjá hinu opinbera.

„Engin einkafyrirtæki eru að fara að stækka verulega við skrifstofurýmið á næstu misserum. Þessi geiri er búinn að breytast og verður aldrei eins," segir Tómas.

„Það sama er ekki hægt að segja um ríkisfyrirtæki og opinberar stofnanir þar sem tilhneigingin verður áfram sú að sameinast í risastóru rými, helst í nýbyggingu miðsvæðis, og þá losnar rýmið þar sem stofnanirnar eru nú."

Dýrkeyptar eldsneytisvarnir flugsins á tímum sveiflukennds olíuverðs

Uppsafnaður kostnaður Icelandair Group vegna eldsneytisvarna frá ársbyrjun 2015 er nærri 18 milljarðar. Mótaðilar félagsins í eldsneytisvarnarsamningum eru meðal þeirra kröfuhafa sem þarf að semja við fyrir hlutafjáraukninguna. Fjölmörg flugfélög fóru illa út úr niðursveiflu olíuverðsins á þessu ári. Icelandair keypt olíuvarnir til að verja um 40-60 prósent af áætlaðri olíunotkun.

Þórður Gunnarsson
thg@frettabladid.is

Uppsafnað tap af eldsneytisvörnum Icelandair frá ársbyrjun 2015 og fram á mitt ár 2020 nemur um 130 milljónum Bandaríkjadala. Þetta má finna út með því að skoða virkt eldsneytisverð Icelandair í uppgjörum félagsins og bera saman við stundarverð á flugvélaeldsneyti á heimsmarkaði hverju sinni (e. spot price). Miðað við gengi dalsins í dag nemur upphæðin um 17,7 milljörðum króna. Til samanburðar sækist félagið nú eftir allt að 29 milljörðum króna í væntanlegu hlutafjárútboði.

Uppsafnað tap af eldsneytisvarnarsamningum nemur því að minnsta kosti 60 prósentum af þeirri fjárþörf sem stjórnendur félagsins áætla nú fyrir hlutafjárútboðið. Mótaðilar Icelandair í framvirkum samningum sem keyptir voru til að verja eldsneytisverð, eru meðal annarra fjárfestingabankarnir Goldman Sachs og Macquire Group, samkvæmt heimildum Markaðarins.

Eldsneytisvarnarsamningar eru oft notaðir af flugfélögum til að verja sig gegn sveiflum í eldsneytisverði. Einkum og sér í lagi er þar horft til sveiflna upp á við. Gjarnan verja flugfélög sig með þeim hætti að eldsneytiskostnaður þeirra haldist inni á ákveðnu verðbili. Fari svo að olíuverð fari upp fyrir efra verðbilið fær flugfélagið greiddan mismuninn frá mótaðila sínum. Á sama hátt þarf flugfélagið að greiða mótaðila sínum fari olíuverð niður fyrir neðra verðbil.

Sjá má á gögnum um virkt eldsneytisverð Icelandair á árunum 2015 til 2016, mikið tap af eldsneytisvörnum félagsins miðað við stundarverð á mörkuðum á þeim tíma. Olíuverð hafði lækkað hratt á árinu 2014 sökum offramboðs á mörkuðum og tók ekki að hjarna við fyrr en snemma árs árið 2017. Uppsafnað tap fyrir árin 2015 og 2016 var engu að síður meira en 81 milljón dala. Hagnaður upp á 34 milljónir dala varð á fyrsta fjórðungi 2017, en auk fyrstu þriggja fjórðunga ársins 2018 er um að ræða einu fjóru fjórðungana á tímabilinu frá 2015 og til loka fyrsta fjórðungs þessa árs sem eldsneytisvarnir Icelandair skiluðu hagnaði. Á fjórða ársfjórðungi komu eldsneytisvarnir félagsins nokkurn veginn út á sléttu, en meðalolíuverð á þeim ársfjórðungi stóð í um það bil 64 dölum fyrir fatið.

Meðal þeirra aðila sem Icelandair ræðir nú við vegna fjárhagslegrar endurskipulagningar félagsins, eru mótaðilar í þessum eldsneytisvarnarsamningum. Sem áður segir eru það meðal annars fjárfestingabankarnir Goldman Sachs og Macquire Group. Sá síðarnefndi er einkar umfangsmikill við sölu áhættuvarnarsamninga til fyrirtækja sem bera verðáhættu vegna ýmissa hrávara.

Það er ekkert óeðlilegt að kostnaður fylgi áhættuvörnum, enda er þeim ætlað að koma í veg fyrir að rekstur félaga taki á sig mikla skelli. Sé lítið til taps á áhættuvörnum á fyrsta fjórðungi þessa árs, er einsýnt að algjört hrun á olíumörkuðum orsakaði það. Fram hefur komið í erlendum fjölmiðlum að írska flugfélagið Ryanair miðaði sínar áhættuvarnir á árinu 2020 við að olíuverðið yrði að meðaltali 83 dalir á tunnuna og tap félagsins af samningunum metið vel norðan við einn milljarð evra, eða sem nemur um 161 milljarði króna. Svipaðar fjárhæðir var um að ræða hjá félögunum EasyJet, KLM og British Airways, svo einhver dæmi séu tekin. Það styrkir því eflaust samningsstöðu Icelandair gagnvart mótaðilum sínum í áhættuvörnum, að hvert einasta flugfélag sem hafði einhvers konar áhættuvarnir fékk stóran skell við olíuverðshrunið í kjölfar yfirreiðar COVID-19.

Vinna við fjárhagslega endurskipulagningu Icelandair Group, sem felur í sér að ná samningum við fimmtán lánardrottna, íslensk stjórnvöld og Boeing stendur yfir, en búist er við að niðurstaða hennar liggi fyrir í vikunni, mögulega strax í dag. Eva Sóley Guðbjörnsdóttir, framkvæmdastjóri fjármálasviðs félagsins, sagði aðspurð í samtali við Fréttablaðið þann 21. júlí síðastliðinn að Icelandair hefði keypt olíuvarnir til þess að verja um 40-60 prósent af áætlaðri olíunotkun í hverjum mánuði, sem væri í takt við áhættustefnu félagsins, áður en kórónaveiran skall á heimsbyggðinni. Þá snarminnkaði olíunotkun flugfélagsins.

„Við höfum verið að gera upp olíuvarnir í hverjum mánuði þegar þær falla á gjalddaga. En það eru ýmsir möguleikar í stöðunni, til dæmis að loka vörnum fram í tímann og þá mögulega með afslætti eða að færa þær lengra inn í framtíðina. Við heyrum af því að önnur flugfélög hafa farið báðar þessar leiðir," sagði Eva.

Við vinnslu fréttarinnar hafði Icelandair ekki svarað fyrirspurnum Fréttablaðsins sem lutu að því hvernig eldsneytisvörnum verður háttað eftir hlutafjáraukningu, að hversu miklu leyti nýtt hlutafé verður nýtt til að gera upp skuldir gagnvart mótaðilum í eldneytisvarnarsamningum, eða hvort ákvörðun hafi verið tekin um að breyta stefnu félagsins í þessum efnum.

Mörg alþjóðleg flugfélög fóru illa út úr olíuverðslækkuninni fyrr á þessu ári vegna áhættuvarnarstefnu sinnar. FRÉTTABLAÐIÐ/ ERNIR

29

milljarða áformar Icelandair að sækja í hlutafjárútboði.

Virkt eldsneytisverð Icelandair miðað við stundarverð



» Á meðal mótaðila Icelandair Group í eldneytisvarnarsamningum eru fjárfestingabankarnir Goldman Sachs og Macquire Group.

Framleiða lyfið remdesivir undir stjórn Sigga

Breska lyfjafyrirtækið Hikma, sem stýrt er af Sigurði Óla Ólafssyni, mun hefja framleiðslu á remdesivir, sem hefur reynst vel gegn kórónaveirunni, fyrir bandaríska lyfjarisann Gilead. Reuters hefur eftir Sigurði Óla, eða Sigga eins og hann er nefndur, að framleiðslan verði í verksmiðju fyrirtækisins Portúgal og hefjist bráðlega. „Skilyrði samningsins eru trúnaðarmál, við erum einfaldlega verktaki fyrir Gilead. Þeir leggja inn pantanir í takt við væntingar um sölu," sagði Siggi í samtali við Reuters.

Rannsóknir undanfarna mánuði hafa leitt í ljós að remdesivir, sem var upphaflega þróað gegn lifrarbólgu C og notað gegn ebólu, sé eitt af tveimur lyfjum sem hafa sértæka verkun á kórónaveiruna.

Bandarísk stjórnvöld hafa keypt upp allar birgðir af lyfinu remdesivir út september og hefur Gilead því unnið hörðum höndum að því að finna samstarfsfyrirtæki í mismunandi heimsálfum til að auka framleiðsluna. Markmiðið er að framleiða næga skammta fyrir tvær milljónir sjúklinga á þessu ári.

Siggi var ráðinn forstjóri Hikma í febrúar 2018 en hann hafði áður starfað sem forstjóri Actavis og forstjóri samheitalyfjasviðs Teva, móðurfélags Actavis. Hlutabréf fyrirtækisins hækkuðu um tæplega sex prósent eftir að greint var frá samningnum við Gilead og góðu uppgjöri sem fór fram úr væntingum greinenda.

– þfh

6%

nam hækkun hlutabréfaverðs Hikma eftir að greint var frá samningi fyrirtækisins við lyfjarisann Gilead.

Sigurður Ólafsson, eða Siggi, er forstjóri breska félagsins.

Verðlaunum ekki óvarkárni

Guðný Halldórsdóttir, formaður Hagsmunafélags kvenna í hagfræði.

COVID-19 heimsfaraldurinn og viðbrögð við honum hafa skapað margar nýjar áskoranir fyrir íslenskt samfélag líkt og önnur. Nýlega hafa heyrst raddir þess efnis að greiða skuli starfsmönnum ríkisins laun í heimkomusmitgát, líkt og hefur verið tilfellið fyrir fólk í sóttkví – að ekki ætti að gera greinarmun á þessu tvennu. Heimkomusmitgát felst í því að íslenskir ríkisborgarar og aðrir búsettir hér á landi haldi sig til hlés í eilítið vægari útgáfu af sóttkví í fjóra til fimm daga að lokinni fyrstu sýnatöku við komu til Íslands og fari þá í seinni sýnatöku. Sé síðari sýnataka neikvæð er heimkomusmitgát hætt. Ljóst er að margir einstaklingar í heimkomusmitgát munu ekki geta sinnt störfum sínum meðan á henni stendur og telur BHM til að mynda að bæta eigi starfsmönnum ríkisins vinnutapið.

Frá sjónarhóli hagfræðinnar er hægt að færa rök fyrir því að launagreiðslur í heimkomusmitgát myndu valda samfélagslegu tjóni. Slíkar greiðslur tækju ekki tillit til raunverulegs kostnaðar vegna utanlandsferða og myndu þannig skapa vafasama hvata í samfélaginu. Í þessu samhengi er mikilvægt að átta sig á því að á tímum COVID-19 fellur raunverulegur kostnaður utanlandsferðar ekki einungis á þann einstakling sem kýs að ferðast, heldur einnig á aðra óviðkomandi aðila vegna þeirrar áhættu sem í ferðalawginu felst. Það getur leitt til þess að fjöldi utanlandsferða verður meiri en talist getur þjóðhagslega hagkvæmt.

Ímyndum okkur að einstaklingur sem ferðast til útlanda þyrfti að samþykkja að bera allan kostnað af ferðinni – ekki bara flugmiðann og hótelið heldur einnig vegna sýnatöku, mögulegrar smitrakningar ef hann greinist með veiruna, vinnutap og kostnað annarra sem kynnu að smitast vegna hans, o. s. frv. Slíkur einstaklingur myndi líklega ekki halda utan nema það veitti honum þeim mun meiri ánægju eða ef brýna nauðsyn bæri til. Einstaklingur sem þyrfti einungis að borga fyrir það hefðbundna sem snýr að ferðalaginu og velti öðrum kostnaði á aðra væri hins vegar talsvert líklegri til að taka áhættu sem gæti þótt þjóðhagslega óhagkvæm.

> **Við búum við afar óvenjulegar aðstæður og hið opinbera ætti að varast að skapa hvata til óhóflegrar áhættusækni á sama tíma og hún berst við að takmarka tjónið sem hlýst af COVID-19.**

Í ljósi þess gríðarlega samfélagslega kostnaðar sem getur fylgt ferðalögum Íslendinga erlendis væri óvarkárt að skapa frekari hvata til slíkrar hegðunar. Nú þegar er ósamræmi í áhættu og kostnaði líkt og nefnt hefur verið að ofan, en greiðsla launa í heimkomusmitgát myndi búa til enn meiri hvata til óhóflegrar áhættusækni. Launatap í heimkomusmitgát væri dæmi um kostnað sem einstaklingur þyrfti að taka til greina þegar hann tæki ákvörðun um hvort halda skyldi í utanlandsferð – ef sá kostnaður væri ekki fyrirséður aukast líkurnar á að ákveðið væri að fara í slíka ferð. Væru laun greidd í heimkomusmitgát má í raun segja að einstaklingur, sem er ekki í þeirri stöðu að geta sinnt sínu starfi að heiman, sé beinlínis verðlaunaður fyrir áhættutökuna, því hann „græðir“ allt að fjóra til fimm launaða frídaga til viðbótar. Jafnvel þó einhverjar skorður yrðu settar þessu tengdar, kemur ekkert í veg fyrir að slíkur einstaklingur fari í sumarbústað, í versta falli er hægt að slaka á heima og njóta lífsins. Þetta myndi auka enn á ójafnvægi kostnaðar og áhættu vegna ferðarinnar. Í samanburði mun ábyrgur einstaklingur sem kýs að ferðast innanlands og gæta ítrustu varkárni þurfa að sætta sig við færri frídaga en samstarfsmaðurinn sem tók meiri áhættu. Ekki er það til þess fallið að hvetja fólk til að fara að öllu með gát, samfélaginu til hagsbóta.

BHM gætir eðli máls samkvæmt hagsmuna félagsmanna sinna. Undir venjulegum kringumstæðum væri ósanngjarnt að banna fólki að mæta til vinnu og neita því jafnframt um laun. Við búum hins vegar við afar óvenjulegar aðstæður og hið opinbera ætti að varast að skapa hvata til óhóflegrar áhættusækni á sama tíma og það berst við að takmarka tjónið sem hlýst af COVID-19. Ábati ferðalangsins, flugfélagsins, hótelsins og annarra þátttakenda í þeim viðskiptum, er að því er virðist langtum minni en samfélagslegi kostnaðurinn sem felst í sýnatöku, eftirliti, smitrakningum og mögulegri lömun hagkerfisins ef allt fer á versta veg.

Mikilvægast að halda fókus í vexti

Svipmynd

Aðalheiður Hreinsdóttir

Nám:
BS.c. í Tölvunarfræði og BS.c. í Heilbrigðisverkfræði.

Störf:
Einn af stofnendum Costner ehf. sem hefur unnið að þróun LearnCove, en starfaði áður sem hugbúnaðarsérfræðingur hjá Fraunhofer CESE í Bandaríkjunum og forritari hjá Advania.

Fjölskylduhagir:
Í sambúð, fumburður væntanlegur í október.

Rútína Aðalheiðar, einn stofnendum fyrirtækisins Costner, hefur riðlast að undanförnu enda er hún komin langt á leið í meðgöngu.

Aðalheiður Hreinsdóttir, meðstofnandi fræðslu- og skólahugbúnaðarins LearnCove, sigraði á dögunum í flokki íslenskra stofnenda í Arctic Future Challenge. Hún mun því keppa fyrir Íslands hönd á móti fulltrúum átta annarra norðurslóðaríkja í lokakeppninni. Markmið keppninnar er að styrkja nýsköpunar- og frumkvöðlafyrirtæki sem stýrt er af ungu fólki og vekja í senn athygli á spennandi og samfélagslega mikilvægum nýsköpunarverkefnum á norðurslóðum.

Hver eru þín helstu áhugamál?
Ég hef alltaf verið mikið fyrir íþróttir. Ég spilaði handbolta með Stjörnunni og Val en lagði skóna á hilluna fyrir tveimur árum. Síðan þá hef ég verið í CrossFit.

Hvernig er morgunrútínan þín?
Ég reyni að fara á morgunæfingu 2-3 í viku og vakna þá kl. 6.30. Hina dagana mæti ég snemma til vinnu þar sem samstarfsaðilar okkar í Evrópu eru 1-2 tímum á undan okkur. Áður en ég hef vinnudaginn byrja ég yfirleitt á staðgóðum hafragraut með einhverju fersku. Rútínan er reyndar aðeins búin að riðlast undanfarið þar sem ég er á 33. viku meðgöngu.

Hver var kveikjan að LearnCove?
Við lærum öll á mismunandi hátt þar sem styrkleikar okkar og áhugasvið eru ólík. Þrátt fyrir það hafa flest fræðslukerfi verið þróuð á þann hátt að námsefni er borið fram með sömu nálgun gagnvart öllum nemendum.

LearnCove var þróað til að mæta betur fjölbreyttum þörfum nemenda með því að bjóða þeim ólíkar leiðir til að ná að sömu markmiðum. Nemandi sem hefur áhuga á myndbandagerð getur þannig valið að gera myndband til að koma sinni þekkingu eða hæfni í ákveðnu viðfangsefni til skila, á meðan nemandi sem hefur meiri áhuga á því að tjá sig í rituðu máli getur valið að skrifa ritgerð eða sögu.

> **Stærsti lærdómurinn okkar hefur verið að skilja hversu mikilvægt náið samstarf við væntanlega viðskiptavini og samstarfsaðila er.**

Kennarar hafa aðgang að miðlægu efnis- og verkefnasafni þar sem þeir geta fengið hugmyndir frá öðrum kennurum að ólíkum nálgunum. Þar að auki geta þeir stutt vel við nemendur með íslensku sem annað mál með hjálp vélþýðingar yfir á móðurmál barnsins, boðið nemendum sérstakt stuðningsefni eða aukaefni sem þurfa á því að halda og nýtt kennsluforrit og rafrænt efni til að virkja nemendur sem best.

Hver er helsta áskorunin í rekstrinum um þessar mundir og hvaða tækifæri eru fram undan?
Það sem hefur komið okkur mest á óvart er hvað LearnCove getur gagnast fjölbreyttum hópi. Við þróuðum það upprunalega með þarfir grunnskólabarna í huga, en núna erum við komin á þann stað að kerfið er notað sem grunnur í meðferðarkerfi hjá SÁÁ, fjarþjálfun fyrir sjúkraþjálfara og nýtist vel fyrir framhaldsfræðslu og í starfsþjálfun fyrirtækja. Í því felast mestu tækifærin fyrir okkur en jafnframt stærsta áskorunin. Það mikilvægasta í vaxtarferli eins og við erum í núna er að halda fókusnum á réttum mörkuðum.

Hvernig má efla nýsköpunarumhverfið á Íslandi að þínu mati?
Við Íslendingar erum svo heppnir að búa yfir ótrúlega sterkum hópi frumkvöðla með verðmætar hugmyndir í öllum atvinnugreinum. Það er mikilvægt í nýsköpunarumhverfinu að frumkvöðlar hafi aðgang að fjármagni, frá ríki, sjóðum og einstaklingum, til að brúa bilið frá hugmynd að tekjum á markaði. Stór og metnaðarfull verkefni ná ekki fótfestu án þolinmóðs fjármagns. Hver einasta króna sem fer í slíka sjóði er líkleg til að skila sér margfalt í skatttekjum þegar stórar hugmyndir slá í gegn og verða Marel og CCP framtíðarinnar.

Hugbúnaðurinn okkar, LearnCove, væri ekki á þeim stað sem hann er í dag ef ekki hefðu komið til styrkir frá Tækniþróunarsjóði og fjárfestum sem hafa haft trú á verkefninu frá byrjun. Við erum þeim ótrúlega þakklát fyrir það.

Hver hefur verið mikilvægasti lærdómurinn af því að koma nýsköpunarfyrirtæki á fót?
Stærsti lærdómurinn okkar hefur verið að skilja hversu mikilvægt náið samstarf við væntanlega viðskiptavini og samstarfsaðila er. Algeng mistök hjá nýsköpunarfyrirtækjum eru að fara af stað í þróun á vöru sem ekki er pláss fyrir á markaði. Það er mikilvægt að kortleggja nákvæmlega hvaða kröfur og þarfir varan eða þjónustan á að uppfylla og hafa væntanlega notendur með í ráðum.

Launaþakið

Björn Berg Gunnarsson, deildarstjóri greiningar og fræðslu hjá Íslandsbanka

Samkeppni er erfið ef keppinauturinn er tilbúinn í taprekstur. Slíkt hefur gengið á um langt árabil í enskri knattspyrnu, ekki síst í neðri deildum, og nú hafa forsvarsmenn liðanna í þriðju og fjórðu deild hreinlega gefist upp. Ástæða viðvarandi taprekstrar og stöku gjaldþrota er allt of há laun, en í þriðju efstu deild hefur hlutfall launa af heildartekjum sem dæmi numið vel ríflega 90 prósentum að jafnaði.

Segja mætti að slíkt gangi ekki til lengdar, en merkilegt nokk hefur þetta þótt þó viðgengist, skekkt samkeppnisstöðu liða og hvatt til óhóflegrar áhættutöku. Til að freista þess að ná tökum á rekstri liðanna verður nú gripið til þess ráðs að setja hámark á heildarlaunagreiðslur liða. Leikmannasamtökin mótmæla hástöfum en verði slíkt launaþak innleitt er ljóst að laun gætu lækkað um helming og ríflega það hjá stöku liði. Slíkt eitt og sér ætti að stórbæta afkomu og auka öryggi félaganna á þessum tvísýnu tímum en þar með er ekki öll sagan sögð. Launaþak er vissulega ekki ný hugmynd í íþróttaheiminum en hentar þó væntanlega best þar sem engin tilfærsla er milli deilda og ýmsum öðrum tilburðum er beitt til jöfnunar aðstöðu liða, á borð við nýliðavali. Í þeim tilvikum, svo sem víða í Bandaríkjunum, eru það sameiginlegir hagsmunir eigenda liðanna að rekstur allra sé sem bestur. Í fótboltanum keppir hins vegar hvert og eitt lið að því að komast upp um deild eða forðast fall en fer ekki beint á byrjunarreitinn með öllum hinum við upphaf næsta tímabils. Slíkt eykur freistnivandann komi til launaþaks og hefst þá annað spennandi mót til hliðar við deildarkeppnina, Alberto Tomba bikarinn í því að fara á svig við reglurnar.

> **Verði slíkt launaþak innleitt er ljóst að laun gætu lækkað um helming og ríflega það hjá stöku liði.**

Í norður-amerísku íshokkídeildinni NHL hafa leikmenn jafnvel verið á launaskrá hátt á fimmtugsaldur til að útfæra samninga með löglegum hætti. Undir enska launaþakið eiga kaupaukar, auglýsingar, greiðslur til umboðsmanna og fleira að falla og reynt er að sjá fyrir helstu leiðir fram hjá reglunum en þó svo formlegt þak sé sett á greiðslur er ómögulegt að hemja vilja eigenda knattspyrnufélaga til að útdeila fé sínu eins og þeir vilja. Vilji þeir greiða meira finna þeir sér leið. Ég ætla að veðja á að upp úr krafsinu komi séreignarsparnaðarkerfi knattspyrnumanna, þar sem launagreiðslur ná langt út yfir þann tíma sem viðkomandi reimar á sig takkaskóna, en það verður í það minnsta forvitnilegt að fylgjast með nýsköpuninni sem þessu fylgir.

Skotsilfur

Erfiðar aðstæður

Landsbankinn, sem **Lilja Björk Einarsdóttir** stýrir, stendur að uppbyggingu á nýjum og veglegum höfuðstöðvum. Bankinn gerir ráð fyrir leigja út eða selja frá sér um 6.500 fermetra en í áætlunum er miðað við að það standi að minnsta kosti undir byggingarkostnaði. Það er hins vegar ekkert gefið. Ástandið í miðbænum er ekki gott og víða stendur verslunarhúsnæði tómt. Verð á atvinnuhúsnæði lækkaði um tæp 12 prósent að raunvirði á milli ára á fyrsta ársfjórðungi þessa árs. Í desember 2011 hafði verðið lækkað um 63 prósent frá því að það náði hápunkti vorið 2008. Til að bæta gráu ofan á svart er útlit fyrir holskeflu framboðs af skrifstofuhúsnæði í miðbænum. Niðursveifla stöðvar ekki uppbygginguna enda eru þetta að mestu leyti ríkisframkvæmdir.

Allt breytt

Bankarnir eru að sópa til sín húsnæðislánum. Uppgreiðslur á sjóðsfélagalánum voru meiri en ný útlán lífeyrissjóða í júní en það hefur ekki gerst síðan 2009. Neytendur vilja óverðtryggð lán og finna ekki nægilega góð kjör hjá sjóðunum, nema þá kannski hjá Birtu, sem er stýrt af **Ólafi Sigurðssyni.** Ekki þarf að leita langt aftur í tímann til þess að finna dæmi um orðræðu bankastjóra og annarra haghafa um að bankarnir gætu ómögulega keppt við lífeyrissjóðina í því að bjóða góð kjör á húsnæðislánum. Bankaskatturinn var þeim fjötur um fót. Síðan þá hefur bankaskatturinn lækkað lítillega en velta má fyrir sér hvort skyndileg samkeppnishæfni sé vegna lækkunarinnar eða að bankarnir koma ekki peningum í vinnu með öðrum hætti.

Betri díl?

Fjölmiðlinum Stundina skortir jarðtengingu í skrifum um kaup Festi á Íslenskri orkumiðlun. Gert er tortryggilegt að **Eggert Þór Kristófersson,** forstjóri Festis, hafi unnið fyrir Bjarna Ármannsson, aðaleiganda ÍO, fyrir níu árum. Þá er bent á að Þórður Már Jóhannesson, stjórnarmaður í Festi, og Bjarni séu vinir. Það sem Stundin kýs að líta framhjá er að „innanbúðarmenn Bjarna" í Festi tapa peningum á að kaupa fyrirtæki á yfirverði. Þórður Már er á meðal stærstu hluthafa Festis og illa ígrunduð kaup geta bitnað á bónusi Eggerts og rýrt virði hlutabréfa hans. Misstígi forstjórinn sig gæti það leitt til þess að hluthafar vísi honum á dyr. Allir hluthafar, meðal annars lífeyrissjóðir, samþykktu kaupin á aðalfundi. Spurningin er því: Hvers vegna í ósköpunum ættu vinirnir að gefa Bjarna betri díl en öðrum?

Leiðtogi stjórnarandstöðu Hvíta-Rússlands hafnar úrslitum og fer frá landinu

Svetlana Tikhanovskaya, sem laut í lægra haldi í forsetakosningum í Hvíta-Rússlandi gegn sitjandi forseta, fór frá landinu eftir að hafa hafnað niðurstöðum kosninganna. Mun hún hitta börn sín sem eru í ónefndu Evrópuríki. Alexander Lukashenko, sem hefur verið forseti frá 1994, er kallaður síðasti einræðisherra Evrópu vegna framgöngu sinnar gagnvart andstæðingum. Eiginmaður Svetlönu Tikhanovskaya, Serge Tikhanovsky, hefur setið í fangelsi frá því í maí fyrir að æsa til uppreisnar gegn ríkinu með framboði sínu til höfuðs Lukashenko. MYND/EPA

Varasamur vítahringur

Anna Hrefna Ingimundardóttir, forstöðumaður efnahagssviðs Samtaka atvinnulífsins

Almenn sátt er í samfélaginu um að styðja við þá sem minna hafa milli handanna og eru hjálparþurfi. Velferðarkerfi okkar er í grunninn byggt upp til að aðstoða þann hóp og tilgangur bóta að veita þeim öryggisnet.

Tillögur hafa borist úr ýmsum áttum um hækkun atvinnuleysisbóta og munu slíkar tillögur eflaust verða enn meira áberandi í haust, þegar skammtímaúrræði ríkisstjórnarinnar taka enda og efnahagslægðin dýpkar enn yfir landinu. Hugmyndir um hækkun bótanna er þó nauðsynlegt að skoða í samhengi við aðrar stærðir og með tilliti til þess hver langtímaáhrifin gætu orðið fyrir ríkissjóð og samfélagið allt.

Markmið laga um atvinnuleysistryggingar er að tryggja launafólki eða sjálfstætt starfandi einstaklingum tímabundna fjárhagsaðstoð meðan þeir leita nýrrar vinnu. Gæta þarf jafnvægis þannig að aðstoðin fleyti atvinnulausum í gegnum tímabil atvinnuleitar, án þess að verulegar fjárhagsáhyggjur séu til staðar, en hafi þó ekki letjandi áhrif á atvinnuleit.

Fjöldi rannsókna hefur sýnt að háar bætur í samhengi við laun á vinnumarkaði dragi úr hvata til atvinnuleitar og hafi þannig áhrif til aukins atvinnuleysis með tilheyrandi útgjöldum úr sameiginlegum sjóðum. Einnig hefur verið sýnt fram á að það sé samband milli lengdar bótatímabils og lengdar tímabils atvinnuleysis.

Það er því ekki einungis undir atvinnurekendum komið að skapa störf heldur þarf að vera nægur hvati til staðar fyrir fólk í atvinnuleit til að ganga í þau störf sem í boði eru. Nýleg dæmi innanlands benda til vandamála þessu tengd, en á tilteknum ferðamannastöðum í júlí reyndist þrautin þyngri að fá fólk í vinnu þrátt fyrir mikið atvinnuleysi á svæðinu.

Ráðstöfunartekjur 2019. Kaupmáttarleiðrétt í Bandaríkjadölum.
Barnlaus einstaklingur með 67% af meðaltekjum



Tekjur eftir atvinnumissi
Hlutfall af tekjum fyrir atvinnumissi, hjá barnlausum einstaklingi með 67% af meðaltekjum fyrir atvinnumissi



Atvinnuleysisbætur eru nú þegar háar hérlendis. Ef horft er til tekjulægri einstaklinga (með 67% af meðallaunum) þá er munur á tekjum fyrir og eftir atvinnumissi einn sá minnsti hér á landi borið saman við önnur OECD ríki. Þetta gildir hvort sem horft er til tveggja mánaða eftir atvinnumissi eða tveggja ára.

Hér á landi eru einnig greidd há laun. Sé horft til þeirra tekjulægri, hvort sem um er að ræða hjón eða einstaklinga með eða án barna eru Íslendingar í öllum tilfellum í efsta fjórðungi ríkja OECD þegar kemur að kaupmáttarleiðréttum ráðstöfunartekjum. Með öðrum orðum eru örfá ríki í heiminum sem státa af hærri ráðstöfunartekjum borgaranna en Ísland, jafnvel þó tekið sé sérstakt tillit til þeirra tekjulægri og kaupmáttar. Svo virðist sem náttúrulegt atvinnuleysi hafi aukist hérlendis á undanförnum árum sökum grundvallarbreytinga á uppbyggingu vinnumarkaðarins. Því má eiga von á að jafnvægisatvinnuleysi hér á landi aukist frekar en minnki. Sé ætlunin að hækka bætur enn frekar eða lengja bótatímabil mun atvinnulífið þurfa að standa undir þeim kostnaði í gegnum hærri álögur. Hátt tryggingagjald er nú þegar áhyggjuefni hjá atvinnurekendum þvert á greinar. Frekari hækkun gjaldsins væri til þess fallin að hamla fjölgun starfa, sem vinnur gegn markmiðinu um minna atvinnuleysi.

Skortur á langtímaábyrgð er eitt stærsta vandamál lýðræðisríkja. Oft eru takmarkaðar greiningar gerðar á efnahagslegum afleiðingum stefna sem geta haft veruleg áhrif á allt efnahagslíf þjóðar um ókomna tíð. Hinu fullkomna lánshæfismati þýska ríkisins steðjar ógn af slíkri stefnu, en lífeyrisskuldbindingar þar í landi eru að nær öllu leyti ófjármagnaðar. Núvirði ófjármagnaðra skuldbindinga Bandaríkjanna vegna velferðarkerfa þeirra hleypur á tugum ef ekki hundruðum billjóna dollara. Þetta eru risavaxin vandamál og engar góðar lausnir eru í sjónmáli.

Það er óábyrgt að kalla eftir nýjum loforðum án þess að gerð sé grein fyrir afleiðingum þeirra og kostnaði fyrir skattgreiðendur. Enn óábyrgara er fyrir stjórnmálamenn að láta undan slíku ákalli án þess að ganga úr skugga um að hægt sé að fjármagna loforðin á sjálfbæran hátt. Tekjur ríkissjóðs eru takmarkaðar. Síaukin skattheimta leiðir til stöðnunar í hagkerfinu sem skerðir getu hins opinbera til að standa undir velferðarsamfélaginu til lengdar. Það er varasamur vítahringur.

HAFÐU FJÖLPÓSTINN ÞINN Í FRÉTTABLAÐINU

Það er hvergi betri staður fyrir fjölpóst en inni í Fréttablaðinu.
Auglýsingaefnið lendir á eldhúsborðinu þegar blaðið er opnað!

93.000 Íslendingar lesa Fréttablaðið daglega að meðaltali.*

Kannaðu dreifileiðir og verð í síma 550 5000
eða sendu póst á orn@frettabladid.is.

Útvegum einnig hagstæð verð í prentun.

*Prentmæling Gallup, 12 - 80 ára, okt. - des. 2019.
Mannfjöldatölur Hagstofu Íslands 2019

FRÉTTABLAÐIÐ – MEST LESNA DAGBLAÐ LANDSINS

MARKAÐURINN

FYLGIRIT FRÉTTABLAÐSINS UM VIÐSKIPTI OG FJÁRMÁL | Miðvikudagur 12. ágúst 2020

FRÉTTABLAÐIÐ IS frettabladid.is | Instagram fréttablaðsins @frettabladid

SKOÐUN

Helgi Vífill Júlíusson

Fínasta garg

Einhvern veginn tókst þeim sem iðulega hafa rangt fyrir sér þegar þeir stinga niður penna, að vera samir við sig þegar kom að skrifum um nýlega auglýsingu Íslandsstofu til að laða ferðamenn til landsins.

Auglýsingin, sem var tveggja vikna átaksverkefni, er vel heppnuð. Hún fangar vel tilfinningu fjölda fólks um heim allan, sem hefur verið lokað inni, nánast eins og glæpamenn, svo mánuðum skiptir, vegna aðgerða stjórnvalda til að bregðast við COVID-19. Fjöldi fólks mátti rétt skreppa út úr húsi til að kaupa í matinn, annars varð það að dúsa heima.

Maðurinn er félagsvera og þarf að valsa um og hitta fólk. Spjall í gegnum netið dugar ekki til, þótt það sé ágætis sárabót. Höfundar auglýsingarinnar voru einmitt í þessum sporum, fastir heima við og þurftu á Íslandi að halda, svo vitnað sé í herferðina.

Til að bæta gráu ofan á svart fyrir heilmargar fjölskyldur eru ung börn að fara yfir um af eilífri inniveru og taumlausu sjónvarpsglápi og tölvuleikjaspilun. Flestar íbúðir í stórborgum eru litlar og treysta íbúarnir á lystigarða og kaffihús því það er ekki garður við húsin. Víða eykur sumarhitinn á óþægindin.

Að sjálfsögðu líður flestum illa við þessar aðstæður. Og dauðlangar til að öskra, flækjast um víðerni og finna sálarró, þótt það væri ekki nema í skamman tíma. Auglýsingin talar inn í þennan veruleika.

Hljóðstyrk hátalaranna sem hleyptu öskrunum til okkar var stillt í hóf. Þess vegna fylgdi garginu ekki hljóðmengun og þeir sem kvarta yfir sjónmengun taka sig of hátíðlega. Þetta voru einungis tveir litlir kassar á fáeinum stöðum. Þetta er skemmtileg auglýsing. Erlendir fjölmiðlar virðast vera á sama máli og hafa birt yfir 800 greinar um markaðsátakið.

Það er merkilegt hve margir gagnrýnendur auglýsingarinnar gátu ekki sett sig í fótspor margra annarra Vesturlandabúa. Það tók þó steininn úr þegar Guðmundur Andri Thorsson, þingmaður Samfylkingarinnar og eindreginn Evrópusambandssinni, sagði að auglýsingin hefði verið svo illa heppnuð því auglýsingastofan hefði lítil tengsl við Ísland. Alþjóðasinninn gerðist þjóðernishyggjumaður á augabragði ... vegna auglýsingar sem hitti í mark. Merkilegt að hann skuli treysta útlendingum fyrir lagasetningu hérlendis en ekki til að semja auglýsingar um landið.

Við Íslendingar erum heppnir. Hér er gott að búa og ferðatakmarkanir hafa verið minni en víða annars staðar. Lélegt að láta lítils háttar óp lengst frá mannabyggðum slá sig út af laginu.

Helgi stýrir Verne Global á Íslandi

Helgi Helgason

Helgi Helgason hefur verið ráðinn framkvæmdastjóri gagnavers Verne Global á Íslandi sem staðsett er á Ásbrú í Reykjanesbæ. Helgi mun hafa umsjón með daglegum rekstri, leiða fyrirhugaða stækkun og útvíkkun þjónustuframboðs. Helgi, sem gekk til liðs við Verne Global 2008, segist „spenntur að taka við stöðu framkvæmdastjóra, og taka þátt í því að þróa áfram gagnaver á heimsmælikvarða, þar sem við nýtum sérstöðu Íslands varðandi hreina orku, öruggt rafmagn og hagstæða loftkælingu.“

Fyrr á árinu gekk Verne Global frá hlutafjáraukningu frá hluthöfum og lánsfjármögnun frá Arion upp á 27 milljónir dala, til að auka afkastagetu gagnaversins. Aukin afkastageta mun hjálpa því að anna eftirspurn frá bæði núverandi og mögulegum viðskiptavinum eftir ofurtölvulausnum.

Novator, fjárfestingafélag Björgólfs Thors, hafði forystu um stofnun Verne Global 2007 ásamt General Catalyst. Wellcome Trust, einn stærsti bakhjarl rannsókna í líf- og læknisfræði í heiminum, fjárfesti í gagnaverinu 2010. – **þfh**

09.08.2020

Ég þekki ekki marga sem ætla að fara hringinn í október.

Þórdís Kolbrún R. Gylfadóttir, ráðherra ferðamála.

TAKK LJÓSAVINIR

Þið veitið krabbameinsgreindum ómetanlegan stuðning

ljosid.is



Nafn: Magnea Mist Einarsdóttir

Aldur: 21. fædd 1999

Starf/nám: Var að klára 1. árið í félagsráðgjöf við Háskóla Íslands og ætla núna að taka smá námspásu og fara að vinna.

Hvernig myndir þú lýsa tilfinningunni þegar þú mættir í ljósið: Ég var alveg pínu stressuð því ég hafði síðan ég vissi hvað Ljósið væri haldið að það væri bara eldra fólk sem færi þangað. En það var tekið alveg rosalega vel á móti mér og æðislegt fólk sem starfar þarna. Hjálpaði mér að mæta á námskeið og fleira en hefði verið gaman ef fleiri væru á mínum aldri svo maður gæti kynnst jafnöldrum í sömu sporum. Hvet því alla að fara í ljósið, sama á hvaða aldri maður er!

Hvernig fréttir þú af ljósinu: Minnir að ég hafi frétt af því í gegnum ættingja.

Hver er uppáhalds dagskrárliðurinn þinn í ljósinu: Námskeiðin voru æði sem ég fór á þegar ég kom fyrst í ljósið, annars hef ég verið að mæta í nudd, myndlist og íþróttatíma. Það er svona það helsta.

Nýtti einhver ástvinur sér þjónustu fyrir aðstandendur: Það var enginn ástvinur minn sem gerði það, en ég myndi algerlega hvetja fólk til þess!

Ljósavinir eru ómetanlegur þáttur í starfsemi Ljóssins. Með þínu framlagi geta nú yfir 500 ljósberar eins og **Magnea Mist** notið endurhæfingar og stuðnings í hverjum mánuði. Það er ekkert sem býr mann undir að greinast með krabbamein en með þinni hjálp getum við boðið þeim sem greinast faglega endurhæfingu.
Fyrir það erum við ævinlega þakklát.

Ljósið

Sjóböð voru notuð sem lyf

Á seinni hluta 19. aldar urðu sjóböð í heilsulindum vinsæl læknismeðferð í Noregi. Heimsókn í heilsulindirnar gat hjálpað fólki með ýmsa sjúkdóma en læknarnir vissu samt ekki alveg hvernig.

Oddur Freyr Þorsteinsson
oddurfreyr@frettabladid.is

Seint á 19. öld og snemma á þeirri 20. trúðu norskir læknar því að salt örvaði taugakerfið og kalt vatn hraðaði efnaskiptum. Þeir skikkuðu fólk því í sjóböð til lækninga eins og þeir töldu þörf á. Kristine Lillestøl hefur rannsakað þessa læknisfræði fyrir Óslóarháskóla og fjallað var um fyrirbærið á vefnum Science-Norway.no.

„Sjóbað ætti að vera stutt, yfirleitt bara örfáar mínútur. Eftir baðið á að þurrka sér hratt, klæða sig og svo stunda hreyfingu," skrifaði læknirinn Peter Andreas Munch Mellbye árið 1903. Hann var einn af mörgum norskum læknum frá þessum tíma sem töldu sjóböð virka sem lækningameðferð.

Dr. Ingebrigt Christian Lund Holm gerði lista yfir sjúkdóma sem sjóböð virkuðu gegn árið 1886. Böðin áttu að hjálpa fólki sem var veikburða eftir alvarleg veikindi, með hægvirkt taugakerfi, blóðleysi sem tengdist ekki þyngdartapi, andlega ofreynslu, móðursýki, berkla í eitlum, veika húð, gigt og tilhneigingu til að fá kvef.

En þó að sjóböð ættu að hafa styrkjandi áhrif þurftu sjúklingar að vera í ágætu ásigkomulagi til að þola þau. Þar sem kalda vatnið var talið örva efnaskipti var það ekki talið henta öllum og læknar töldu líka að saltið gæti haft of mikil örvandi áhrif á suma sjúklinga.

Klöppuðu marglyttum

Það er erfitt að segja hversu vel meðferðirnar í þessum heilsulindum virkuðu en svo virðist sem margir sjúklingar hafi náð bata. Læknar höfðu þó mjög takmarkaðar aðferðir til að mæla áhrif meðferða sinna. Engu að síður nýttu þeir þær aðferðir sem þeir höfðu og skráðu vandlega hjá sér ýmsar mælingar.

Í einni af þessum heilsulindum gekk meðferðin út á mun meira en bara sjóböð. Þar var boðið upp á nudd og líkamsrækt og frekar strangt mataræði, þannig að meðferðin snerist að miklu leyti um reglusemi og góða lifnaðarhætti. Læknarnir vissu í rauninni ekki hvað hafði virkað þegar fólk náði bata.

Í heilsulindinni í Sandefjord var boðið upp á meira framandi meðferðir. Þar stundaði fólk að klappa marglyttum, synda í fínkornaðri leðju af hafsbotni og bæði drekka og synda í vatni sem var ríkt af brennisteini. Þessar meðferðir voru hugarfóstur dr. Heinrich Arnold Thaulow sem stofnaði heilsulindina árið 1837 og var frumkvöðull í baðlækningum í Noregi.

Sjóböð njóta enn mikilla vinsælda, en þau eru ekki lengur talin búa yfir jafn miklum lækningamætti eins og áður fyrr. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

Margar heilsulindir voru opnaðar í Noregi á síðari hluta 19. aldar, en samt sem áður vöruðu sumir læknar við hættunni af þessum lækningum og ávíttu foreldra sem leyfðu börnum sínum að synda mikið í sjónum því þau höfðu heyrt að það væri hollt.

Sjóböð, sól eða lífsstíll?

Sjóböð hafa aðra stöðu í dag, þó að fólk sem stundar þau sé sammála um að þau bæti líðan. Lillestøl bendir samt á að sumar meðferðir frá þessum tíma séu enn í notkun og að sjúklingum í Noregi sé boðið upp á meðferðir sem eru svipaðar þeim sem buðust í heilsulindum á þessum tíma.

Fullorðnu fólki með húðsjúkdóminn psoriasis og börnum og ungu fólki með ofnæmisexem er boðið upp á meðferðir í hlýrra loftslagi, segir húðlæknirinn Teresa Løvold Berents, sem stundar rannsóknir við háskólasjúkrahúsið í Ósló. „Þeim er til dæmis boðið upp á þriggja vikna meðferðarferð með strangri dagskrá sem inniheldur sund og sólböð," segir hún. Hollt mataræði, líkamsrækt, menntun og þjálfun eru líka mikilvægir hlutar af meðferðinni.

> **Þar stundaði fólk að klappa marglyttum, synda í fínkornaðri leðju af hafsbotni og bæði drekka og synda í vatni sem var ríkt af brennisteini.**

Það eru til nokkrar norskar rannsóknir sem hafa sýnt að þessar meðferðir bæði hjálpi fólki líkamlega og bæti lífsgæði þeirra. En það er ekki á hreinu hvort sjóböðin sjálf hafi einhver áhrif. Berents bendir á að það gæti vel hafa verið sólin sem hjálpaði fólkinu í heilsulindunum í gamla daga. Það gæti líka einfaldlega verið að góð hvíld, góð næring og heilbrigðir lífshættir hafi verið það sem hjálpaði þessu fólki að öðlast bót meina sinna.

Smáauglýsingar

550 5055
Afgreiðsla smáauglýsinga og sími er opinn alla virka daga frá 9-16
Netfang: smaar@frettabladid.is

Bílar & Farartæki

Nissan Qashqai Diesel 11/2017 ekinn aðeins 45 þ. Km. Sjálfskiptur. Bíll sem er þægilegt að setjast inní. Verð aðeins 3.280.000,-

Þjónusta

Sparibíll ehf
Hátún 6A, 105 Reykjavík
Sími: 577 3344
www.sparibill.is

Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., pianófl. o.fl. Extra stór bíll. Búslóðalyfta. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

Húsaviðhald

LOFTSTOKKAHREINSUNIN
- FYRIRTÆKI
- FJÖLBÝLISHÚS
- SKIP
- VEITINGASTAÐIR

Við hreinsum allar gerðir loftræstikerfa. Hafðu samband og pantaðu fría ástandsskoðun í síma: 557 7000 eða inná www.k2.is

Nudd

NUDD NUDD NUDD
Slökunarnudd í miðbæ Reykjarvíkur. Lausir tímar. Sími 694 7881, Janna.

Rafvirkjun

RAFLAGNIR, DYRASÍMAR.
S. 663 0746.
Bjóðum hagstætt verð í töfluskipti. Straumblik ehf. Löggiltur Rafverktaki. straumblik@gmail.com

Húsnæði

Geymsluhúsnæði

WWW.GEYMSLAEITT.IS
Sérgeymslur á mjög góðum verðum. Frá 2-17 m2. S: 564-6500

GEYMSLUR.IS
SÍMI 555-3464
Geymslur af öllum stærðum. Allt að 20% afsláttur. www.geymslur.is

GEFÐU HÆNU
gjofsemgefur.is
907 2003
Hjálparstarf kirkjunnar

Skipulagsstofnun

Mat á umhverfisáhrifum

Álit Skipulagsstofnunar

Einbúavirkjun í Skjálfandafljóti, Þingeyjasveit

Skipulagsstofnun hefur gefið álit sitt um mat á umhverfisáhrifum samkvæmt lögum nr. 106/2000. Álitið liggur frammi hjá Skipulagsstofnun, Borgartúni 7b, Reykjavík. Álitið og matsskýrslu framkvæmdaraðila er einnig að finna á vef stofnunarinnar **www.skipulag.is.**

Bæjarlind 14-16
201 Kópavogur

TIL LEIGU

199,7 fm verslunar- og skrifstofuhúsnæði á jarðhæð
- Áberandi staðsetning frá götu, góðir gluggar og næg bílastæði.
- Eignin lítur afar vel út og er öll nýtekin í gegn.
- Frábær staðsetning og stærð rýmis hentar vel fyrir veitingarstað, verslun eða aðra þjónustu.
- Eign er laus til afhendingar.

Nánari upplýsingar veitir:
Óskar H. Bjarnasen, lögg. fasteignasali
ohb@miklaborg.is **sími: 691 1931**

MIKLABORG 569 7000 · Lágmúla 4 · miklaborg.is
Óskar R. Harðarson og Jason Guðmundsson, löggiltir fasteignasalar

Suðurlandsbraut 18
108 Reykjavík

TIL LEIGU

Glæsilegt tæplega 400 fm skrifstofuhúsnæði á 5. hæð (efstu) með inndregnum þaksvölum.
- Húsnæðið skiptist í skrifstofur, fundarherbergi og opin vinnurými.
- Bílastæði fylgja og eru að hluta með lokuðu hliði.
- Frábært útsýni
- Laust strax

Nánari upplýsingar veitir:
Þröstur Þórhallsson
lögg. fasteignasali
sími: 897 0634
throstur@miklaborg.is

MIKLABORG 569 7000 · Lágmúla 4 · miklaborg.is
Óskar R. Harðarson og Jason Guðmundsson, löggiltir fasteignasalar

586 1414
stora@stora.is · stora.is
facebook.com/storabilasalan
Kletthálsi 2 · 110 Reykjavík

kaffi á könnunni
opið mán-fös 10-18

2017-2019 Fyrirmyndarfyrirtæki í rekstri
Viðskiptablaðið Keldan

STÓRA BÍLASALAN
...á verði fyrir þig!

FRÉTTABLAÐIÐ

TÍMAMÓT

12. ÁGÚST 2020 MIÐVIKUDAGUR

Merkisatburðir

1755 Eggert Ólafsson og Bjarni Pálsson bora í Laugardal við Reykjavík er þeir rannsaka jarðhita. Það er í fyrsta sinn sem jarðbor er notaður á Íslandi.

1849 Sumir óttast að Krukksspá rætist og Dómkirkjan í Reykjavík sökkvi, er þar standa í fyrsta sinn biskup og níu prestar samtímis skrýddir fyrir altari.

1877 Henry Morton Stanley kemur að ósum Kongófljóts við Boma eftir að hafa ferðast frá upptökum fljótsins við Stóru vötnin í Austur-Afríku.

1904 Prentarar í Reykjavík stofna fyrirtækið Gutenberg til þess að koma á fót nýrri prentsmiðju.

1908 Ford Motor Company setur Ford T á markað.

1942 Bardaginn um Stalíngrad hefst.

1942 Kvikmyndin Iceland er frumsýnd í Bandaríkjunum.

1957 Stöðumælar eru teknir í notkun í Reykjavík. Gjald í þá er ein króna fyrir fimmtán mínútur og tvær krónur fyrir hálftíma.

1975 Alvarlegt tilvik matareitrunar kemur upp í Reykjavík þegar 1.300 þátttakendur á kristilegu stúdentamóti í Laugardalshöll veikjast og verður að flytja yfir fjörutíu þeirra á sjúkrahús.

1979 Krossinn - kristið samfélag, er stofnað á Íslandi.

1981 Tölvan IBM Personal Computer kemur á markað.

1993 Fyrsti íslenski togarinn heldur til veiða í Smugunni í Barentshafi.

†

Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

Gerður Kristín Kristinsdóttir

sem lést þann 5. ágúst síðastliðinn, verður jarðsungin frá Hafnarfjarðarkirkju 14. ágúst kl. 15.
Í ljósi aðstæðna gilda fjöldatakmarkanir við athöfnina, en henni verður streymt fyrir vini á Facebook-síðu Gerðar.

Sigurður Kristjánsson
Sigurborg Kristjánsdóttir
Heiðar Birnir Kristjánsson
Víkingur Kristjánsson
Hlynur Kristjánsson
Júlía Hrönn Kristjánsdóttir
tengdabörn, barnabörn og barnabarnabörn.

†

Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar og afi,

Guðmundur Jónsson

skipstjóri,
Skipalóni 26, Hafnarfirði,

verður jarðsunginn frá Hafnarfjarðarkirkju fimmtudaginn 13. ágúst kl. 13.
Í ljósi aðstæðna verður athöfnin einungis fyrir allra nánustu. Athöfninni verður streymt á slóðinni https://livestream.com/accounts/5108236/events/9251511
Hægt verður að koma saman og horfa á streymið í Sjónarhóli, Kaplakrika.

Ruth Árnadóttir
Jón Örn Guðmundsson **Bríet Jónsdóttir**
Guðrún Guðmundsdóttir **Guðmundur Árni Guðrúnars.**
Daniel Guðmundur Nicholl **Svanhildur Lísa Leifsdóttir**

Til að birta andláts-, útfarar- eða þakkartilkynningar í Fréttablaðinu þarf að senda tölvupóst á **timamot@frettabladid.is** eða hringja í síma 550 5055 .

Arnar leit fram á stóraukin lífsgæði þegar hann tók við torfæruhjólastólnum af Lionsfólki. MYND/JÓN HALLDÓR JÓNASSON

Nú hlakka ég eiginlega bara til að fá snjóinn

Seyðfirðingurinn Arnar Klemensson býr við lömun en hafði alltaf mikla löngun til að komast út fyrir bæinn af sjálfsdáðum. Hann datt í lukkupottinn þegar félagar í Lionsklúbbi Seyðisfjarðar afhentu honum torfæruhjólastól nýverið. Síðan stoppar hann varla.

„Þetta er geggjað og gefur mér færi á að þræða hinar ýmsu leiðir utan þéttbýlisins. Ég er svo mikill náttúrukarl og fannst alveg glatað að komast ekki út fyrir götur bæjarins," segir Seyðfirðingurinn Arnar Klemensson um þá byltingu sem varð á hans högum nýlega þegar Lionsfólk færði honum torfæruhjólastól. Austurfrétt sagði frá.

Arnar kveðst hafa fæðst með klofinn hrygg. „Þannig að ég hef verið lamaður alla mína tíð – hunds og kattar. Er fæddur hér á Seyðisfirði og uppalinn en fór suður og var þar meira og minna í þrjátíu ár. Svo missti ég vinnuna í bænum og var konulaus, barnlaus og húslaus svo ég ákvað að fara heim aftur. Hér fékk ég þak yfir höfuðið og líka vinnu. Er við gæslu í ferjunni og skemmtiferðaskipunum, en þau eru ekkert á ferðinni í sumar. Ferjan kemur bara einu sinni í viku yfir sumarið en fjölgar ferðum upp í tvær á viku þegar vetraráætlunin dettur inn. Ég fer ekki um borð en er nánast alls staðar annars staðar, bæði úti og inni. Eftirlit mitt felst í að athuga hvort fólk sé með passa, þegar það er að smella sér inn í ferjuna, horfa í myndavélar og fleira."

Yrði marga daga yfir heiðina

Þó að Seyðisfjörður sé fremur þröngur segir Arnar hann bjóða upp á mikla möguleika fyrir sig til skemmtiferða eftir að aðstæður hans breyttust. Kemst hann kannski yfir Fjarðarheiði á hjólinu? „Nei, það fer bara á átta kílómetra hraða, ekki séns ég mundi nenna því, ég yrði marga daga!" svarar hann hlæjandi.

> **Ég verð ekki fastur á þessu, eins og hinu. Það var nóg að það væri spáð snjó, þá komst ég ekkert á skutlunni.**

Hingað til kveðst Arnar hafa farið ferða sinn á gamalli skutlu og rekur aðdraganda þess að hann eignaðist torfæruhjólastólinn: „Einn daginn síðasta vetur festi ég mig, sem oftar, á skutlunni og kom illa pirraður heim eftir langa mæðu. Fór í tölvuna, gúglaði fjórhóladrifna skutlu og setti mynd í djóki á fésbók og sagði: „Væri ekki karlinn flottur á þessu?" eða eitthvað álíka. Þá bara fór allt í gang. Seyðfirsk kona sem býr í Reykjavík byrjaði að safna á fésbók og fólk fór að leggja inn á hana hægri, vinstri. Þannig gekk í hálfan mánuð, þá tók Lions hér við keflinu. Sjálfsbjörg styrkti verkefnið, bæjarbúar, vinir og vandamenn. Ótrúlega fallegt dæmi."

Nú stoppar Arnar ekki, að eigin sögn. „Ég er ekki að grínast. Að komast ekkert út fyrir veg, það var alveg pína. Ég á líka hund sem þarf að hreyfa. Nú kemst ég um ótal slóða en ég fer ekki út í náttúruna til að spóla og eyðileggja, þó hjólið sé á ruddadekkjum og fjórhjóladrifið. Ég verð ekki fastur á þessu, eins og hinu. Það var nóg að það væri spáð snjó, þá komst ég ekkert á skutlunni. Ég hlakka eiginlega bara til að fá snjóinn í haust. Svo er allt á þessu hjóli. Lions lét stækka dekkin, breyta batteríum og setja spil. Þá get ég dregið bílana þegar þeir festast í vetur! Ég segi svona!"

Gleymir stundum símanum

Spurður hvort auðvelt sé fyrir hann að koma sér fyrir á nýja farartækinu svarar Arnar: „Já, einu sinni var ég samt næstum dottinn á hausinn en náði að grípa í einhvern fjandann."

Þú ert náttúrlega alltaf með síma á þér? „Skooo, stundum gleymi ég honum. Oftast þegar ég hef verið fastur eða batterískaus hefur hann óvart verið heima."

Ertu ekki með öryggishnapp heldur? „Nei, það hef ég aldrei verið. Hef ekkert við svoleiðis að gera."

Inntur eftir aldri kveðst Arnar vera 49 ára og bætir við hress: „Það er talað um að fólk eflist oft um fimmtugt. Það eru 25 mínútur í það hjá mér!"

gun@frettabladid.is

HITTU OKKUR Á FACEBOOK / REKKJAN

ÚTSALA

20-70%

AFSLÁTTUR

MÖGNUÐ TILBOÐ

VERÐDÆMI

GRACE 160 CM RÚM

ÚTSÖLUVERÐ

72.220

VERÐ ÁÐUR 106.340

INNIFALIÐ Í VERÐI DÝNA BOTN OG FÆTUR

VERÐDÆMI

AVIANA 160X200CM RÚM

ÚTSÖLUVERÐ

127.168

VERÐ ÁÐUR 187.780

INNIFALIÐ Í VERÐI DÝNA BOTN OG FÆTUR

VERÐDÆMI

ALPINE PILLOWTOP 183X213 CM RÚM

ÚTSÖLUVERÐ

222.166

VERÐ ÁÐUR 375.572

INNIFALIÐ Í VERÐI DÝNA BOTN OG FÆTUR

SKIPTI OG SÝNINGARRÚM

20-70%

AFSLÁTTUR

MIKIÐ ÚRVAL GERÐU FRÁBÆR KAUP

Rekkjan Heilsurúm | Ármúla 44 108 Reykjavík | 588-1955 | rekkjan@rekkjan.is | rekkjan.is

rekkjan HEILSURÚM

VEÐUR, MYNDASÖGUR & ÞRAUTIR

Miðvikudagur

Reykjavík	Ísafjörður	Akureyri
11 °C | 4 ↗	8 °C | 9 ↗	16 °C | 2 ↑
Egilsstaðir	**Kirkjubæjarkl**	**Hveravellir**
14 °C | 4 ↓	16 °C | 3 ↘	8 °C | 6 ↑

Vestlæg eða breytileg átt 3-8 í dag, skýjað með köflum og sums staðar dálitlir skúrir. Vaxandi sunnanátt seinnipartinn og fer að rigna á vestanverðu landinu. Hiti 10 til 17 stig.

Fimmtudagur

Reykjavík	Ísafjörður	Akureyri
11 °C | 7 ↑	10 °C | 15 ↗	15 °C | 4 ↑
Egilsstaðir	**Kirkjubæjarkl**	**Hveravellir**
22 °C | 5 ↑	12 °C | 5 ↗	7 °C | 14 ↑

Föstudagur

Reykjavík	Ísafjörður	Akureyri
13 °C | 3 ↑	10 °C | 6 ↑	15 °C | 4 ↑
Egilsstaðir	**Kirkjubæjarkl**	**Hveravellir**
18 °C | 2 ↑	12 °C | 3 ↑	9 °C | 8 ↑

LÉTT

				6	3		7	4
	1	5			9	8		
		3		4				
5						6	8	3
	8			1			2	
7			2				5	
8	4		1	9			6	
9			4					
		6			2			7

MIÐLUNGS

		8				4		
9			2					
1	2			6	7			9
	5				3	9		4
			5	2		1		3
6								
2	3			7		5		
4	6						1	7
							4	

ÞUNG

				3	9	5	7	1
				1			3	
			6					
	4		9	6				
		6						2
		5			2	4		
		4	3			1	5	
		9		7				
8	3	2			1			

6	2	8	5	7	9	3	4	1
3	1	9	4	2	8	6	7	5
7	4	5	3	6	1	8	9	2
8	6	3	1	9	4	5	2	7
9	5	2	8	3	7	1	6	4
1	7	4	2	5	6	9	8	3
2	8	1	6	4	3	7	5	9
4	9	6	7	1	5	2	3	8
5	3	7	9	8	2	4	1	6

6	7	1	3	5	2	4	8	9
2	3	8	9	4	6	1	5	7
9	4	5	7	8	1	6	2	3
1	6	4	2	9	7	5	3	8
3	8	9	4	1	5	7	6	2
5	2	7	6	3	8	9	1	4
8	9	3	5	6	4	2	7	1
4	5	2	1	7	3	8	9	6
7	1	6	8	2	9	3	4	5

7	3	2	8	9	5	4	1	6
8	4	6	1	2	7	5	3	9
9	5	1	3	4	6	7	8	2
1	6	7	5	3	4	9	2	8
3	8	4	2	1	9	6	5	7
2	9	5	6	7	8	1	4	3
6	7	8	4	5	3	2	9	1
4	1	9	7	8	2	3	6	5
5	2	3	9	6	1	8	7	4

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni. Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

Krossgáta

LÁRÉTT
1. dedúa
5. starf
6. í röð
8. síga
10. átt
11. reifar
12. bölvanlega
13. stífa
15. sjávardýr
17. þusa

LÓÐRÉTT
1. kaupsýsla
2. tigna
3. dvelja
4. kk nafn
7. álandsvindur
9. ávarp
12. kjökra
14. skír
16. mynni



LÁRÉTT: 1 bauka, 5 iðn, 6 gh, 8 slakna, 10 na, 11 vaf, 12 verr, 13 stoð, 15 sæljón, 17 rausa.
LÓÐRÉTT: 1 bisness, 2 aðla, 3 una, 4 agnar, 7 hafræna, 9 kveðju, 12 vola, 14 tær, 16 ós.

Skák

Gunnar Björnsson

Van Wely átti leik gegn van der Wiel í Brussel árið 1993.

1...g5! 2. fxg5 Hxh6 3. gxh6 Hh5 4. h7 Kf4! 0-1.
Magnús Carlsen jafnaði metin gegn Ding Liren í öðru einvígi þeirra í lokamóti mótasyrpu Magnúsar. Hikaru Nakamura byrjar vel gegn Daniil Dubov. Ólympíumótið í netskák hefst á föstudaginn.

www.skak.is: Mótasyrpa Magnúsar.

Svartur á leik

Pondus

Eftir Frode Øverli

Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman

Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



Tónverk sem líkja má við falinn fjársjóð munu hljóma á tónleikum í Fríkirkjunni í Reykjavík á morgun

Úr glatkistunni er yfirskrift hádegistónleika í Fríkirkjunni í Reykjavík á morgun. Flytjendur eru Anna Hugadóttir víóluleikari og Lilja Eggertsdóttir píanóleikari sem kynntust í Tónskóla Sigursveins á unglingsárum og hafa, að eigin sögn, oft leikið saman síðan, bæði sem dúó og með öðrum.

„Við ætlum að beina athyglinni að sjaldheyrðum verkum fyrir víólu og hljómborðshljóðfæri, sem segja má að hafi fundist fyrir tilviljanir. Sum voru týnd í áratugi, jafnvel um aldir, áður en þau heyrðust fyrst á tónleikum og það er bæði skemmtilegt og spennandi að grafa þau upp," segir Anna og nefnir sónötu eftir hinn þýska Georg Philipp Telemann sem hún segir hafa verið týnda í 200 ár en hafa fundist á British Museum árið 1948. Einnig vögguvísu eftir enska tónskáldið og víóluleikarann Rebecca Clarke. „Clarke á eitt af mögnuðustu verkum víólubókmenntanna. Vögguvísan er æskuverk hjá henni og ber skýr höfundareinkenni hennar."

Þriðja verkið sem Anna tilgreinir úr dagskránni er Sonatine eftir hollenska tónskáldið Hendrik Andriessen sem sonum hans barst í pósti þremur árum eftir dauða hans 1981.

Lilja og Anna ætla að flytja faldar perlur. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

„Sónatínan er í einum þætti og tónskáldið leikur sér að öllu litrófi víólunnar."

Þá er aðeins eitt tónskáld ónefnt sem við sögu kemur í Fríkirkjunni í hádeginu á morgun, það er hinn tékkneski Frantisek Koczwara sem á sónötukafla í upphafi tónleikanna.

„Það eru til svo mörg verk sem eiga sannarlega skilið að fá að heyrast en hafa verið falinn fjársjóður," segir Anna og tekur fram að tónleikarnir hefjist klukkan 12 á morgun, þeir taki um hálfa klukkustund og að ekki sé tekið við greiðslukortum við innganginn. **– gun**

Guðlaug og Ragnar fást við listsköpun á hverjum degi í föndurstofunni sinni. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

Klæddu bækur í lopapeysu

Logandi bækur, blómamyndir og dúkristur eru meðal muna í Listasal Mosfellsbæjar á sýningunni Bók – list og leikur.

Gunnþóra Gunnarsdóttir
gun@frettabladid.is

Hjónin Guðlaug Friðriksdóttir og Ragnar Gylfi Einarsson sýna nú fjölbreytt verk í Listasal Mosfellsbæjar. Aðspurð segir Guðlaug þau yfirleitt fást við listsköpun á hverjum degi. „Það gefur lífinu gildi að hafa eitthvað fyrir stafni og þetta er svo skemmtilegt sem við erum að gera. Ragnar er mest í bókbandinu en ég hef snúið mér meira að málverkinu." Hún kveðst aðallega nota olíuliti og þá beint úr túpunum. „Mér er svo illa við aukaefni svo ég blanda ekki mikið."

Ragnar er af þriðju kynslóð bókbindara og með áhugann í genunum, að sögn Guðlaugar. „Helgi Tryggvason, afi Ragnars, var fagurkeri í bókbandi og Einar sonur hans tók við keflinu, hann var aðalkennari bókbands í Iðnskólanum í mörg ár. Ég dreif mig í nám hjá honum rúmlega fertug og lauk sveinsprófi. Við Ragnar rákum bókbandsstofu en erum komin á aldur," segir hún. „Þetta kallast hobbí hjá okkur í dag."

Þau hjón hafa keppt í bókbandi erlendis og Guðlaug segir þau hjálpast að þegar þau undirbúi slíkar ferðir. „Við höfum komist inn í heiðursflokk og lent í að vinna en þetta er harður heimur, Japanir og Bretar eru svo flinkir," segir hún. Viðurkennir þó að þeir skreyti ekki bækur sínar með íslenskum lopapeysum eins og þeim hjónum hugkvæmdist að gera í vor þegar gömul peysa endaði utan á nokkrum bókum.

Til Rómar nefnist þetta nýstárlega verk úr höndum bókbindaranna.

Þessum bókum ætti ekki að verða kalt þó að þorrinn sýni klærnar.

Hér sést óvenjulegur frágangur á fjárlögum íslenska ríkisins.

DAGSKRÁ

Miðvikudagur

HRINGBRAUT

20.00 Undir yfirborðið Ásdís Olsen fjallar hispurslaust um mennskuna, tilgang lífsins og leitina að hamingjunni og varpar ljósi á allt sem er falið og fordæmt.
20.30 Viðskipti með Jóni G. Í viðskiptaþættinum með Jóni G. Haukssyni er rýnt í verslun og viðskipti landsmanna með aðstoð sérfræðinga og stjórnenda atvinnulífsins.
21.00 21 - Fréttaþáttur á miðvikudegi er upplýsandi umræðu- og fréttaskýringaþáttur undir stjórn þeirra Lindu Blöndal og Sigmundar Ernis með áherslu á innlendar og erlendar fréttir, þjóðmál, menningu og lífsreynslu.
21.30 Eldhugar. Sería 1 Í þættinum fara Pétur Einarsson og viðmælendur hans út á jaðar hreysti, hreyfingar og áskorana lífsins.

RÚV SJÓNVARP

13.00 Spaugstofan 2003-2004
13.30 Velkomin til framtíðar
14.00 Upplýsingafundur Almannavarna
14.35 Gettu betur 2009. Menntaskólinn í Reykjavík og Menntaskólinn við Hamrahlíð
16.25 Poppkorn 1987
17.00 Nýja afríska eldhúsið - Gana
17.30 Hinseginleikinn
17.45 Landvarðalíf. Fjallabak & göngustígar
17.50 Táknmálsfréttir
18.00 KrakkaRÚV
18.01 Letibjörn og læmingjarnir
18.07 Kúlugúbbarnir
18.30 Hæ Sámur
18.37 Rán og Sævar
18.48 Minnsti maður í heimi
18.54 Vikinglotto
19.00 Fréttir
19.25 Íþróttir
19.30 Veður
19.35 Sumarlandinn
19.40 Með okkar augum Tíunda þáttaröð þessara margverðlaunuðu þátta sem vakið hafa athygli fyrir nýstárleg efnistök. Fólk með þroskahömlun vinnur þættina með fagfólki í sjónvarpsgerð og miðlar þannig fjölbreytileika íslensks samfélags. Dagskrárgerð: Elín Sveinsdóttir.
20.10 Baráttan við veiruna: Leitin að bóluefni. Race Against the Virus: The Hunt for a Vaccine Heimildaþáttur um útbreiðslu COVID-19 um heimsbyggðina út frá sjónarhóli vísindamanna og heilbrigðisstarfsfólks í fremstu víglínu. Rætt er við Söruh Gilbert prófessor um kapphlaupið í leit að bóluefni.
21.00 Versalir. Versailles
22.00 Tíufréttir
22.15 Veður
22.20 Meyer á Manhattan. Meyers madeventyr på Manhattan Dönsk heimildamynd um matreiðslufrömuðinn Claus Meyer, sem er talinn vera einn af upphafsmönnum nýja, norræna eldhússins. Meyer er fylgt eftir þegar hann flyst til New York og undirbýr opnun nýs veitingastaðar á Grand Central-lestarstöðinni á Manhattan.
23.20 Dagskrárlok

GOLFSTÖÐIN

09.00 PGA Highlights 2020
09.55 European tour 2020
14.25 LPGA Tour 2020 Útsending frá Marathon LPGA Classic.
17.25 PGA Tour 2020
23.25 European Tour 2020 - Highlights Hápunktarnir frá Evrópumótaröðinni.

SJÓNVARP SÍMANS

06.00 Síminn + Spotify
11.30 Dr. Phil
12.15 The Late Late Show
13.00 90210
13.45 The Unicorn
14.10 The Block
16.00 Survivor
16.50 The King of Queens
17.10 Everybody Loves Raymond
17.35 Dr. Phil
18.20 The Late Late Show
19.05 The Good Place
19.30 American Housewife Katie er ósköp venjuleg, hress og ákveðin húsmóðir sem reynir að láta hlutina ganga upp í fínu hverfi þar sem allar mæðurnar eru fullkomnar.
20.00 The Block
21.00 Transplant
21.50 Girlfriend's Guide to Divorce
22.35 Love Island
23.30 The Late Late Show
00.15 Hawaii Five-0
01.00 Blue Bloods
01.45 Get Shorty
02.40 Mr. Robot
03.25 Síminn + Spotify

RÚV RÁS EITT

06.45 Morgunbæn og orð dagsins
06.50 Morgunvaktin
07.00 Fréttir
07.30 Fréttayfirlit
08.00 Morgunfréttir
08.30 Fréttayfirlit
09.00 Fréttir
09.05 Segðu mér
09.45 Morgunleikfimi
10.00 Fréttir
10.03 Veðurfregnir
10.13 Á reki með KK
11.00 Fréttir
11.03 Sumarmál. Fyrri hluti
12.00 Fréttir
12.02 Hádegisútvarp
12.20 Hádegisfréttir
12.40 Veðurfregnir
12.50 Dánarfregnir
12.55 Sumarmál. Seinni hluti
14.00 Fréttir
14.03 Ljósufjöll Annar þáttur
15.00 Fréttir
15.03 Samtal
16.00 Síðdegisfréttir
16.05 Millispil
17.00 Fréttir
17.03 Tengivagninn
18.00 Spegillinn
18.30 Útvarp KrakkaRÚV Menningarheimurinn - Fuglar.
18.50 Veðurfregnir
18.53 Dánarfregnir
19.00 Sumartónleikar Meiringen tónlistarhátíðin í Sviss.
20.30 Á reki með KK
21.30 Kvöldsagan. Sjálfstætt fólk (15 af 49).
22.00 Fréttir
22.05 Veðurfregnir
22.10 Sumarmál. Fyrri hluti
23.05 Sumarmál. Seinni hluti
00.00 Fréttir
00.05 Næturútvarp Rásar 1

STÖÐ 2 BÍÓ

11.05 Now Add Honey
12.40 Ingrid Goes West
14.15 Lego Movie 2. The Second Part
16.00 Now Add Honey
17.35 Lego Movie 2. The Second Part
19.20 Ingrid Goes West
21.00 Tully
22.30 Adrift
00.05 The Exception
01.50 Tully

STÖÐ 2

08.00 Heimsókn
08.15 Grey's Anatomy
09.05 Bold and the Beautiful
09.25 Gilmore Girls
10.05 Hálendisvaktin
10.30 Mom
10.55 Masterchef USA
11.30 Brother vs. Brother
12.10 Fresh off the Boat
12.35 Nágrannar
12.55 Bomban
13.40 GYM
14.05 Grand Designs. Australia
14.55 Gulli Byggir
15.40 Lóa Pind. Örir Íslendingar
16.25 All Rise
17.05 The Middle
17.25 Bold and the Beautiful
17.50 Nágrannar
18.26 Veður
18.30 Fréttir Stöðvar 2
18.48 Sportpakkinn
18.55 Þær tvær
18.55 Víkinglottó
19.15 First Dates
20.05 Drew's Honeymoon House
20.55 The Bold Type
21.35 Absentia
22.20 Cherish the Day
23.05 Sex and the City
23.35 NCIS. New Orleans
00.15 Deep Water
01.05 Deep Water
01.50 Deep Water
02.40 Temple
03.20 Temple
04.05 Ballers

STÖÐ 2 FJÖLSKYLDA

08.00 Barnaefni
20.00 Friends
20.25 Friends
20.50 The Middle
21.15 Krypton
21.55 Watchmen
22.55 High Maintenance
23.25 Góðir landsmenn
23.55 Friends
00.20 Friends
00.45 The Middle

STÖÐ 2 SPORT

07.00 ÍBV - Selfoss Útsending frá leik í Pepsi Max-deild kvenna.
08.45 Fylkir - Breiðablik Útsending frá leik í Pepsi Max-deild kvenna.
10.25 Pepsi Max Mörkin
11.25 KA - ÍBV Útsending frá leik í Mjólkurbikar karla.
13.45 Mjólkurbikarmörkin
15.05 Linköping - Kristianstad
16.55 Rosengård - Linköping Bein útsending frá leik í sænsku úrvalsdeildinni.
19.00 Pepsi Max Mörkin Helena Ólafsdóttir ásamt sérfræðingum Stöðvar 2 Sports fara yfir síðustu leiki í Pepsi Max-deild kvenna auk þess sem rætt er vítt og breitt um knattspyrnu kvenna.
20.00 FH - Víkingur R. Bikarúrslitaleikur karla 2019.
21.50 Rosengård - Linköping
23.30 Pepsi Max Stúkan

STÖÐ 2 SPORT 2

11.45 Valencia - Atalanta
13.25 PSG - Borussia Dortmund
15.05 Wolves - Sevilla
16.45 Shaktar Donetsk - Basel
18.30 Meistaradeildin - upphitun
18.50 Atalanta - PSG Bein útsending frá leik í 8 liða úrslitum Meistaradeildar Evrópu.
21.00 Meistaradeildarmörkin
21.30 Manchester United - FCK
23.10 Inter Milan - Bayer Leverkusen

ÚTVARP

FM 88,5 XA-Radíó
FM 89,5 Retro
FM 90,1 Rás 2
FM 90,9 Gullbylgjan
FM 93,5 Rás 1
FM 95,7 FM957
FM 96,3 FM Suðurland
FM 96,7 Létt Bylgjan
FM 97,7 X-ið
FM 98,9 Bylgjan
FM 99,4 Útvarp Saga
FM 100,5 K100
FM 102,9 Lindin

OPIÐ 24/7

Kvikk: Dalvegi, Suðurfelli, Vesturlandsvegi og Fitjum

Lykillinn margborgar sig á Kvikk stöðvunum*

Þú nálgast lykilinn í verslunum Kvikk eða á Orkan.is

Sbarro tilboð á Vesturlandsvegi
Sneið + drykkur
690 kr.

Frítt á könnunni
Ókeypis kaffi og kakó

Pylsupartí
Pylsa + ½ lítri af gosi að eigin vali frá Ölgerðinni
499 kr.

Red Bull
Orkudrykkir
199 kr.

*Gildir eingöngu gegn framvísun Orkulykils/-korts. Tilboðin gilda til 31. ágúst 2020.

Kvikk ON THE GO
ORKAN

FJÖRÐUR

ÚTSÖLULOK
GÖTUMARKAÐUR

Forsætisráðherra Bretlands, Boris Johnson, greindist með vírusinn alveg í lok mars. Hann þurfti svo að liggja í þrjá daga á gjörgæslu í aprílmánuði.

Upphaflega stóð til að Andrea Bocelli héldi tónleika á landinu þann 23. maí. Tónleikunum var frestað til 3. október og verður þá að koma í ljós hvort af þeim verður. Bocelli smitaðist sjálfur af vírusnum í mars en hélt því leyndu.

Leikarinn Antonio Banderas smitaðist nú fyrir stuttu á Spáni þar sem hann fagnaði 39 ára afmæli kærustu sinnar. Þar gengur nú önnur bylgja veirunnar yfir.

Kanye West fullyrðir að hann hafi smitast af vírusnum í febrúar og þá upplifað mikinn hita, hroll og skjálfta. Ekki er staðfest hvort hann hafi yfirleitt farið í skimun.

Hafa greinst með vírusinn

Tom Hanks tilkynnti í mars að hann hefði smitast af kórónavírusnum. Fleiri heimsþekktir einstaklingar hafa smitast í kjölfarið. Hér eru dæmi um nokkra sem hafa deilt greiningu sinni og reynslu af vírusnum.

Heimsfaraldurinn hefur farið miserfiðlega í fólk en allir ættu þó að geta viðurkennt að ástandið hefur haft mikil áhrif á heimsmyndina. Þegar COVID-19 fór fyrir alvöru að gera vart við sig í febrúar var það fjarlæg hugmynd að veiran myndi mögulega hafa þau áhrif sem hún hefur haft. Það er hugrakkt skref að deila greiningunni með öðrum og þá sér í lagi til að létta af þeirri skömm sem margir segjast hafa upplifað eftir smit. Hér eru nokkur dæmi um heimsþekkta einstaklinga sem smituðust. **steingerdur@frettabladid.is**

Alyssa Milano sagði frá því á dögunum að henni hefði ítrekað verið neitað um skimun þegar hún veiktist. Í blóðprufu kom svo í ljós að hún hafði fengið vírusinn.



Söngkonan Pink smitaðist ásamt syni sínum. Hún segir það hafa verið eina sína erfiðustu lífsreynslu og að hún sé enn að glíma við vandamál tengd COVID-19.

Tom Hanks og Rita Wilson voru stödd í Ástralíu við upptökur þegar þau tilkynntu það 12. mars að þau hefðu smitast af vírusnum. Þau upplifðu víst nokkuð ólík einkenni og finna enn fyrir þreytu og einbeitingarleysi.



Leikarinn Bryan Cranston greindi frá því í lok júlí að hann hefði fengið COVID-19 þrátt fyrir að hafa verið í sjálfskipaðri sóttkví. Hann fékk mild einkenni.

Skráðu þig í sumarfrí!

mán.	þri.	mið.	fim.	fös.	lau.	sun.
		1	2	3	4	5
6	7	8	9	10	11	12
13	14	15	16	17	18	19
20	21	22	23	24	25	26
27	28	29	30	31		

26 kr. afsláttur og glæsilegir vinningar

Veldu þínar 4 vikur og tankaðu með **26 kr. afslætti** á 62 stöðvum, vítt og breitt um landið með Orkulyklinum! Þú gætir líka unnið **gistinótt** á Icelandair hóteli eða **50.000 kr. eldsneytisinneign**. Dregið vikulega.

Orkan – Ódýrasti hringurinn.

ORKAN

Gildir með Orkulyklum og -kortum á öllum stöðvum Orkunnar nema á Dalvegi og Reykjavíkurvegi, til 31. ágúst 2020.

Samdi plötu út frá dagbókarfærslum

Söng- og leikkonan **Elín Hall** gaf út plötuna Með öðrum orðum í júlí. Textana byggði hún á dagbókarfærslum frá unglingsárunum. Textar Elínar eru persónulegir en hún óttaðist um stund að fáir næðu að tengja við plötuna.

Platan Með öðrum orðum er ellefu laga breiðskífa frá tónlistar- og leikkonunni Elínu Hall sem kom út í júlí. Textar laganna eru innblásnir af dagbókarfærslum Elínar frá því hún var í framhaldsskóla.

„Ég fór að safna hljóðupptökum af sjálfri mér að tala í stað þess að skrifa þegar ég var þrettán ára. Mér finnst dýrmætt að eiga þetta í dag svona langt aftur. Það hefur hjálpað mér mikið við lagasmíðar. Mér finnst ég nánast eiga tímavél á flakkara," segir Elín.

Hún segir það þó misauðvelt að fara í gegnum færslur og sumt sem hún vilji heldur muna en annað.

„En það er gott að geta minnt sig á að lífið er fullt af samblandi af lit og leiða. Ég held að platan endurspegli það á náttúrulegan hátt, þar er allt róf tilfinninga."

Elín Hall, sem stundar nám í leiklist við LHÍ, þótti vinna mikinn leiksigur á sínum tíma fyrir hlutverk sitt í kvikmyndinni Lof mér að falla. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Týnd eins og aðrir

Til þess að ramma inn þetta dagbókarform ákvað hún að hefja plötuna á nokkurs konar formála.

„Þar klippti ég saman gamlar dagbókarfærslur frá sjálfri mér og endar formálinn á orðum frá 16 ára mér: „Ég gerði eiginlega ekkert í vetrarfríinu, nema ég ákvað að ég ætla örugglega að taka þátt í Söngvakeppni Sjónvarpsins - Ég veit ekkert hvað ég er að gera við líf mitt". Á þeim orðum hefst svo platan. Mér fannst þau skemmtileg því að þau lýstu á svo einlægan hátt sköpunarferlinu fyrir mér. Ég var bara týnd eins og aðrir á framhaldsskólaárunum að reyna að finna tilgang og leið til þess að túlka minn eigin veruleika," segir Elín.

Platan er fyrsta sólóplata Elínar.

„Lögin spruttu upp úr mér í gegnum unglingsárin en ég hafði ekki hugsað mér að gefa neitt þeirra út endilega. Ég áttaði mig samt fljótlega á því að ég ætti erfitt með að halda áfram að semja og fá hugmyndir þegar mér fannst ekkert fullklárað. Loks réðst ég í það að taka plötuna upp. Við tókum flesta grunna upp síðasta sumar og restina tók ég upp smátt og smátt í vetur. Ég var mjög bjartsýn á að geta rumpað þessu af á meðan ég byrjaði fyrsta árið í leiklistarskólanum," segir hún.

Það reyndist svo aðeins meira krefjandi en hún hafði gert ráð fyrir.

„Þegar COVID skall á sá ég sóknarfæri og við sem unnum að plötunni settum upp lítið hljóðver inni í stofu og kláruðum þetta loksins. Slagverksleikarinn sendi heimaupptökur úr sóttkví, samskipti voru að mestu í gegnum fjarfundi og ég sprittaði gítarinn minn í fyrsta sinn," segir Elín.

> **ÞAÐ FALLEGA VIÐ TÓNLISTINA ER AÐ ÞEGAR MAÐUR VARPAR SPEGLINUM HEIÐARLEGA AÐ SJÁLFUM SÉR VIRÐAST AÐRIR GETA SPEGLAÐ SIG LÍKA.**

Hafði gott af ferlinu

Lög Elínar eru mjög einlæg og persónuleg, finnst henni ekkert erfitt vera svona opin í lagagerðinni?

„Ég held að fyrir mig þá skipti höfuðmáli að hafa frá einhverju að segja, eða að hafa áhrif á hlustandann. Þar er mín köllun í listsköpun almennt. Ég held að það sé ekki nauðsynlegt að vera persónulegur en kannski er það góður staður til að byrja á. Í hreinskilni þá reyndist þetta mér mjög erfitt ferli en ég hafði gott af því," segir hún.

Á tímabili þegar platan var nánast tilbúin segist Elín hafa fengið efasemdir um að aðrir myndu ná að tengja við hana.

„Ég hafði áhyggjur af því að listhneigð mín væri frekar einhverskonar geðheilsuröskun og ég væri kannski bara ein um að upplifa þetta tilfinningaróf.

Ég er fegin að ég kláraði þetta samt og ég róaðist fljótt eftir að heyra frá fólki sem tengdi við það sem ég skrifaði. Ég held að þegar þú heldur á afurð mikillar sjálfsrannsóknar sé eðlilegt að vera stressaður. En það fallega við tónlistina er að þegar maður varpar speglinum heiðarlega að sjálfum sér virðast aðrir geta speglað sig líka."

Gerir ábreiðu af lagi Páls Óskars

Elín segist hafa náð að spila aðeins þann tíma sem leið á milli samkomubanna.

„Það gaf mér mikla orku til að halda áfram. Ég spilaði með bandinu mínu á svona COVID-vænu lifandi streymi. Ég íhugaði að halda gúmmíhönskunum í atriðinu en engum að óvörum þá virkar það ekki þegar maður handleikur gítar."

Til stóð að halda útgáfutónleika á Kaffi Flóru í ágúst.

„Nú virðist það ekki öruggasta tímasetningin. Ég verð þess vegna því miður að fresta þeim um stund. Kannski væri hægt að reyna að halda fjarlægðarmörkum og fjöldatakmörkunum en ég vil frekar halda tónleikana þegar fólki líður þægilegar og betur, bæði að mæta og að spila. Það verður vonandi sem fyrst."

Núna vinnur Elín að sinni eigin útgáfu af poppslagara frá Páli Óskari.

„Ég hef alltaf verið mikill Pallaaðdáandi og þykir vænt um tónlistina hans. Það má því búast við Palla-ábreiðu frá mér á næstunni. Ég er líka að vinna í fullt af tónlist og langar mikið að fá að vinna með öðrum," segir hún.

Plötuna Með öðrum orðum er hægt að nálgast á öllum helstu streymisveitum og Spotify.

steingerdur@frettabladid.is

ENN HOLLARI OLÍA

það byrjar allt með fjórum fræjum

Lesieur

iSio 4

OMEGA 3 & 6
+ D- & E-VÍTAMÍN
NAUÐSYNLEGAR FYRIR LÍKAMANN

ISIO 4 FÆRIR ÞÉR MIKILVÆG NÆRINGAREFNI

FRÉTTABLAÐIÐ

550 5000

RITSTJÓRN ritstjorn@frettabladid.is

AUGLÝSINGADEILD auglysingar@frettabladid.is

PRENTUN Torg ehf.

DREIFING Póstdreifing ehf. dreifing@postdreifing.is

BÓKAMARKAÐUR
ÁRMÚLA 42
Opið kl. 11-18, mán.-lau. Mikið úrval!
Bókakaffið

BAKÞANKAR

Davíðs Þorlákssonar

Er maður kona?

Það hefur margt áunnist í baráttu fyrir réttlátara samfélagi, ekki síst þegar kemur að réttindum hinsegin fólks annars vegar og kvenna hins vegar. Búið er að mestu að útrýma lagalegum hindrunum. Hugtakanotkun veldur þó enn stundum núningi.

Það hlýtur að vera sárt að vera kallaður eitthvað annað en maður er. Á sama tíma hefur maður skilning á að erfitt geti verið að hætta að nota orð sem maður er alinn upp við að nota. Sum gera þó í því að nota hugtök um fólk þvert gegn vilja þeirra sem um er rætt. Þannig var ég lengi framan af harður á því að konur væru menn.

Það var gaman að horfa á endursýningar RÚV á þáttunum Svona fólk í tilefni Hinsegin daga í síðustu viku. Þar var meðal annars rifjað upp hvernig RÚV talaði um kynvillinga í stað homma og lesbía lengi með þeim fyrirslætti að það væri betri íslenska. Ýmsir, sem tilheyrðu ekki hóp homma og lesbía, höfðu sterkar skoðanir á því hvað skyldi kalla svona fólk.

Er nokkur munur á því og hvernig sum þumbast við að tala um menn þegar allt eins væri hægt að tala um fólk? Þegar talað er um þá þótt ljóst sé að verið sé að tala um hóp sem inniheldur ekki bara karla? Að kalla konu karl því hún fæddist með kynfæri karls? Að kalla einhverja sem vill láta kalla sig blaðakonu, blaðamann? Er ekki bara eðlilegast og sjálfsögð kurteisi að kalla fólk það sem það vill vera kallað?

Fyrir svanga ferðalanga

Kvikk ON THE GO | ORKAN

STJÖRNU POPP/OSTAPOPP 90/100 G
249 KR/STK
2490/2767 KR/KG

Kvikk ON THE GO | ORKAN

Sumarið er þitt
með Símanum

Tækin sem mýkja lendinguna eftir ævintýri sumarsins, koma þér léttilega á milli staða og hita alla fjölskylduna upp fyrir rútínu fást í verslunum Símans og á **siminn.is**

5% afsláttur ef keypt er í Síminn PAY appinu

MacBook Air/Pro 13" (2020)
Verð frá 219.990 kr.
Léttkaup 19.729 kr./mán.*
MacBook Air og MacBook Pro hafa fyrir löngu sannað sig sem áreiðanlegar og þægilegar tölvur fyrir hvers kyns heimavinnu eða heimahangs.
* 19.729 kr./mán. í 12 mán. ÁHK: 15.54% Alls: 236.750 kr.

Samsung Galaxy Book
Verð frá 214.990 kr.
Léttkaup 19.298 kr./mán.*
Vörulínan Samsung Galaxy Book spannar mikla breidd – frá hinni laufléttu S upp í Ion, sem fæst með 13 eða 15 tommu skjá, og loks er það flaggskipið Flex.
* 19.298 kr./mán. í 12 mán. ÁHK: 15.74% Alls: 231.575 kr.

Kaupauki að andvirði 29.990 kr.
Galaxy Buds+ fylgja í ágúst

Flottir fyrstu símar

Nokia 3310 og Nokia 2.3
Verð frá 9.990 kr.
Umfram allt einfaldir og endingargóðir símar. Fáðu **Krakkakort á 0 kr.*** og búðu barnið undir skólabyrjun.

Samsung Galaxy S20
Verð frá 159.990 kr.
Léttkaup 14.554 kr./mán.*
Nældu þér í einn úr S20-línunni – S20, S20+ eða S20 Ultra – og fáðu gæðaheyrnartól sem kaupauka.
* 14.554 kr./mán. í 12 mán.
ÁHK: 18.87% Alls: 174.650 kr.

Xioami og Xioami Pro rafhlaupahjól
Verð frá 59.990 kr.
Léttkaup 10.753 kr./mán.*
Gæðarafhlaupahjól sem koma þér frá AC til DC og úrval af aukahlutum.
* 10.870 kr./mán. í 6 mán.
ÁHK: 37.75% Alls: 65.222 kr.

Pay Léttkaup
Léttu þér kaupin með Síminn PAY appinu og dreifðu greiðslum í allt að 36 mánuði.

10% afsláttur ef keypt er í Síminn PAY appinu

siminn.is

* Krakkakort með endalausu tali og 1 GB á 0 kr. fylgir völdum farsímaleiðum.

Með fyrirvara um villur og verðbreytingar. Gildir meðan birgðir endast.